**HARPA STEFÁNSDÓTTIR**

*Fylltist smáborgaralegri hræðslu í NY*

á ferðinni • árshátíð

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



**FERMINGAR**

*Sparnaðarráð, ferðir og ólíkar athafnir*

Sérblað um fermingar

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**






# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

10. mars 2010 — 58. tölublað — 10. árgangur | **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** | Sími: 512 5000

# Ögmundur aftur ráðherra

**Allt bendir til að Ögmundur Jónasson setjist á nýjan leik í ríkisstjórnina. Innan stjórnarflokkanna er talið að það muni styrkja stjórnina. Ögmundur sagði að sér hefði verið vísað á dyr í fyrrahaust.**

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin stendur veikari eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna á laugardag og þarf að eflast eigi hún að geta tekist á við mörg brýn og aðkallandi verkefni. Augljósasta og jafnframt besta leiðin til að styrkja stjórnina er að Ögmundur Jónasson verði ráðherra á ný. Líklegast verður það samhliða öðrum breytingum.

Þetta er álit nokkurra viðmælenda Fréttablaðsins í þingliðum Samfylkingarinnar og VG. Herma heimildir að áform um endurkomu Ögmundar séu í smíðum og að hann muni að líkindum setjast í stjórnina fljótlega eftir páska. Þingmenn Samfylkingarinnar sem rætt var við sögðu að ríkisstjórnin væri í raun þriggja flokka stjórn. Það væri ófært og liður í að sameina þingflokk VG væri að gera Ögmund að ráðherra.

Í „órólegu deildinni“ í VG er sagt að það skjóti skökku við, fyrir utan allt annað, að vinstri maðurinn Ögmundur Jónasson standi utan vinstri stjórnarinnar.

Samkvæmt heimildum blaðsins hefur Ögmundur sjálfur ekki þrýst á um endurkomu í ríkisstjórn; þeirri kröfu sé haldið á lofti af nánu samstarfsfólki hans í stjórnmálum. Ekki er frágengið hvaða aðrar breytingar verða á ríkisstjórninni. Óvíst er hvort hann sest aftur í sinn gamla stól í heilbrigðisráðuneytinu, en hann mun hafa hug á því. Alveg eins líklegt er að frekari breytingar verði og jafnvel stólaskipti. Þá er sú leið nefnd að utanþingsráðherrarnir víki og Ögmundur komi inn ásamt einhverjum frá Samfylkingunni. Þá er allt eins líklegt að verkefnaskrá stjórnarinnar verði tekin til endurskoðunar.

Ögmundur Jónasson varð heilbrigðisráðherra í minnihlutastjórninni sem tók við völdum 1. febrúar í fyrra en sagði af sér embætti 30. september.

Var það vegna óánægju með þróun Icesave-málsins og afarkosta, sem hann sagði að sér væru settir. Leit hann svo á að hann hefði verið rekinn. „Mér finnst ég ekki vera heppilegur kandídat að tala fyrir hönd ríkisstjórnar sem nýverið hefur vísað mér á dyr,“ sagði Ögmundur við Fréttablaðið eftir að hann hafði fáum dögum eftir afsögn hafnað því að tala í þingumræðum um stefnuræðu forsætisráðherra.

**- bþs, kóp** **/ sjá síðu 12**




**MÓTMÆLA SAMNINGSLEYSI** Lögreglumenn létu í sér heyra þegar samninganefnd þeirra gekk á fund ríkissáttasemjara í gær. Með því vildu lögreglumenn mótmæla því að kjarasamningar þeirra skuli ekki vera í höfn.

FRÉTTABLAÐIÐ PJETUR

Arnar Geir Ómarsson:

## Hlé frá rokkinu vegna gigtar

**FÓLK** Einn færasti trommari landsins, Arnar Geir Ómarsson, þarf að taka sér hlé frá rokkinu vegna psoriasisgigtar sem hefur plagað hann í mörg ár. Hann hefur þó síður en svo hætt trommuleik og er þessa dagana að taka upp plötu með hljómsveitinni Apparat Organ Quartet. Arnar, sem er á batavegi, þykir einn höggþyngsti trommari landsins.



**ARNAR GEIR ÓMARSSON**

Hann vakti fyrst athygli í þungarokkssveitinni Ham og á síðasta ári spilaði hann vítt og breitt um landið með hljómsveitinni Egó. Talið er að um 10 til 30 prósent þeirra sem greinast með psoriasis fái psoriasis-gigt, flestir á aldrinum 30 til 50 ára.

**- fb** **/ sjá síðu 26**

Grímseyingar kjósa um gæludýrabann en Hríseyingar segja fulla sátt hjá sér:

## Kettirnir þrír í Hrísey bara út í bandi

**GRÍMSEY** Grímseyingar munu samhliða sveitarstjórnarkosningunum í vor kjósa um hvort bann við hunda- og kattahaldi eigi áfram að gilda í eynni. Slíkt bann hefur verið í Grímsey en eftir að sveitarfélagið sameinaðist Akureyri, þar sem aðrar reglur gilda, þótti nauðsynlegt að ganga sérstaklega til atkvæða um þetta mál í eynni.

Til stóð að hafa sams konar atkvæðagreiðslu í Hrísey, sem einnig hefur verið sameinuð Akureyri, en hverfisráðið þar sagði það óþarft því fullkomin sátt væri þar um málið.

„Hér eru bara þrír kettir og þeir fara aldrei út nema í bandi,“ útskýrir Linda María Ásgeirsdóttir, formaður hverfisráðsins, sem kveður Hríseyinga einfaldlega líta svo á að þar gildi sömu reglur og í öðrum hverfum Akureyrar. Samstaða sé meðal íbúa í Hrísey um að taka sérstakt tillit til ríkulegs fuglalífs í eynni.

**- gar**

## MIÐVIKUDAGUR

**Þykir hafa leitt ungviðið til árangurs**

Össur Geirsson útnefndur Eldhugi bæjarins.



**TÍMAMÓT 16**

**Í fótspor Superman**



Hera Björk undirbýr Eurovisionför með rope yoga.

**FÓLK 26**

**Engin ríkisábyrgð?**

„Þvert á móti var 100% ríkisábyrgð komið á allar innstæður hér á landi“, skrifar Guðni Th. Jóhannesson.

**Í DAG 14**

**Arsenal og Bayern áfram**



Nicklas Bendtner skoraði þrennu þegar Arsenal komst í átta liða úrslit Meistaradeildarinnar.

**ÍÞRÓTTIR 23**

## VEÐRIÐ Í DAG




**MILT Í VEÐRI** Í dag verða suðvestan 3-10 m/s. Dálítil rigning eða súld sunnan- og vestantil en bjart eystra. Hiti 2-10 stig.

**VEÐUR 4**









**SPURNING DAGSINS**



*Haukur, er Græni hatturinn nokkuð á hausnum?*

„Já, en ég verð að taka hann ofan bráðlega.“

Framtíð skemmtistaðarins Græna hattsins á Akureyri er óljós eftir að leigusamningi við staðinn var sagt upp. Haukur Tryggvason er veitingamaður á Græna hattinum.

Fyrrum eigendur Samsonar segja lán frá Búnaðarbankanum vegna kaupa á Landsbankanum löngu greitt:

# Ekki verið að innheimta Búnaðarbankalánið

**FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI** „Lán sem Samson fékk frá Búnaðarbanka Íslands hf. vegna kaupa á Landsbanka Íslands hf. var greitt að fullu ásamt áföllnum vöxtum á gjalddaga í apríl árið 2005 eða fyrir nærri fimm árum,“ segir í yfirlýsingu frá fyrrum eigendum hins gjaldþrota Samsonar eignarhaldsfélags.

Sagt hefur verið í fjölmiðlum að lán sem Samson fékk frá Búnaðarbankanum vegna kaupa á tæplega 46 prósenta hlut í Landsbankanum á árinu 2003 sé enn ógreitt. Lánasamningurinn var 48,3 milljónir bandaríkjadala. „Þvert á yfirlýsingar fyrrum bankastjóra Búnaðarbankans þá voru engar sjálfskuldarábyrgðir gefnar vegna þessa láns,“ segir í yfirlýsingu Samson-manna.

Fyrir hlutinn í Landsbankanum segjast Samson-menn alls hafa greitt 139 milljónir bandaríkjadala og fullnaðaruppgjör við ríkið vegna kaupanna hafi verið á árinu 2003. Hins vegar hafi Samson átt í frekari lánaviðskiptum við Kaupþing eftir sameiningu þess og Búnaðarbankans. Meðal annars hafi Samson fengið 3,8 milljarða að láni á árinu 2007 með tryggingum í hlutabréfum félagsins auk sjálfskuldarábyrgðar. Hluti hafi verið greiddur á gjalddaga í desember 2007 og þá gerður nýr samningur um eftirstöðvarnar. Gjalddagi þess láns hafi verið í desember 2008.

„Áður en sá dagur rann upp, eða í október sama ár, hafði ríkið yfirtekið hlut Samsonar í Landsbankanum,“ segja Samsonarmenn. „Það er af þessu seinni tíma láni sem Kaupþing, - nú Arion banki, hefur krafið ábyrgðaraðila um greiðslur og er það alveg óskylt kaupum á hlutabréfum í Landsbankanum.“

Yfirlýsingin í heild er á Vísi.is. **- gar**



**EIGENDUR SAMSON** Keyptu nærri helmings hlut í Landsbankanum árið 2003.

Litháíska mansalsmálið:

## Þrjár konur í sérstakri vernd

**DÓMSMÁL Þrjár konur sem tengjast litháíska mansalsmálinu hafa notið sérstakrar verndar lögreglunnar vegna hættu sem þeim er talin stafa af tengslum sínum við málið. Í dómi Héraðsdóms Reykjaness yfir fimm Litháum kemur fram að greiningardeild ríkislögreglustjóra taldið öryggi kvennanna þriggja ógnað. Ein þeirra er litháíska stúlkan sem kom nauðug til landsins.**

**Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á Suðurnesjum, segist ekki geta upplýst um þjóðerni kvennanna eða þátt þeirra í málinu.**

**Spurð að því hvort konurnar hafi notið vitnaverndar segir hún slíkt ekki eiga sér lagastoð hérlendis. „En það er hins vegar spurning hvort hægt er að gera ráðstafanir sem eru í þá átt,“ bendir lögreglustjórinn á.** **- gar**

Arion dregur úr umsvifum:

## Þrjú útibú verði eitt á Bíldshöfða

**FJÁRMÁLASTARFSEMI** Arion banki kynnti starfsmönnum þriggja útibúa sinna í gær ákvörðun um að útibúin yrðu sameinuð í eitt útibú í Húsgagnahöllinni við Bíldshöfða. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins verður þó ekki af sameiningu útibúanna á Suðurlandsbraut, í Árbæ og í Grafarvogi fyrr en næsta haust.

Endurskipulagningin er langt komin en ekki var gefið uppi á fundi í höfuðstöðvum Arion í gær hver mynda stýra nýja útibúinu. Áður höfðu útibú bankans í Mjódd og Hamraborg í Kópavogi verið sameinuð í Turninum í Kópavogi. Búast má við tilkynningu til allra starfsmanna Arion um þessa breytingu í dag. **- gar**

# Brá þegar ferlíkið birtist úr djúpinu

**Sigurði Oddssyni á Lukku ÍS 357 frá Suðureyri varð hverft við þegar hann varð var við risastóran hákarl á línunni hjá sér í Nesdýpi. Þetta er annar hákarlinn sem Sigurður fær á línu frá áramótum. Fengurinn verður til reiðu fyrir næsta þorrablót.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Línubáturinn Lukka ÍS 357 frá Suðureyri kom með heldur óvenjulegan afla að landi á mánudag, 680 kílóa þungan hákarl sem var tæpir fimm metrar á lengd og rúmir tveir metrar að ummáli. Stærstir verða hákarlar sjö metra langir og um tonn að þyngd. Báturinn er 60 tonna, ellefu metrar að lengd. Hákarlinn slagaði því vel upp í hálfa bátslengdina.

Hákarlinn hafði flækt sig í línuna hjá Sigurði Oddssyni sem gerir út Lukku ÍS í Nesdýpi og var með lífsmarki þegar að var komið. Sigurður, sem er einn í áhöfn, segist hafa brugðið á það ráð að koma tóg í sporðinn á hákarlinum og kveður hann hafa drepist fljótt þegar hann var dreginn aftur á bak.

„En jú, manni bregður aðeins við að sjá þetta koma upp úr djúpinu,“ viðurkennir Sigurður. Hann segist hins vegar hafa áttað sig á því um leið hvers kyns var því í janúar kom það líka fyrir að hákarl flækti sig í línunni hjá honum. „Sá var reyndar helmingi minni, en núna vissi maður að minnsta kosti hvernig best var að bera sig að.“

Þótt Sigurður hafi nú í annað sinn á tiltölulega skömmum tíma veitt hákarl á línu segir hann fenginn óvenjulegan. „Í það minnsta eru þetta fyrstu tveir hákarlarnir sem ég fæ.“

Sigurður segir búbót að fengnum þótt misjafnt sé hvað greitt sé fyrir hákarl. „Maður er að fá einhvern sextíukall fyrir kílóið, bara svona eins og hann kemur fyrir,“ segir hann ánægður með túrinn, en fyrir vestan gantast menn með að annar eins afli hafi þar tæpast fengist á einn línubala. „Ég var kominn með um 300 kíló á balann og þá kom hann í restina á balann, þannig að það er gott tonn á balann og ekkert oft sem það er.“

Fyrstu fregnir af hákarlinum birtust á vefnum www.sudureyri.blog.is en þar kemur fram að hákarlinn verði skorinn og verkaður á næstu dögum og verði tilbúinn fyrir næsta þorrablót að ári. **olikr@frettabladid.is**



**HÁKARLINUM LANDAÐ** Stemning myndaðist niðri við höfn þegar hákarlinum var landað, eða honum slefað á land, enda hafði ekki verið nokkur leið að koma honum um borð í bátinn vegna stærðarinnar. MYND/RÓBERT SCHMIDT



**MEÐ FENGINN** Sigurður Oddsson skipstjóri stillir sér upp við hákarlinn. MYND/RÓBERT SCHMIDT



**STOPP** Útlit er fyrir fjögurra stunda langt verkfall flugumferðarstjóra fyrir hádegi í dag.

Flugumferðarstjórar í hart:

## Flug stöðvast fram að hádegi

**SAMGÖNGUR** Samningafundi Félags íslenskra flugumferðarstjóra með viðsemjendum var slitið rétt fyrir klukkan sjö í gærkvöld án niðurstöðu. Að því er kemur fram á Vísi.is er þannig ljóst að fjögurra tíma verkfall verður í byrjun dagsins í dag eins og boðað hafði verið.

Þetta þýðir að allt flug, bæði millilandaflug og innanlandsflug, fellur niður til klukkan ellefu fyrir hádegi. Flugfarþegar eru hvattir til að fylgjast með þróun mála í frétta- og upplýsingaveitum í ljósvakamiðlum og á netinu. **- gar**

Ný sundlaug á Blönduósi:

## Þrjár pólskar rennibrautir

**BLÖNDUÓS Þrjár vatnsrennibrautir verða í nýrri sundlaug á Blönduósi. Þetta var ákveðið á nýjasta fundi framkvæmdahóps um byggingu sundlaugarinnar.**

**Þar var ákveðið að ganga til viðræðna við Sporttækni um kaup á rennibrautunum þremur, sem framleiddar verða af pólska fyrirtækinu Mazur. Tvær rennibrautanna verða stórar og ein mjög lítil.**

**Á fundinum var einnig rætt um útfærslu á klórmælingum. Til stendur að klórinn verði framleiddur í sundlauginni í stað þess að hann verði fluttur tilbúinn á staðinn.** **- sh**




Ísraelar heimila byggingu hundraða nýrra íbúða í Austur-Jerúsalem:

# Biden bjartsýnn á viðræður

**ÍSRAEL, AP** Joe Biden, varaforseti Bandaríkjanna, sagði í gær að nú væri komið tækifæri fyrir Ísraela og Palestínumenn að semja um frið. Hann hafði þó ekki fyrr sleppt orðinu en ísraelsk stjórnvöld samþykktu að reistar verði 500 íbúðir í Austur-Jerúsalem, þvert ofan í andstöðu Palestínumanna.

Palestínumenn gera kröfu til þess að austurhluti Jerúsalemborgar verði höfuðborg sjálfstæðrar Palestínu. Allar byggingaframkvæmdir Ísraela þar eru til þess fallnar að torvelda samninga um slíkt.

Biden hélt á mánudag til Ísraels, hitti þar Shimon Peres forseta og Benjamin Netanjahú forsætisráðherra í gær. Hann ætlar einnig að hitta Mahmoud Abbas, forseta Palestínustjórnar, áður en hann heldur heim á ný á morgun.

Friðarviðræður Ísraela og Palestínumanna hafa legið niðri í fjórtán mánuði, en þær hefjast nú á ný með milligöngu Bandaríkjamanna án þess þó að fulltrúar deiluaðilanna hittist.

Viðræður Bidens við ísraelska ráðamenn snerust þó að stórum hluta um Íran, en Ísraelar hafa miklar áhyggjur af hugsanlegum kjarnorkuáformum Írana.



**JOE BIDEN** Varaforseti Bandaríkjanna á göngu um grafreit í Jerúsalem. NORDICPHOTOS/AFP

Á fundi sínum með Netanjahú fullvissaði Biden Ísraela um að Bandaríkjamenn myndu aldrei leyfa Írönum að koma sér upp kjarnorkuvopnum. **- gb**


NJÓTTU ÞESS AÐ VERA AÐ HEIMAN
Fólk er sjaldnast heima hjá sér þegar innbrot á sér stað. Með Heimavörn Securitas er heimilið verndað allan sólarhringinn, allt árið um kring.
Hafðu samband í síma 580 7000 og fáðu heimsókn frá öryggisráðgjafa.
Nánari upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu okkar, www.securitas.is.
SECURITAS
HEIMAVÖRN

**GENGIÐ 09.03.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,82 | 128,44 |
| Sterlingspund | 191,12 | 192,04 |
| Evra | 173,48 | 174,46 |
| Dönsk króna | 23,310 | 23,446 |
| Norsk króna | 21,530 | 21,656 |
| Sænsk króna | 17,840 | 17,944 |
| Japanskt jen | 1,4237 | 1,4321 |
| SDR | 195,30 | 196,46 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
229,3005

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vilhjálmur Egilsson segir mikilvægt að fjármagnsmarkaðir opnist sem fyrst:

# Aðgangur að lánsfé hangir á Icesave

**EFNAHAGSMÁL** Það þarf að meta kostnaðinn sem hlýst af töfum á því að samið sé um Icesave. Hann getur verið mikill, segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Hvetur hann þá er að málinu koma til að nálgast verkefnið af ábyrgð og með alla hagsmuni í huga.

Vilhjálmur segir að lausn Icesave-málsins hafi mikið að segja um aðgang að fjármagnsmörkuðum í útlöndum. Aðgangur ríkissjóðs og einstakra fyrirtækja að lánsfé sé nauðsynlegur, bæði vegna atvinnusköpunar en ekki síður vegna mikillar endurfjármögnunarþarfar ríkisins og orkufyrirtækjanna á næsta og þarnæsta ári.


VILHJÁLMUR EGILSSON

„Það verður að vera búið að koma þessum málum í lag. Aðgangur að erlendu lánsfé er langur ferill og þetta þarf að vera í lagi þegar við þurfum á peningunum að halda. Þetta er ekki eins og að kveikja og slökkva ljós,“ segir Vilhjálmur.

Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, sagði í Fréttablaðinu í síðustu viku að ef aðgangur ríkisins að erlendum lánsfjármörkuðum haldist lokaður þurfi að smíða nýja efnahagsáætlun. Í henni myndi líklega felast enn frekari lækkun þjóðarútgjalda til að afla gjaldeyris. Það sé unnt að gera með lækkun gengis krónunnar, skattahækkunum eða niðurskurði ríkisútgjalda. - bþs

Loðnuvertíð HB Granda lokið:

# Allur aflinn fór til hrognatöku

**SJÁVARÚTVEGUR** Loðnuveiðum skipa HB Granda á vertíðinni lauk í gær með samtals um 4.900 tonna afla en þar af fara 3.100 tonn til hrognatöku og vinnslu á Akranesi og 1.800 tonn fara til sams konar vinnslu á Vopnafirði.

Að sögn Vilhjálms Vilhjálmssonar deildarstjóra var loðnukvótinn 20.500 tonn. Með því að skipuleggja veiðarnar var hægt að nýta allan loðnukvóta félagsins til hrognatöku og frystingar á hrognum fyrir markaði í Japan og Austur-Evrópu. - shá


**MÓTMÆLI** Benedikt Lund og Þórir Rúnar Geirsson lögreglumenn sögðu fá úrræði í stöðunni. FRETTABLADID/PJETUR

Fjölmenn mótmæli í gær:

# Lögreglumenn segjast hunsaðir

**LÖGGÆSLA** Lögreglumenn fjölmenntu að húsakynnum ríkissáttasemjara í gær þegar fundur samninganefndar ríkisins og Landssambands lögreglumanna hófst. Fyrir fundinn sagði Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, við Fréttablaðið að þolinmæði þeirra væri þrotin.

„Mér skilst að það sé ekkert tilboð í gangi,“ sagði Benedikt Lind rannsóknarlögreglumaður. „Við eigum sannast sagt fá úrræði önnur en að sýna óánægju okkar með þessu móti.“ - jss

Fundur með Bucheit:

# Fundum verður haldið áfram

**EFNAHAGSMÁL Leiðtogar stjórnar og stjórnarandstöðu fóru í gær yfir stöðu mála á fundi í Stjórnarráðshúsinu með Lee Buchheit, formanni samninganefndar í Icesave-málinu.**

**Stefnt er að því að halda fundum við Breta og Hollendinga áfram en engin dagsetning mun vera komin á hvenær framhald gæti orðið á þeim viðræðum.**

# Fleiri sækja í menningu en íþróttaleiki

**Fleiri sækja listviðburði en íþróttaviðburði, samkvæmt nýrri könnun um menningarneyslu á Íslandi. Konur eru duglegri en karlar að sækja menningarviðburði. Stór hópur les ekki bækur og fimmtungur skrifar blogg og pistla á Netið.**

**MENNING** Fleiri sækja menningarviðburði en íþróttaviðburði og fleiri sækjast eftir umfjöllun um menningu og listir en íþróttir í fjölmiðlum. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands á menningarneyslu Íslendinga. Niðurstöður hennar voru kynntar í Þjóðminjasafni Íslands í gær.

Andrea Dofradóttir kynnti skýrsluna fyrir hönd Félagsvísindastofnunar. Könnunin var framkvæmd haustið 2009. Þátttakendur voru spurðir um þátttöku í mismundandi tegundum menningarviðburða síðastliðna tólf mánuði. Þeir voru einnig spurðir eftir hverju þeir sæktust helst í fjölmiðlum.

Eins og sjá má af töflunni til hliðar fóru flestir svarendur í bíó en yfir helmingur mætti einnig á aðra menningarviðburði. Tæp 38 prósent mættu á íþróttaviðburði, en þeir voru aftur á móti duglegri að mæta. Hlutfall þeirra sem sóttu íþróttaviðburð oftar en þrisvar á árinu var 68 prósent; aðeins í hópi kvikmyndahúsagesta var hlutfallið hærra.

Fleiri konur en karlar sækja leikhús, tónleika og listasöfn en í kvikmyndahúsum, á söguslóðum og menningarhátíðum er munurinn innan skekkjumarka. Hlutfallslega fleiri karlar en konur sækja hins vegar íþróttaviðburði, 48 prósent á móti 29.

Athygli vekur að átján prósent svarenda höfðu ekki lesið bók sér til ánægju á árinu. Hæst var hlutfallið í hópi ungmenna á aldrinum 18 til 29 ára, 30,2 prósent, en í hópi karla sem ekki höfðu lesið bók var hlutfallið litlu lægra, 27 prósent. Rúm 35 prósent svarenda fóru aldrei á bókasafn á árinu. Rétt rúmur fimmtungur svarenda fékkst hins vegar við skriftir á Netið, til dæmis á bloggi eða öðrum heimasíðum.

Úrtak könnunar var 1200 manns á aldrinum 18 til 75 ára. Alls tóku 695 þátt.

bergsteinn@frettabladid.is




Ákærur á hendur ráðherrum:

# Frestur rennur út í lok ársins

**ALÞINGI Frestur til að sækja ráðherra til saka vegna vanrækslu í aðdraganda bankahrunsins rennur út í lok þessa árs, að mati Helga Magnúss Gíslasonar, saksóknara efnahagsbrota og formanns Ákærendafélags Íslands.**

**Hafi ráðherra bakað almenningi tjón með vanrækslu í starfi skal hann dæmdur til refsingar samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð, en Alþingi þarf að samþykkja ályktun um málshöfðun gegn einstökum ráðherrum. - þþ**


**FOTINI PAPADOPOULOS** Ekkja forsetans fyrrverandi ræddi við fjölmiðla. NORDICPHOTOS/AFP

Líkfundur á Kýpur:

# Lík fyrrverandi forseta fundið

**KÝPUR, AP** Líkið af Tassos Papadopoulos, fyrrverandi forseta Kýpur, fannst á mánudag í grunnri gröf í kirkjugarði í úthverfi höfuðborgarinnar Nikosíu.

Líkinu var stolið úr öðrum kirkjugarði þann 11. desember síðastliðinn, þegar ár var liðið frá því hann lést úr lungnakrabbameini.

Rannsóknir á erfðaefni líksins staðfestu að það er af Papadopoulos. Ekki er vitað hvers vegna líkinu var stolið.

Líkið fannst eftir að nafnlaus ábending hafði borist lögreglu. - gb


**Söngskólinn í Reykjavík**

# SÖNGLEIKJADEILD

**- inntökupróf fara fram 11. mars 2010**



**Fyrir nemendur á framhaldsskólaaldri**

Síðasta námskeið vetrarins hefst 15. mars.

Áhersla lögð á þjálfun þríþættra hæfileika söngleikja-listamanna: SÖNG * DANS * LEIKLIST

Vorönn lýkur með tónleikum og sýningu.

**Söngskólinn í Reykjavík**
Snorrabraut 54, 105 Reykjavík
Sími 552 7366, www.songskolinn.is


## VEÐURSPÁ


Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**ÚRKOMULÍTIÐ Á MORGUN** Það verður áfram hægur vindur og milt á landinu og því lítið hægt að kvarta yfir veðrinu en á morgun dregur úr vætunni og léttir smám saman til um sunnanvert landið. Það kólnar lítillega norðantil á morgun en á föstudag hlýnar á ný.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 12° |
| Basel | 2° |
| Berlín | 6° |
| Billund | 3° |
| Frankfurt | 5° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 9° |
| Mallorca | 16° |
| New York | 14° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 2° |
| París | 8° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 2° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*




*Flug aðra leiðina með sköttum. Fyrir flug aðra leiðina til London fást 375 til 4.000 Vildarpunktar.

**KJÖRKASSINN**



*Viltu að álverið í Straumsvík verði stækkað?*

| | |
|---|---|
| Já | 58,6% |
| Nei | 41,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Eiga Litháarnir í mansalsmálinu að afplána fangelsisdóma sína í heimalandi sínu?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Meirihluti Álftnesinga er hlynntur sameiningu við annað sveitarfélag:

# Flestir vilja sameinast Garðabæ

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Þrír fjórðu Álftnesinga vilja sameinast öðru sveitarfélagi og flestir þeirra vilja helst sameinast Garðabæ. Reykjavík er næstvinsælasti kosturinn.

Þetta er niðurstaða könnunar sem bæjaryfirvöld stóðu fyrir meðal bæjarbúa samhliða þjóðaratkvæðagreiðslunni á laugardag.

Tæp 64 prósent íbúa bæjarfélagsins, 1.134, tóku þátt í könnuninni og voru 75,7 prósent hlynnt sameiningu við annað sveitarfélag. 17,7 prósent lýstu sig andvíg sameiningu og fimm prósent sögðust hlutlausir.

Þegar spurt var hvaða sveitarfélagi skyldi sameinast varð Garðabær fyrir valinu hjá 44 prósentum þátttakenda. 34 prósent völdu Reykjavík, sex prósent Hafnarfjörð, tæp þrjú prósent Kópavog og hálft annað prósent Seltjarnarnes. Reykjavík var vinsælasti kosturinn meðal þeirra sem ekki vildu sameiningu.

„Þegar tekið er tillit til slakrar þáttöku, íþyngjandi aðstæðna, ónógra valmöguleika spurninga og þess að 25 prósent þátttakenda svara ekki sameiningu játandi, er ljóst að niðurstöður könnunarinnar um vilja til sameiningar hafa takmarkað gildi.“ segir í tilkynningu frá bæjarfulltrúum minnihlutans í Á-listanum. - sh



**ÁLFTANES** Skipuð hefur verið fjárhaldsstjórn yfir Álftanes. Eftirlitsnefnd sveitarfélaga vill að bærinn leiti eftir sameiningu við annað sveitarfélag. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Úígúri dæmdur í Svíþjóð:

# Stundaði njósnir um Úígúra

**SVÍÞJÓÐ, AP** Babur Masheti, 62 ára maður, var dæmdur í sextán mánaða fangelsi í Svíþjóð fyrir að njósna fyrir kínversk stjórnvöld um Úígúra í Svíþjóð.

Talið er að Masheti sé sjálfur Úígúri, en hann er með sænskan ríkisborgararétt.

Sannað þykir að maðurinn hafi veitt kínverskum stjórnvöldum upplýsingar um heilsufar, ferðalög, stjórnmálaskoðanir og flóttamannastöðu landa sinna.

Kínverska stjórnin segir ekkert hæft í þessum ásökunum. - gb




# Rannsóknarhraði skiptir miklu máli

**Hraði í rannsókn kynferðisbrotamála hefur aukist eftir að rannsóknardeild um kynferðisbrot var stofnuð. Tengsl á milli málsmeðferðarhraða og sakfellinga. Á síðasta ári var ákært í 57 nauðgunarmálum af þeim 157 sem voru kærð.**

**DÓMSMÁL** Sakfellt var í 31 kynferðisbrotamáli á síðasta ári af þeim 57 málum sem ríkissaksóknari ákærði í. Embættinu bárust 147 kærur en felldi 66 niður, níu mál eru ódæmd í hæstarétti. Lágt hlutfall nauðgunarmála sem enda með sakfellingu var gagnrýnt mjög á ráðstefnu Stígamóta, Nauðganir og viðbrögð samfélagsins við þeim sem haldin var í gær í tilefni af 20 ára afmæli Stígamóta.

Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari benti á að hlutfall ákæra hefði aukist á undanförnum árum. Fundargestir og ræðumenn voru margir þeirrar skoðunar að brotaþolar væru hræddir við kerfið, treystu því ekki. „Réttarkerfið er svikamylla,“ sagði Guðrún Jónsdóttir talskona Stígamóta og sagði það bregðast of mörgum brotaþolum. Hún kallaði eftir úrbótum í málefnum þeirra sem verða fyrir kynferðisbrotum og undir það tóku fundargestir.

Öll kynferðisbrot ætti að rannsaka af sérhæfðum rannsóknarlögreglumönnum kynferðisbrotadeildar sagði Stefán Eiríksson lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins sem benti á að brotaþolar á landsbyggðinni sitji ekki við sama borð og þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Mál þeirra síðarnefndu séu rannsökuð af starfsmönnum sem hafi sérþekkingu málaflokknum, reynslu og menntun. Stefán sagði að tillaga um að deildin sinnti rannsókn kynferðisbrota á landinu öllu lægi á borði dómsmálaráðherra. Lögreglustjóri benti á að málsmeðferðartími nauðgunarmála hefði styst verulega eftir að kynferðisbrotadeild var sett á laggirnar. Í dag er meðal málshraði hjá lögreglunni í Reykjavík um 60 dagar, árið 2009 voru 37,5 prósent mála afgreidd á innan við 60 dögum af lögreglunni en 62,5 prósent á lengri tíma.

Í máli Þorbjargar Ingu Jónsdóttur hæstaréttarlögmanns sem verið hefur réttargæslumaður í fjölda nauðgunarmála kom fram að bein tengsl eru á milli hraða rannsóknar og sakfellingar í nauðgunarmálum. Fram kom í máli hennar að þar sem sakfellt hefði verið hefði meðal rannsóknartími mála verið tæpar fjórar vikur, en rúmar tólf í málum sem var sýknað í. Þorbjörg Inga sagði ennfremur að sá tími sem fer í rannsókn væri brotaþolum mjög erfiður. „Hver vika er sem einn mánuður,“ sagði einn umbjóðenda hennar við hana. Þorbjörg Inga sagði einnig að gríðarlegur léttir væri fyrir brotaþola þegar gefin væri út ákæra í málum þeirra, þá upplifðu brotaþolar að þeim væri trúað en sífellt væri verið að draga málstað kærenda í efa. sigridur@frettabladid.is



**UMRÆÐUR** Framsögumenn á ráðstefnu Stígamóta sátu fyrir svörum, á myndinni má sjá frá vinstri Guðrúnu Jónsdóttur Stígamótum, Guðrúnu Agnarsdóttur sem var fundarstjóri, Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur rithöfund, Katrínu Önnu Guðmundsdóttur jafnréttishönnuð, Stefán Eiríksson lögreglustjóra, Valtý Sigurðsson ríkissaksóknara og Ragnheiði Harðardóttur héraðsdómara. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## DÆMDIR EKKI DÆMIGERÐIR

Dæmdir nauðgarar eru ekki dæmigerðir nauðgarar er niðurstaða nýrrar sænskrar rannsóknar sem Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, greindi frá á ráðstefnunni. Hún sagði að rannsóknin sýndi að félagsleg staða hefði veruleg áhrif á það hvort ákært væri eða ekki fyrir nauðgun, útlendingar og þekktir sakamenn stæðu mun verr að vígi en venjulegir menn. Þetta þýddi ekki að útlendingar og sakamenn væru ranglega ákærðir heldur að hinir slyppu við dóma. Hún sagði fulla ástæðu til að halda að svona væri staðan líka á Íslandi.




Bonalba
4* hótel
10.–15. apríl

Verð á mann í tvíbýli
135.400 kr.
**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt fyrir golfsettið í flug, hótelgisting ásamt morgun- og kvöldverði, ótakmarkað golf í 5 daga, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.

La Sella
5* hótel
29. apríl – 6. maí

Verð á mann í tvíbýli
179.800 kr.
**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt fyrir golfsettið í flug, hótelgisting ásamt morgun- og kvöldverði, ótakmarkað golf í 7 daga, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.

Fíton / SÍA

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Nánari upplýsingar á **expressferdir.is** eða í síma **5 900 100**

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Umhverfisráðuneytið undirbýr verndun ummerkja mikilla umbrota við Kröflu:

# Ráðherra vill friða Gjástykki

**UMHVERFISMÁL** Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur hafið undirbúning að friðun Gjástykkis í Þingeyjarsveit. Ákvörðun Svandísar er byggð á umsögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

„Í áliti Náttúrufræðistofnunar kemur meðal annars fram að Gjástykki sé hluti af eldstöðvakerfi Kröflu sem hafi verndargildi á heimsmælikvarða sem kennslubókardæmi um megineldstöð í rekbelti. Í úttekt stofnunarinnar á verndargildi háhitasvæða á Íslandi segir meðal annars að Leirhnjúkur og Gjástykki skuli njóta hámarks verndar vegna sérstöðu þeirra,“ segir í tilkynningunni og því bætt við að Umhverfisstofnun telji svæðið hafa hátt verndargildi og sé einstakt þegar komi að náttúruupplifun og tækifærum til fræðslu varðandi landrek og eldgos.



**Á KRÖFLUSVÆÐINU** Landsvirkjun fékk leyfi til yfirborðsrannsókna á Gjástykkissvæðinu. MYND/VÖLUNDUR

Landsvirkjun fékk leyfi frá iðnaðarráðuneytinu á árinu 2004 til að gera yfirborðsrannsóknir á Gjástykkissvæðinu. Náttúrufræðistofnun setti sig ekki á móti því. Hins vegar fékk Landsvirkjun heimild frá ráðuneytinu á árinu 2007 til tilraunaborana á svæðinu. Sagði ráðuneytið leyfið veitt á grundvelli þess að orkufyrirtækið væri aðeins að ítreka fyrri umsókn frá 2004. Óvissa virðist nú um þessa rannsóknir. „Náttúrufræðistofnun Íslands vill undirstrika að þrátt fyrir þessa skoðun iðnaðarráðuneytisins er það mat stofnunarinnar að útgáfa rannsóknarleyfisins geti á engan hátt verið byggð á umsögn stofnunarinnar,“ segir Náttúrufræðistofnun. - gar




# Skjálfhentir eru líka fólk!

## Sony DSLR myndavélar eru með hristivörn í húsinu - allar linsur því hristivarðar og myndirnar skarpari

Sony Alpha DSLR-A380
DSLR m/18-55mm linsu

14,2 megapixla CCD myndflaga - 4592 x 3056 pixlar • ISO 100 - 3200 • BIONZ örgjörvi • 9-punkta "centre cross AF" • EyeStart® nemi • Mesti lokuhraði 1/4000 sek • Flash sync 1/250 • SD og Sony Memorystick minnisrauf • Super SteadyShot hristivörn virkar á allar linsur • Rykvarnarkerfi • Bravia Sync • HDMI Útgangur

Verð áður: 149.990 • Tilboðsverð: 99.990




Sony Alpha DSLR-A230
DSLR hús

10,2 megapixla CCD myndflaga • ISO 100 - 3200 • BIONZ örgjörvi • 9-punkta "centre cross AF" með EyeStart® nema • Super SteadyShot hristivörn
Verð: 79.990




Sony Alpha DSLR-A550
DSLR m/18-55mm linsu

EXMOR CMOS 14,2 megapixla myndflaga með frábærri ljósnæmni ISO allt að 12800 • BIONZ örgjörvi - 3" Clear Photo LCD Plus skjár • Quick AF Live View • Super SteadyShot hristivörn
Verð: 209.990




Sony Alpha DSLR-A850
Full frame - 35mm myndflaga

EXMOR CMOS 24,6 megapixla Full Frame myndflaga með frábærri ljósnæmni • ISO allt að 6400 • Tvöfaldur BIONZ örgjörvi • 3" Xtra fine 921k skjár • Super SteadyShot hristivörn
Verð: 489.990

Sony Center
Kringlunni
103 Reykjavík
588-7669

SONY

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hversu þungan dóm hlutu Litháarnir fimm fyrir mansal?*
2. *Til hvaða bresku borgar er Selma Björnsdóttir og fjölskylda að flytja?*
3. *Hver er staðan í rimmu Bjarnarins og SA um Íslandsmeistaratitilinn í íshokkíi?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 26

Samband garðyrkjubænda og Matfugl komin í hart vegna merkinga á umbúðum:

# Deila um fánarönd fyrir dómstólum

**DÓMSMÁL** Samband garðyrkjubænda og Matfugl ehf. deila nú um vörumerki fyrir héraðsdómi.

„Sambandið er með vörumerki sem á er fánarönd. Matfugl merkir sína vöru, það er kjúklingana, með fánarönd sem er nánast eins og okkar,“ útskýrir Þórhallur Bjarnason formaður Sambands garðyrkjubænda. „Þeir hafa ekki viljað hætta notkun randarinnar þannig að við þurftum að fara dómstólaleiðina úr því að þeir vildu ekki viðurkenna okkar rétt, þótt þetta sé skráð vörumerki hjá okkur.“

Þórhallur segir sambandið búið að kosta miklu til fyrir vörumerkið, bæði hvað varðar hönnun, skráningu og auglýsingar. Merkið sé einungis fyrir félaga Sambands garðyrkjubænda.

„Þetta eru ákveðin verðmæti sem við erum að verja. Okkur er nauðugur kostur að sækja þetta mál fyrir dómstólum,“ segir Þórhallur.

Sveinn Jónsson, framkvæmdastjóri Marfugls, sem segir röndina sem um er deilt gjörólíka á vörumerkjunum. „Hún er í allt öðrum hlutföllum og ekki einu sinni sambærileg í útliti,“ segir hann.

„Það eina sem er sameiginlegt með merkjunum er að röndin er fengin úr íslensku fánalitunum. Við erum að leggja áherslu á íslenska framleiðslu með þessu.“ - jss




**DEILUEFNIÐ** Fánarönd prýðir pakkningar Sambands garðyrkjubænda og Matfugls.


# Útboðsþing

*Verklegar framkvæmdir 2010*

***Grand Hótel Reykjavík, Gullteigur A***
***Fimmtudagur 11. mars kl. 13:00 – 16:30***

***Setning***
- Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI

***Reykjavíkurborg***
- Óskar Bergsson, formaður Borgarráðs

***Framkvæmdasýsla ríkisins***
- Óskar Valdimarsson, forstjóri FSR

***Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa***
- Sigurður Ragnarsson, framkvæmdastjóri Austurhafnarverkefnis hjá ÍAV

***Landsvirkjun***
- Björn Stefánsson, framkvæmdastjóri vatnafls og jarðvarma

***Siglingastofnun***
- Sigurður Áss Grétarsson, forstöðumaður hafnasviðs

***Landsnet***
- Ingólfur Eyfells, sérfræðingur eignastýringar

***Orkuveita Reykjavíkur***
- Guðlaugur G. Sverrisson, stjórnarformaður OR
- Inga Dóra Hrólfsdóttir, sviðstjóri tæknimála

***Vegagerðin***
- Rögnvaldur Gunnarsson, forstöðumaður framkvæmdadeildar

***Fundurinn er opinn öllum áhugamönnum um verklegar framkvæmdir.***

MANNVIRKI FÉLAG VERKTAKA

SI

*Samtök iðnaðarins - www.si.is*




**VEL ÞEGIÐ REGNVATN** Barn í Sómalíu nær í vatn á brúsa úr pollum sem mynduðust eftir að regnskúr gerði. NORDICPHOTOS/AFP

Breska veðurstofan fór yfir nýlegar rannsóknir:

# Áhrif manna á hlýnun jarðar æ skýrari

**BRETLAND** Breska veðurstofan segir sterkari vísbendingar komnar fram um áhrif manna á loftslagsbreytingar heldur en þegar síðasta loftslagsskýrsla SÞ var gefin út.

Í síðustu viku birtu John Stott og félagar hans hjá bresku veðurstofunni grein í vísindatímariti þar sem þeir leggja mat á rannsóknir, sem gerðar hafa verið á síðustu árum og birtar eftir að skýrsla loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna kom út árið 2007.

„Það sem þessi rannsókn sýnir er að vísbendingar hafa styrkst um mannleg áhrif á loftslag jarðar,“ er haft eftir Stott á fréttasíðu breska ríkisútvarpsins BBC.

Nokkrar efasemdir hafa gert vart við sig síðustu mánuði um áreiðanleika loftslagsskýrslu Sameinuðu þjóðanna.

Fræðimenn veðurstofunnar bresku fóru yfir rannsóknir vísindamanna á margvíslegum veðurfarsbreytingum sem orðið hafa, svo sem hlýnun bæði loftslags og sjávar, breytingar á úrkomumynstri víðs vegar um jörðina, breytingar á seltu sjávar og sumarbráðnun íss á Norðurskautinu.

Spurt var hvort rekja mætti þessar breytingar til náttúrulegra orsaka, svo sem eldgosa eða áhrifa frá sólu. Ef náttúrulegar orsakir fundust ekki, þá var spurt hvort vísbendingar væru um að starfsemi manna væri um að kenna.

„Vísindin leiða í ljós að breytingar á heimsvísu eru stöðugar og bera þess greinileg merki að útblástur gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum á þar hlut að máli,“ er haft eftir Stott á vefsíðu bresku veðurstofunnar, þar sem niðurstöðurnar eru kynntar.

Stott segir þó erfiðara en áður var talið að sýna fram á tengsl almennra loftslagsbreytinga við einstaka öfgar í veðurfari, svo sem flóð, þurrka og fárviðri. - gb


UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA







Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.

20 mismunandi bækur sem dæma þarf af kápunni.

50 ilmandi matseðlar.

Oddi

**Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja.** Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is


Gott verð í Múrbúðinni
ALLA mánuði ársins!
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM
Sturtuhaus, barki og stöng
3.900
Sturtuklefi 80x80 cm með botni og blöndunartækjum
49.900
NAPOLI hitastýrt sturtusett
29.900
MILAN sturtuhorn 90x90 cm með botni, botnventli og vatnslás
29.900
Við auglýsum ekki verð frá..
Stálvaskur 50x45 cm 1.2mm
25.900
Stálvaskur 45x45 cm 1.2mm
26.900
MELLERUD
Shower Basin
Sturtuhreinsir 0,5L
1.495
MELLERUD
Baðherbergishreinsir 0,5L
1.695
Fermitex
Öflugur stíflueyðir
895
Stálvaskur 87x49 cm 1.2mm
49.900
Foster Stálvaskur 79x50 cm 0.8mm
22.900
Reykjavík Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
Suðurnes Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Húsavík Garðarsbraut 50.
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!



**ÁHUGASAMUR FLÓÐGRÍS** Fimmtán daga gamalt flóðsvín þefar af myndavélarlinsu í dýragarðinum í Medellin í Kólumbíu. NORDICPHOTOS / AFP

Verðmæti eigna gamla Kaupþings hækkar um 214 milljarða króna á milli ára:

# Þolinmæðin borgaði sig

**VIÐSKIPTI** Verðmæti eigna Kaupþings nam 743 milljörðum króna í lok síðasta árs, að því er fram kemur í skýrslu skilanefndar og var birt í gærmorgun. Upphæðin er 214 milljörðum hærri en í árslok 2008. Þar af nam handbært fé Kaupþings 176 milljörðum króna, sem er 98 milljarða hækkun á síðasta ári.

Skilanefndin endurgreiddi innlánseigendum hjá útibúi Kaupþings í Þýskalandi 58 milljarða króna í fyrra en hafði áður endurgreitt öllum sparifjáreigendum í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Austurríki. Heildargreiðslur erlendis nema um 125 milljörðum króna.



**STEINAR ÞÓR GUÐGEIRSSON**

Steinar Þór Guðgeirsson, formaður skilanefndar Kaupþings, segir að eftir að bankinn var ríkisvæddur hafi verið ákveðið að selja ekki eignir heldur styðja við þær þar til markaðsaðstæður yrðu hagstæðari eða þegar viðunandi verð fengist.

Sem dæmi um það er sala skilanefndar á 5,5 prósenta hlut í norræna tryggingarisanum Storebrand. Norsk yfirvöld frystu hlutinn við fall Kaupþings og hugðust þvinga fram sölu á honum.

Skilanefndin náði sáttum og seldi hann fyrir tuttugu milljarða króna í desember í fyrra, sem var þrefalt hærra verð en fengist hefði ári fyrr. - jab

Líkamsárás kærð til lögreglu:

# Nefbrotinn við sáttatilraun

**LÖGREGLUMÁL** Ein líkamsárás var kærð til lögreglunnar í Vestmannaeyjum eftir skemmtanahald helgarinnar. Kæran varðar árás á veitingastaðnum Lundanum aðfaranótt síðstliðins laugardags. Þar hafði maður, sem var að reyna að stilla til friðar, verið skallaður í andlitið með þeim afleiðingum að hann nefbrotnaði.

Sá sem grunaður er um árásina var handtekinn og færður í fangageymslu lögreglu. Hann neitaði ásökunum við yfirheyrslu. Málið er í rannsókn. - jss

Minnihluti vill skýringar:

# Lóðarúrskurðir fyrir borgarráð

**DÓMSMÁL** **Borgarlögmaður mun á næsta fundi borgarráðs gera grein fyrir úrskurðum sveitarstjórnaráðuneytisins sem berast hver af öðrum þessa dagana og snúast um mál lóðarhafa sem borgin hefur neitað um að fá að skila lóðunum inn aftur.**

**Þetta kom fram hjá fulltrúum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks eftir fyrirspurn frá fulltrúm Samfylkingarinnar sem lýstu furðu á því að borgarstjórn og borgarráði hafi ekki verið gerð grein fyrir úrskurðum sveitarstjórnaráðuneytisins „um ólögmætar ákvarðanir Reykjavíkurborgar varðandi lóðaskil“. Þeir vilja fá yfirlit yfir aðgerðir og viðbrögð Reykjavíkurborgar.** - gar

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Gúmbátur í óskilum

Zodiac-gúmbátur ásamt Evanrude-utanborðsmótor er í vörslu lögreglunnar á Vestfjörðum. Að sögn lögreglu dúkkaði báturinn upp síðasta sumar og bjuggust menn við að hans yrði vitjað. Þetta var á svartfuglsveiðitímabilinu og var gengið út frá því að um veiðimann væri að ræða. Enginn hefur vitjað bátsins og vill lögregla biðja þá sem geta gefið upplýsingar að hafa samband í síma 450 3730.

## STRANDIR

### Segja sig frá Byggðasafni

Sveitarstjórn Strandabyggðar vill að Héraðsnefnd Strandasýslu ræði við aðra eigendur Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna um úrsögn úr safninu. „Ljóst er að fram undan er mikill kostnaður vegna viðhalds þar sem núverandi húsnæði heldur hvorki vatni né vindum,“ segir í fundargerð sveitarstjórnar.

# Ríkið greiddi áttatíu milljarða í vexti 2009

**Útgjöld ríkissjóðs drógust saman um 93 milljarða milli áranna 2008 og 2009. Mest munar um yfirtöku á tapi Seðlabankans frá 2008.**

**RÍKISFJÁRMÁL** Gjöld ríkisins á síðasta ári námu 551 milljarði króna. Er það fjórtán prósentum lægri fjárhæð en árið 2008. Skýrist munurinn einkum af svonefndum óreglulegum útgjöldum en til þeirra heyrði tæplega 200 milljarða króna bókfært tap á kröfum sem ríkissjóður yfirtók frá Seðlabankanum árið 2008 vegna falls bankanna.

Vaxtagreiðslur ríkisins á síðasta ári námu 80 milljörðum og hækkuðu úr 30 milljörðum árið áður. Er það hækkun upp á 170 prósent.

Talsverð hækkun varð á útgjöldum til almannatrygginga og velferðarmála. Skýrist hún að mestu af 23 milljarða hækkun útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs en einnig af hækkun vaxta- og barnabóta.

Aukning útgjalda Sjúkratrygginga skýrir svo að stærstum hluta hækkun framlaga til heilbrigðismála um rúma sjö milljarða. Aukning til menntamála skýrist af hærri útgjöldum til Lánasjóðs námsmanna og sérstökum framlögum til framhaldsskólanna og kaup á varðskipi og flugvél fyrir Landhelgisgæsluna skýra aukningu til öryggismála.

Á síðasta ári jukust útgjöld til allra málaflokka utan óreglulegra útgjalda. Áðurnefndar vaxtagreiðslur jukust mest, en húsnæðis-, skipulags- og veitumál komu þar á eftir. Nam hækkunin þar tæpum 44 prósentum. Felst hún einkum í niðurgreiðslu vaxta af lánum til byggingu leiguíbúða. bjorn@frettabladid.is

**Gjöld ríkissjóðs janúar-desember 2007-2009**

| | Milljónir króna | | | Breyting frá fyrra ári, % | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 2007 | 2008 | 2009 | 2008 | 2009 |
| Almenn opinber þjónusta | 52.259 | 68.097 | 126.224 | 30,3 | 85,4 |
| Þar af vaxtagreiðslur | 17.090 | 29.495 | 79.781 | 72,6 | 170,5 |
| Varnarmál | 977 | 1.616 | 1.620 | 65,4 | 0,2 |
| Löggæsla, réttargæsla og öryggismál | 15.802 | 19.325 | 21.386 | 22,3 | 10,7 |
| Efnahags- og atvinnumál | 52.759 | 67.685 | 67.930 | 28,3 | 0,4 |
| Umhverfisvernd | 4.040 | 4.656 | 4.862 | 15,2 | 4,4 |
| Húsnæðis- skipulags- og veitumál | 544 | 744 | 1.069 | 36,8 | 43,7 |
| Heilbrigðismál | 93.314 | 109.240 | 116.518 | 17,1 | 6,7 |
| Menningar- íþrótta- og trúmál | 15.906 | 17.423 | 18.362 | 9,5 | 5,4 |
| Menntamál | 37 .837 | 43.192 | 45.700 | 14,2 | 5,8 |
| Almannatryggingar og velferðarmál | 86.628 | 109.297 | 134.632 | 26,2 | 23,2 |
| Óregluleg útgjöld | 9.518 | 202.660 | 13.155 | 2.029,2 | -93,5 |
| Gjöld alls | 369.583 | 643.935 | 551.457 | 74,2 | -14,4 |







# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Frosið lambakjöt **Betra verð!** Frosið lambakjöt **Betra verð!**



**1398** KR.KG
FROSINN LAMBAHRYGGUR



**1139** KR.KG
FROSIÐ LAMBALÆRI




**398** KR.KG
K.F NÝTT KJÖTFARS



**2698** KR.KG
FROSIÐ LAMBAFILLET / HRYGGVÖÐVI



**598** KR.KG
FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT 1.FL
*ALLIR BESTU BITARNIR.*




**479** KR.KG
BÓNUS FERSKIR KJÚLINGALEGGIR



**698** KR.KG
ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR



**1698** KR.KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚLINGABRINGUR




**898** KR.KG
N.V FERSKT NAUTAHAKK




**198** KR.STK
BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG
*GOTT VERÐ ALLA DAGA*




**598** KR.PK
N.V FERSKIR NAUTABORGARAR
*4 STK M/BRAUÐI*

**OS GOUDA OSTUR MILDUR 26%**
*Merkt verð 1296 kr.kg.*
*25% afsláttur*
**972** KR.KG







**BÓNUS SMYRILL 300g**
*20% afsláttur*
*Alltaf mjúkur úr ísskápnum*
**111** KR.STK

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

**FRÉTTASKÝRING:** Stjórnarsamstarfið

# Krefjast meiri samhljóms í stjórninni

**Það hrikti í stoðum stjórnarsamstarfsins í aðdraganda og eftirmála þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Stjórnarliðar eru þó sammála um að stjórnin hafi staðið hvellinn af sér. Samstaða gagnvart Icesave sé meiri og klárist það verði nýju lífi hleypt í ríkisstjórnina með nýju fólki og málum.**



**BJARTSÝN OG BROSANDI** Vel fór á með leiðtogum flokkanna eftir að ljóst var að minnihlutastjórnin hafði hlotið meirihluta í kosningunum í vor. Ný ríkisstjórn var mynduð, en síðan hefur gefið nokkuð á bátinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Óhætt er að segja að Icesave hafi verið ríkisstjórninni erfitt mál. Þegar stjórnin tók við í febrúar í fyrra erfði hún það mál, líkt og mörg fleiri. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra leitaði til gamals félaga úr Alþýðubandalaginu, Svavars Gestssonar, til að fara fyrir nýrri samninganefnd. Í byrjun júní fóru að berast fregnir af því að samningar væru að nást og bjartsýni gætti í stjórnarliðinu. Erfitt mál yrði brátt leyst og hægt að snúa sér að öðru.

Sú bjartsýni breyttist fljótt þegar ljóst varð að ekki aðeins stjórnarandstaðan var hörð á móti samningnum, heldur einnig ýmsir stjórnarliðar.

### Órólega deildin

Menn hafa keppst hver um annan þveran við að túlka niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar – og þá staðreynd að hún yfirhöfuð var haldin – á þann hátt sem fellur best að þeirra sjónarmiðum. Morgunljóst er hins vegar að hún reyndi á ríkisstjórnina.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra tilkynnti, í viðtali við Fréttablaðið, að hún ætlaði að sitja heima og Steingrímur upplýsti að það hefði hann einnig gert. Enda væri atkvæðagreiðslan marklaus.

Á meðan kepptist „órólega deildin“ í Vinstri grænum við að útmála atkvæðagreiðsluna sem mikilvægan áfangasigur í lýðræðismálum.

Það er ekki í fyrsta sinn sem sá þingmannahópur talar þvert ofan í það sem formaðurinn segir.

Órólega deildin er hugtak sem notað hefur verið á þá þingmenn flokksins sem síst hafa gengið í takt við formanninn. Þingmenn sem hafa verið tengdir við þann hóp eru Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Ásmundur Einar Daðason, Atli Gíslason, Lilja Mósesdóttir og Ögmundur Jónasson. Þá hefur Jón Bjarnason á tíðum, sérstaklega þegar kemur að Evrópusambandsmálum, skipað sér í þennan flokk.

Raunar er villandi að tala um hópinn eins og um skipulegan flokk sé að ræða. Jón hefur til að mynda ekki fylgt hópnum þegar kemur að Icesave og Lilja Mósesdóttir þykir vera sér á báti innan þingflokksins. Þó hún standi þessum þingmönnum nærri sé hún jafnoft einangruð í afstöðu sinni.

### Sætta forna vini

Mikið hefur verið rætt um klofning innan Vinstri grænna og ýmsar kenningar eru á lofti um arma innan þess flokks. Slíkar kenningar eru oft á tíðum orðum auknar, en engum blöðum þarf um það að fletta að kastast hefur í kekki með þeim Steingrími og Ögmundi.

Þeir hafa verið óskoraðir leiðtogar flokksins og samhljóma í baráttu sinni. Það hefur nú breyst. Þegar Ögmundur gekk út úr ríkisstjórninni sagði hann það vera vegna þess að hann væri ósáttur við málsmeðferðina hvað varðaði Icesave. Það var lítt dulin gagnrýni á leiðtoga ríkisstjórnarinnar, Steingrím og Jóhönnu. Fleiri hafa tekið undir þá gagnrýni, en við brotthvarf Ögmundar fjarlægðust þeir enn frekar.

Átökin innan flokksins líkamnast í raun í þeim tveimur. Þingmenn sem Fréttablaðið ræddi við sögðu að ef þeir sættust væru þau vandamál úr sögunni. Ögmundur og Steingrímur hafa átt fundi saman og hefur farið vel á með þeim, samkvæmt heimildum blaðsins. Það ríkir því nokkur bjartsýni innan flokksins um að sætta megi ólík sjónarmið.

### Icesave og ráðherradómur

Til þess þarf hins vegar að leysa Icesave-deiluna. Tekið var eftir því hve Ögmundur var afdráttarlaus í yfirlýsingum í umræðum á þingi á mánudag; hann tók af allan vafa um það að hann styður ríkisstjórnina.

Svo einkennilega sem það hljómar virðist þjóðaratkvæðagreiðslan hafa hreinsað loftið að einhverju leyti. Viðbrögð stjórnarandstæðinga, sem segja stjórnina rúna trausti og kalla eftir kosningum í vor, hafa þjappað stjórnarliðum saman. Á þingflokksfundi Vinstri grænna á mánudag ríkti góður andi. Svo virðist sem samstaða sé að nást um að ganga frá málinu á þeim nótum sem samninganefndin hefur unnið eftir í síðustu lotu. Verði stjórnarandstaðan ekki með sé það hennar mál.

Þá segja menn, bæði í gamni og alvöru, að sýning Draumalands þeirra Þorfinns Guðnasonar og Andra Snæs Magnasonar, hafi glætt glóðir ríkisstjórnarsamstarfsins. Þingmenn hafi sammælst um að hleypa ekki þeim flokkum að sem stóðu að þeim framkvæmdum sem myndin lýsir.

Innan Samfylkingarinnar gætir vaxandi óróa vegna deilnanna í samstarfsflokknum. Krafan um



samhljóm í stjórnarsamstarfinu verður sífellt háværari. Þar á bæ gera menn sér grein fyrir því að möguleg leið að því gæti verið að Ögmundur komi aftur inn í ríkisstjórn. Raunar herma heimildir blaðsins að unnið sé að því. Það verði þó samhliða öðrum breytingum á stjórnarliðinu.

**Ráðherrakapall**

Í stjórnarsáttmálanum er kveðið á um sameiningu ráðuneyta og fækkun um leið. Raunin varð sú að ráðherrum fjölgaði þegar minnihlutastjórnin fékk meirihluta. Unnið hefur verið að breytingum ráðuneyta, en þeirri vinnu er ekki lokið.

Viðleitni til að ná samstöðu stjórnarliðsins gæti hins vegar orðið til að flýta þessum breytingum. Þannig er nú rætt um að Ögmundur taki sæti í ríkisstjórninni á ný. Samkvæmt heimildum blaðsins er ólíklegt að einungis sú breyting verði gerð.

Ögmundur hefur augastað á heilbrigðisráðuneytinu á ný, samkvæmt heimildum blaðsins, en þar situr fyrir Álfheiður Ingadóttir. Hún þykir hafa staðið sig vel í erfiðu ráðuneyti eftir að hún kom inn með engum fyrirvara við brotthvarf Ögmundar.

Leiðin gæti því verið sú að af stað færi ráðherrakapall, hrókeringar yrðu á milli ráðuneyta. Þá er ein leið sem nefnd hefur verið; sú að óflokksbundnu ráðherrarnir víki. Í stjórnina komi Ögmundur og einhver frá Samfylkingunni. Óvíst er hver það yrði, en líklega yrði það kona. Nafn nýliðans Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur hefur verið nefnt í því samhengi, þó án allrar ábyrgðar.



**ÉG ER Á LEIÐINNI** Allt bendir nú til þess að Ögmundur Jónasson sé á leiðinni í ríkisstjórnina á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**Hleypa lífi í stjórnina**

Ekki er aðeins rætt um að hrókera ráðuneytum innan stjórnarliðsins. Málefnastaða stjórnarinnar þykir ekki allt of sterk og leiða til að styrkja hana er leitað.

Meðal þess sem rætt er í þeim efnum er að endurnýja verkefnalistann, en þegar stjórnin tók við kynnti hún 100 daga verkefnalista. Lítið hefur farið fyrir átaki stjórnarinnar sem kennt er við sóknaráætlun, þó fundir hafi verið haldnir víða um land. Varaformaður Samfylkingarinnar, Dagur B. Eggertsson, hefur haft veg og vanda af þeirri vinnu. Dags og Katrínar Jakobsdóttur, varaformanns Vinstri grænna, verður að styrkja málefnastöðuna með nýjum verkefnalista.

**Erfið mál fram undan**

Stjórnarliðar eru bjartsýnni eftir fundi síðustu daga og umræðu á Alþingi. Almennt virðist viðhorfið vera; ef við klárum Icesave stendur stjórnin. Það er þó ljóst að ýmis erfið mál bíða stjórnarinnar sem reyna munu á samstöðuna.

Nægir í því samhengi að nefna að tekin verður fyrir á þingi tillaga þingmanna Hreyfingarinnar, með stuðningi Framsóknarmanna, um að slíta samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þar fer mál sem er vinstri grænum viðkvæmt og einhverjir þingmanna flokksins gætu stutt hana.

Þá eru virkjanamál ónefnd, en ljóst er að flokkarnir ganga ekki í takt þar. Raunar má greina ósamhljóm innan Samfylkingarinnar þar, en fjölmargir áhrifamenn í flokknum hafa gagnrýnt fyrirhuguð stóriðjuáform á suðvesturhorninu og framkvæmdir þeim tengdar. Tekist verður á um virkjanakosti þegar rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma kemur inn á þingið og lög um hana eru föst í þingflokki vinstri grænna. Þar er óánægja með tillöguna.

Þá eru Evrópumálin ónefnd, en ólíkar áherslur flokkanna í þeim efnum eru öllum kunnar. Að auki má búast við átökum varðandi fjárlagagerð, hvar verði skorið niður, hvaða skattar hækki.

Erfið mál bíða því stjórnarinnar og þolinmæðin er ekki ótæmandi. Sýni stjórnin ekki á næstunni að hún hafi þingstyrk til að koma málum sínum í gegn er henni feigð búin. Leiðin að þeirri samstöðu virðist þó hafa opnast.



FRÉTTASKÝRING
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is

sköpun | snerpa | samstarf | mannauður

Sköpun án landamæra

Velkomin á ársfund Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Fimmtudaginn 11. mars 2010
Kl. 08:30-10:45
Hilton Reykjavík Nordica

Á ársfundi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands verður sjónum beint að fjölbreytni í atvinnulífinu undir yfirskriftinni **Sköpun án landamæra**.

Erindi fundarins fjalla um allt frá skapandi greinum til ferðaþjónustu, upplýsingatækni og orku.

*Allir velkomnir - aðgangur er ókeypis. Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 8:00. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á **nmi@nmi.is**.*

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Akureyri | Egilsstöðum | Húsavík | Höfn | Ísafirði | Reykjavík | Sauðárkróki | Vestmannaeyjum

35% *viðskiptavina* okkar með erlend íbúðalán hafa nýtt sér *höfuðstólslækkun*.

*Hafðu samband*
sími 444 7000 • arionbankinn.is

Hefur þú *kynnt* þér lausnir Arion banka?

Við hjá **Arion banka** höfum lagt mikla vinnu og metnað í að koma til móts við þarfir viðskiptavina okkar með íbúðalán. Á annað þúsund viðskiptavinir hafa þegar nýtt sér lausnir bankans til höfuðstólslækkunar. Þar af er ungt fjölskyldufólk með sína fyrstu íbúð í miklum meirihluta.

Við *hvetjum* viðskiptavini að koma til okkar og skoða hvaða lausnir standa þeim til boða. Arion banki vill árétta að fái greiðendur erlendra lána sér dæmdan betri rétt í Hæstarétti, missa þeir ekki þann rétt þó að þeir nýti sér lausnir bankans.

Nánari upplýsingar fást hjá þjónusturáðgjöfum í útibúum **Arion banka** eða á **arionbanki.is**.

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 49545 03/10

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tímamótadómur féll þann 8. mars.

## Dæmt fyrir mansal í fyrsta sinn

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Daginn sem konur tileinkuðu 8. mars baráttu sinni fyrir jafnrétti kynjanna í hundraðasta sinn féll tímamótadómur í Héraðsdómi Reykjaness.

Í fyrsta sinn hér á landi hlutu menn dóma fyrir mansal þegar fimm Litháar fengu hver fimm ára dóm fyrir mansal. Þar með hefur verið staðfest í fyrsta sinn fyrir dómi á Íslandi að hér eigi sér stað mansal, tæpu ári eftir að ríkisstjórn Íslands samþykkti aðgerðaáætlun sína gegn mansali.

Mál stúlkunnar frá Litháen, sem var fórnarlamb hinna dæmdu, hefur vakið mikla athygli enda mátti í því sjá sterka samsvörun við kvikmynd sem margir hafa séð og hefur raunar einnig verið flutt á sviði hér á landi, Lilya4Ever. Birtingarmyndir mansals eru þó alls ekki allar á þennan veg.

Mansal er talið vera þriðja umfangsmesta glæpastarfsemi í heimi á eftir vopna- og fíkniefnasölu. Fórnarlömb mansals koma úr ýmsum áttum en algengast er að ánauðin felist í vændi eða annarri kynlífsþjónustu. Talið er að 70 til 80 prósent þolenda mansals séu í kynlífsiðnaðinum.

Ekki eru liðin nema átta ár frá því að íslensk stjórnvöld fjölluðu fyrst um mansal. Á þeim tíma hefur þungi mansalsumræðunnar aukist stöðugt um leið og vísbendingum hefur fjölgað um mansal á Íslandi. Þrátt fyrir það hefur sá hópur verið fyrirferðarmikill sem hefur viljað skella skollaeyrum við því að mansal sér hér fyrir hendi. Dómurinn í Héraðsdómi Reykjaness tekur vonandi af allan vafa um það þannig að ekki þurfi að eyða meiri tíma í að komast á sömu blaðsíðu um það hvort mansal sé fyrir hendi á Íslandi eða ekki.

Síðastliðið haust var kynnt skýrsla um umfang og eðli mansals á Íslandi. Fríða Rós Valdimarsdóttir vann skýrsluna fyrir Rauða kross Íslands í samstarfi við Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræði. Í skýrslunni kom fram að mansalsmál á Íslandi á því þriggja ára tímabili sem rannsóknin tók til væru að lágmarki 59 talsins en gætu verið allt upp í 128.

Í skýrslunni voru líkur leiddar að því að sú staðreynd að ekki hafi verið komið upp vernd og öryggi fyrir fórnarlömb mansals hér á landi sé líkleg ástæða þess hversu fá slík mál hafi komið upp hér á landi. Dómurinn sem féll á mánudaginn, ásamt máli Catalinu Mikue Ncogo, sem nú er fyrir dómi, leiða vonandi til þess að skýra línur varðandi meðferð mála þar sem grunur leikur á að um mansal sé að ræða.

Þrátt fyrir að Hæstiréttur eigi enn eftir að fjalla um mansalsdóminn sem féll á mánudag ber að fagna honum sem umtalsverðum áfanga í baráttunni gegn mansali. Líklegt verður að teljast að dómurinn gefi konum sem hér eru ánauðugar í kynlífsþjónustu von um frelsi. Það eru tímamót.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Mótmælendur

Um hundrað lögreglumenn mótmæltu bágum kjörum fyrir utan skrifstofur ríkissáttasemjara í Höfðaborg í gær. Vonandi verður því kippt í liðinn. Mótmælin fóru friðsamlega fram í þetta sinn en hvað gerist ef lögreglumenn missa þolinmæðina og mótmælin fara úr böndunum? Hver á þá að koma með táragasið? Í hópi mótmælenda var Dúni Geirsson, sonur Geirs Jóns Þórissonar yfirlögregluþjóns. Karl faðir hans vonar eflaust að Dúni sitji á strák sínum – annars þarf Geir Jón kannski að gera það, í öðrum skilningi þó.



### Samstaða

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir skrifaði grein í Fréttablaðið í gær þar sem hún kallar eftir samstöðu á þinginu. Það strandi hins vegar á stífni ríkisstjórnarinnar og kröfu hennar um „hörð, vinstri sjónarmið“. Þorbjörg bætir við að ýtrustu kröfur um „vinstri áherslur“ leiði til endalausra deilna. Það er rétt hjá Þorbjörgu að samstaða er betri en sundurlyndi. En hvaða afslátt eru sjálfstæðismenn reiðubúnir að gefa af sínum hugsjónum, eða „hörðu, hægri sjónarmiðum“ eins og einhver gæti kallað þær, í þágu samstöðu?



### Ranghermi

Á þessum stað í gær var fullyrt að þjóðaratkvæðagreiðslan á laugardag hefði verið fyrsta kosningin frá 1944, þar sem atkvæðavægi allra kjósenda væri jafnt. Þetta er vitaskuld rangt, eins og góður lesandi benti á. Í forsetakosningum gilda öll atkvæði jafnt, hvort sem þau eru greidd á Grundarfirði eða í Garðabæ.

bergsteinn@frettabladid.is

# Engin ríkisábyrgð?



GUÐNI TH. JÓHANNESSON

**Í DAG** | Icesave

Hvernig verður réttlátri niðurstöðu náð í Icesave-deilunni? Fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna sögulegu um helgina stóðu vonir margra til þess að hún myndi auka samúð með málstað Íslendinga erlendis og sýna viðsemjendum íslenskra stjórnvalda að þeim bæri að ganga fram af minni hörku. Íslensk þjóðin viðurkenndi ábyrgð eigin stjórnvalda en krefðist sanngirni.

Þetta getur gerst en auðvitað er ekkert fast í hendi. Ytra geta menn til dæmis ákveðið að gefa ekki eftir og svo getur það líka gerst á Íslandi að meirihluti þingmanna og almennings gangi á lagið, hætti að krefjast sanngirni í samningaviðræðum og vilji frekar að þau skilaboð verði send til Bretlands og Hollands að Íslendinga varði í raun ekkert um Icesave-deiluna. Ný skoðanakönnun gefur þannig til kynna að 60% landsmanna telji að íslensku þjóðinni beri alls ekki að ábyrgjast greiðslur á Icesave-reikningunum til innstæðueigenda í Bretlandi og Hollandi.

Þess í stað er viðkvæðið oft að ekki hafi verið ríkisábyrgð á innstæðum í útibúum Landsbankans ytra heldur aðeins ábyrgð Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Icesave-reikningshafarnir hafi ekki getað ætlast til þess að ávaxta fé sitt með hæstu vöxtum þegar allt lék í lyndi en neita svo að taka afleiðingunum þegar banki þeirra fór á hausinn. Þetta getur auðvitað hljómað harkalega í eyrum Icesave-reikningshafa sem undirrituðu samning við Landsbankann þar sem kveðið var á um ákveðna lágmarksábyrgð og voru þeir skilmálar með velþóknun hins íslenska Fjármálaeftirlits, og þar að auki gátu þeir kynnt sér ítrekaðar yfirlýsingar íslenskra embættismanna og stjórnmálamanna um þessa sömu ábyrgð. En við lifum jú í hörðum heimi.

Samt verður að spyrja hvort það sé í raun og veru afstaða meirihluta Íslendinga að ríkið hafi ekki átt og eigi ekki að ábyrgjast innstæður í einkareknum bönkum. Stóru bankarnir þrír féllu jú allir í október 2008. Ekki var innstæðueigendum þá vísað á nær galtóman Tryggingarsjóð. Þvert á móti var 100% ríkisábyrgð komið á allar innstæður hér á landi. „Auðvitað verða innstæður Íslendinga hérlendis alltaf tryggðar, menn láta það aldrei henda sig að menn geti ekki treyst því að innstæður í íslenskum bönkum séu ekki öruggar þar,“ sagði einn áhrifamaðurinn til að mynda í byrjun október 2008. Reikningshafar á Íslandi þurftu ekki að bera tap bankanna þegar allt fór í handaskolum. Þeir fengu sitt, fyrir tilstilli ríkisvaldsins.

Mergur málsins er sá að hér hefði orðið upplausnarástand ef ekki hefði komið til ríkisábyrgð á innstæðum í íslensku bönkunum. Um það voru gefnar sérstakar yfirlýsingar og neyðarlögin svokölluðu snerust einnig um það að nokkru leyti, „fu...k the foreigners-lögin“ eins og sumir þeirra sem sömdu þau kölluðu þau sín á milli.

Nú má auðvitað benda á að íslenska ríkið hafi ekki haft lagalega skyldu til að ábyrgjast allar innstæður á Íslandi með þessum hætti. En það var nú samt gert og það er vissulega umhugsunarefni hvort ekki hefði mátt setja þak á ábyrgð ríkisins, til dæmis 25 milljónir króna, 50 milljónir eða 100 milljónir. Hefðu hinir vellríku ekki lifað það af? Þeir fengu skjaldborg um sig og sitt fé, með ærnum tilkostnaði annarra.

Það má líka halda því fram að ríkinu hafi aðeins borið siðferðisleg og pólitísk skylda – einhvers konar neyðarréttur – til að tryggja innstæður í útibúum bankanna á Íslandi. En þá er samt horfin sú röksemd að ríkisvaldið eigi aldrei að ábyrgjast innstæður í einkareknum bönkum. Eins og margoft hefur komið fram vakna líka ýmsar lagalegar, pólitískar og siðferðislegar spurningar við þessa skiptingu milli fullrar ábyrgðar ríkisins innanlands en engrar ytra. Þannig bentu ráðamenn Landsbankans á fyrir hrun að „innlánaflóðið“ að utan væri komið „í vinnu“ hjá bankanum og ekki síst á Íslandi. „Við vorum að taka peningana heim til Íslands“, sagði einn þerra svo eftir hrunið. „Innlánin á Icesave-reikningunum hafa ekki bara verið notuð í útlán erlendis. Peningarnir frá Icesave eru hér um allt þjóðfélagið.“

> *Mergur málsins er sá að hér hefði orðið upplausnarástand ef ekki hefði komið til ríkisábyrgð á innstæðum í íslensku bönkunum.*

Niðurstaðan er þessi: Ætli menn að halda því fram að Íslendingar séu að reyna sýna umheiminum fram á óréttlæti ð í því að ríkisvaldið þurfi að ábyrgjast innstæður í einkareknum bönkum verða þeir að bæta við orðum sem gætu hljómað eitthvað á þessa leið: „það er að segja í útlöndum en á Íslandi hljóta aðrar reglur að gilda“.

*Höfundur er sagnfræðingur og höfundur bókarinnar Hrunið.*

# Listaverkin aftur til þjóðarinnar

**UMRÆÐAN**

Hlynur Hallsson skrifar um listaverk í eigu Arion-banka



HLYNUR HALLSSON

Fréttir berast nú af því að Listasafni Íslands hafi verið tryggður forkaupsréttur á verkum sem hafa verið metin mikilvæg fyrir íslenska listasögu en eru nú í eigu Arionbanka. Það er hins vegar viðurkennt að bankinn (eða fyrirrennari hans) fékk listaverkin frítt frá íslensku þjóðinni þegar Búnaðarbankinn var einkavinavæddur á sínum tíma. Það væri því mun eðlilegra að bankinn skilaði þessum verkum til þjóðarinnar en selji ekki þjóðinni það sem hann fékk gefins á sínum tíma.

Bankinn gæti aftur á móti keypt verk í safnið sitt af ríkinu en andvirðið ætti þá að renna til Listasafns Íslands sem hefur aðeins um 20 milljónir á ári til að kaupa myndlist. Það væri auðvitað hægt að skrifa langa grein um þau hrapallegu mistök sem gerð voru á sínum tíma þegar ríkisbankarnir voru einkavæddir án þess að mat væri lagt á verðmæti listaverkasafna þeirra. Síðar kom svo auðvitað í ljós að bankarnir voru alls ekki seldir heldur gefnir sérstökum vinum þáverandi ráðamanna.

Það er vissulega jákvætt að nú hafi verið tryggt að mikilvægustu verkin úr safni Arionbanka geti komst aftur í eign þjóðarinnar en það er algerlega öfugsnúið að það þurfi að kaupa verkin af bankanum. Þess vegna ætti bankinn að sjá sóma sinn í því að skila listaverkunum strax til þjóðarinnar.

*Höfundur er formaður Sambands íslenskra myndlistarmanna.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**ÚTIVIST ELDRI OG HELDRI BORGARA** Ferðafélag Íslands stendur fyrir gönguferðum á þriðjudögum og fimmtudögum klukkan 14. Á þriðjudögum hittast þátttakendur við Árbæjarlaug og á fimmtudögum við Nauthól í Nauthólsvík. Í þessum ferðum er vegalengd og gönguhraði stillt í samræmi við virðuleika þátttakenda.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447












Hörpu þótti leikarinn Dennis Hopper nokkuð ráðvilltur á svip þegar hann rakst utan í hana í Soho-hverfinu í New York. Hún lagði þó ekki í að spjalla við hann, enda kurteis Íslendingur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nötraði í Nýju-Jórvík

**Harpa Stefánsdóttir kennari féll fyrir New York í fyrstu heimsókn sinni fyrir áratug. Hún fékk iðulega hláturkast yfir „smáborgaralegri“ hræðslu sinni við ýmislegt sem helst sést í sjónvarpi og kvikmyndum.**

„Ég gjörsamlega kolféll fyrir borginni, hef farið þangað fimm sinnum síðan og ætla aftur í sumar. En fyrsta heimsóknin er alltaf eftirminnilegust,“ segir Harpa Stefánsdóttir kennari um ferðalag sitt og Selmu vinkonu sinnar til New York fyrir tíu árum.

Þær stöllur eiga góða vinkonu sem bjó í New York og býr reyndar enn og því hægur leikur að spara pening með frírri gistingu þegar þær eiga leið yfir hafið. En sumarið 2000 ákváðu þær að skella sér í sannkallaða skvísuferð, eins og Harpa orðar það.

„Þetta var í fyrsta skipti sem við vorum einar í Bandaríkjunum og mér er mjög minnisstætt hversu litla íslenska hjartað kom upp í okkur með mjög reglulegu millibili,“ segir Harpa. „Strax á JFK-flugvellinum urðum við gríðarlega hræddar. Við höfðum verið varaðar eindregið við að taka svartan leigubíl og beðnar lengstra orða að halda okkur við viðurkennda leigubíla. Við vorum varla komnar út úr flugstöðvarbyggingunni fyrr en bílstjóri reif af okkur töskurnar, henti þeim í skottið á einum svörtum og benti okkur á að setjast inn. Við stóðum þarna skjálfandi og töfsuðum í margar mínútur áður en við gátum stunið upp að við vildum ekki fara með leigubílnum og bílstjórinn var langt því frá ánægður með þau málalok, svo ekki sé meira sagt.“

Þeim tókst þó að finna viðurkenndan leigubíl, en á leiðinni inn í borgina tók óöryggið völdin aftur. „Selma tók upp á því að rifja upp söguþráð myndarinnar The Bone Collector, sem hafði verið frumsýnd árið áður, og fjallar um leigubílstjóra sem ekur um og myrðir ferðalanga. Það hjálpaði ekki upp á taugaveiklunina,“ segir Harpa.

Vinkonurnar voru mjög meðvitaðar um að þær voru staddar í stórborg alla tíu dagana sem ferðin tók og segir Harpa að lítið hafi þurft að gerast til að þær hafi byrjað að öskra og hlaupa, hræddar um að lenda í skotárásum eða einhverju þaðan af verra. „En samt var þetta ótrúlega gaman og við fengum iðulega hláturskast yfir þessari smáborgaralegu hræðslu í okkur. Þættirnir um Beðmálin í borginni voru upp á sitt besta á þessum tíma og við fengum okkur að sjálfsögðu Cosmopolitan-kokteil við hvert tækifæri, þótt ekki hefðum við efni á að sækja sömu dýru staðina og Carrie og þær,“ segir Harpa og hlær.

„Við sáum eitthvað nýtt á hverjum degi, fórum í Central Park, Guggenheim-safnið, rákumst á leikarann Dennis Hopper í Soho-hverfinu, kíktum á hinn goðsagnakennda skemmtistað Studio 54 og margt fleira. Það er allt æði í New York. Þetta er besta borg í heimi,“ segir Harpa Stefánsdóttir.

*kjartan@frettabladid.is*



# ; ÁRSHÁTÍÐ

**BRÚNKUMEÐFERÐ** er vinsæl meðal þeirra sem stefna á árshátíð. Gott er að muna að skrúbba allan líkamann með kornakremi áður en komið er í meðferðina, þá helst liturinn lengur.




# Kjólar
## við öll tækifæri



Rita
*Bæjarlind 6 - Eddufelli 2*
*Sími 554-7030 Sími 557-1730*
*www.rita.is*



**MEGA VINSÆLU BUXURNAR NÝKOMNAR AFTUR**



teg. **VEGA** - rosalega flottar í S,M,L,XL - verð **kr. 2.990,-**



teg. **MAJA** - glæsilegar í hvítu og svörtu og stærðum S,M,L,XL á **kr. 2.990,-**

*Misty - fyrir allar konur*

**Laugavegi 178 - Sími: 551 2070**
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18,
laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur



**vísir.is**
*„...ég sá það á vísi"*




**Warehouse.** 15.990 krónur.



**Coast.** 36.900 krónur. Mjóir hlýrar fylgja með sem hægt er að krækja í kjólinn.



**Coast.** 34.900 krónur. Hlýrar fylgja einnig með þessum kjól.



**Karen Millen.** 39.990 krónur. Einnig fæst hneppt peysa í stíl til að bregða yfir herðarnar.



**Zik Zak tískuhús.** 14.990 krónur. Fæst einnig í ljósbláu og hvítu.



**Vero Moda** Úr lúxuslínunni Very. Kjóll 9.900 krónur, hálsfesti 3.490 krónur.

# Elegant á ballinu

**Tími árshátíðanna er að bresta á og kærkomið tækifæri til að klæða sig uppá. Í verslunum bæjarins fylla nýju vörurnar hillur og slár eftir að útsölum lauk og ráða kvenleg og rómantísk snið ríkjum. Síddin er gjarnan rétt fyrir ofan eða neðan hné og mikið um hlýralausa kjóla. Litirnir virðast fylla allan skalann og engin þörf á að enda í svörtu frá toppi til táar enda vor í lofti.**

*heida@frettabladid.is*




# B/A/S/L/E/R

**Í tilefni að B/A/S/L/E/R eigi 2.ára afmæli bjóðum við upp á 20% afslátt af buxum dagana 8. mars – 13. mars.**

**Ný sending af *sparilegum* fötum fyrir fermingar og önnur tilefni. Einnig úrval af *sportlegum sumarfötum* fyrir fríið.**

Parísar TÍZKAN
Tízkuhús, stofnsett 1963

**Skipholti 29b • S. 551 0770**






# ERTU Í FASTEIGNALEIT?

Vísir.is, í samstarfi við Félag fasteignasala, kynnir langstærsta fasteigna- og leiguvef landsins. Á engum öðrum fasteignavef finnur þú allar eignir sem eru í sölumeðferð á Íslandi - Yfir 17.000 eignir á skrá.

**EKKI MISSA AF DRAUMAEIGNINNI ÞINNI MEÐ ÞVÍ AÐ LEITA Á RÖNGUM VEF**

OPIN HÚS - MYNDASÝNINGAR - ÞJÓNUSTUSÍÐUR FYRIR HÚSEIGENDUR - GÓÐ RÁÐ VARÐANDI KAUP OG SÖLU



FÉLAG FASTEIGNASALA

**vísir.is**
...ég sá það á vísir.is



Rúnar Kristinsson matreiðslumeistari var önnum kafinn í eldhúsinu þegar ljósmyndari smellti af honum mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Skyggnst á bak við tjöldin

**Tími árshátíða stendur nú sem hæst með tilheyrandi glamúr og gleði. Til að allt heppnist sem best er nauðsynlegt að hafa skipulagið á hreinu eins og kom vel í ljós þegar blaðamaður heimsótti Broadway á dögunum.**

„Óhætt er að segja að í mörg horn sé að líta, ekkert má klikka svo kvöldið gangi upp,“ segir veitingamaðurinn Arnar Laufdal Ólafsson spurður út í umstangið sem fylgir skipulagningu árshátíða. Arnar ætti að vera öllum hnútum kunnugur um það enda eigandi og framkvæmdastjóri Broadway í Ármúla þar sem að meðaltali eru haldnar um 200 árshátíðir og aðrar veislur á ári. Þar var starfsfólkið önnum kafið við að undirbúa stóra árshátíð þegar blaðamann og ljósmyndara bar að garði.

Arnar segir góðan undirbúning vera lykilinn að vel heppnaðri árshátíð. „Eftir því sem við, starfsfólkið hér og viðskiptavinurinn, komum okkur betur saman um hvernig árshátíðin, matseðillinn, sætaskipan og dagskráin eiga að vera, því betra. Eins þurfum við að vita hvort menn verði með eigin atriði eða eitthvert sérstakt þema. Þegar þetta liggur fyrir getum við farið að vinna að nánari útfærslum.“

Fyrirvarinn getur að sögn Arnars verið ansi misjafn, allt frá ári og niður í viku. „Stundum fáum við mun skemmri tíma í undirbúning og þá kemur sér vel að hafa þaulvant fólk í vinnu sem er fljótt að setja sig inn í hlutina,“ tekur hann fram. Margir leggja hönd á plóg, matreiðslumenn, þjónar, tæknimenn og svo tónlistarmenn og aðrir skemmtikraftar ef svo ber við. „Yfirleitt er sami hópurinn í grunninn sem kemur að þessu og aukamannskapur svo kallaður út eftir þörfum, til dæmis ef gestum fjölgar óvænt eða forföll verða.“

Áður en stóra kvöldið rennur upp er svo eitt rennsli tekið á allt saman yfir daginn. „Farið er yfir öll tæknimálin, ljósa- og hljóðkerfi prófað og gengið úr skugga um að áætlaður gestafjöldi sé réttur svo nóg sé til af mat og drykk fyrir alla. Síðan er starfsfólkið kallað saman og farið yfir helstu atriði kvöldsins, matseðilinn, skemmtiatriðin og fleira sem það þarf að geta svarað fyrir ef það er spurt. Þetta verðum við að hafa allt á hreinu til að kvöldið heppnist sem best og líði gestum seint úr minni,“ segir Arnar og kveður blaðamann, enda stórt kvöld í vændum og að mörgu að huga.

roald@frettabladid.is



Arnar fer hér yfir matseðilinn með Elínu Magnúsdóttur yfirþjóni. Yfirleitt samanstendur hann af þremur réttum en þess eru dæmi að fyrirtæki vilji allt að tólf rétta matseðil. Hægt er að biðja um prufusmökkun fyrir árshátíðina.



Bragi Lárusson ljósamaður prófar græjurnar fyrir kvöldið.



Lagt á borð.



Sumir kjósa að hafa sérstakt þema á árshátíðinni.





Gullsmíðaverkstæði Árna Höskuldssonar
lokar 13. mars næstkomandi

ÚTSALA

Mikið úrval skartgripa

40% afsláttur af öllum vörum

Opnunartími 13:00 til 18:00 virka daga
laugardaginn 13. mars 11:00 til 17:00

Bergstaðastræti 4 – 101 Reykjavík – Sími: 562-0335

30 DAGA
HREINSUN Á MATARÆÐI



**DAVÍÐ KRISTINSSON** næringar- og lífsstílsþerapisti heldur fyrirlestur um 30 daga hreinsun á mataræði. Frábært tækifæri til að byrja núna að axla ábyrgð á eigin heilsu! Rúmlega 400 manns hafa lokið 30 daga hreinsun með mjög góðum árangri.

**Mánudaginn 15. mars**
**í Heilsuhúsinu Lágmúla**
**kl. 20.00 - 22.00**

Fyrirlestur og glæsileg handbók með öllum upplýsingum sem þú þarft. Skráning og nánari upplýsingar á www.30.is og í síma 864 9155. Námskeiðsgjald kr. 6.900 kr.

www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið




Opið virka daga 10–18 og laugardaga 11–16
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, s: 462 3504
Vogue



**WWW.FREECITYTRAVEL.COM** er bráðsniðug síða sem vert er að benda erlendum ferðamönnum í Reykjavík á.



## Ný tækifæri á Norðurlandi

KÖNNUN Á ERLENDUM FARÞEGUM Í FLUGI FRÁ AKUREYRARFLUGVELLI LEIÐIR Í LJÓS AÐ FLESTIR SEM FLJÚGA TIL AKUREYRAR DVELJA MUN LENGUR Á NORÐURLANDI EN AÐRIR ERLENDIR GESTIR.



Rannsóknarmiðstöð ferðamála gerði sumarið 2009 ítarlega könnun meðal brottfararfarþega í flugi Iceland Express frá Akureyrarflugvelli. Greint var frá niðurstöðum könnunarinnar á blaðamannafundi á Hótel KEA í vikunni.

Í könnuninni var spurt um ferðavenjur, neyslumynstur og upplifun þeirra erlendu gesta sem fara frá Íslandi um Akureyrarflugvöll og ferðamynstur þeirra um Norðurland kortlagt.

Helstu niðurstöður voru þær að þeir erlendu farþegar sem koma og fara gegnum Akureyrarflugvöll dveljast mun lengur á Norðurlandi en aðrir erlendir gestir. Nærri helmingur ferðast aðeins um Norðurland og inn á Austurland. Því er talið ljóst að með beinu flugi opnist möguleikar á þróun nýs áfangastaðar í ferðaþjónustu, sem þegar sést móta fyrir. Einnig er mögulegt út frá þeim gögnum sem aflað var að áætla tekjur af komum þessara gesta og hvað mörg störf í ferðaþjónustu gætu orðið bein afleiðing millilandaflugsins.






# Þekking á flugi í stað ótta

**Flughræðsla er tilfinning sem erfitt getur verið að yfirvinna nema með aðferðum sálfræðinnar. Icelandair stendur fyrir námskeiði á næstunni og annar tveggja kennara þar er Álfheiður Steinþórsdóttir.**




Fólk mætir á námskeiðið í fjögur skipti, þrjá til fjóra tíma í senn og svo fer heill dagur í útskriftarferðina. „Þá er oft orðin góð stemning," segir Álfheiður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Okkar meining er að gera fólk að svolitlum sérfræðingum í flugi," segir sálfræðingurinn Álfheiður þegar hún byrjar lýsingu á kennsluaðferðum sínum og Páls Stefánssonar flugstjóra á flughræðslunámskeiðunum hjá Icelandair. Hún segir mismunandi ástæður fyrir hræðslunni. „Sumir óttast ekkert nema flug, aðrir eru haldnir innilokunarkennd eða fælni af einhverju tagi. Enn aðrir hafa orðið fyrir erfiðri reynslu í flugi og verið gripnir skyndilegum ótta. Í næsta skipti kemur kvíðinn fram og magnast upp. Hugurinn í fólki er svo öflugur að ef hann fer inn á kvíðabraut þá getur kvíði magnast mjög hratt. Alls konar fælni, ekki síst flughræðsla, eykst því af sjálfu sér þó ekkert sé að óttast. Hugurinn heldur áfram að spinna og því þarf oft að stoppa hann af."

Álfheiður er búin að kenna á flughræðslunámskeiðum í þrettán ár. Árangurinn hefur hún mælt með alþjóðlegum stöðlum, sex mánuðum eftir að námskeiðunum lýkur og komist að því að líðan þess er allt önnur." Hún beitir hugrænni atferlismeðferð. „Lykillinn í þeirri meðferð er að kenna þeim flughrædda hvernig hann hugsar. Oftúlkun og mögnun á aðstæðum hrindir af stað vítahring sem verður smám saman að alvarlegum ótta. Þennan vítahring þarf að rjúfa og það er gert með því að farþeginn hafi svör við hugsununum þegar þær fara út í einhverja vitleysu. Hvað er flugvélin að gera? Hvernig getur hún flogið? Þá kemur þekking á aðstæðunum í stað óttans og þannig smám saman slakar fólk á."

Aðferðirnar sem Álfheiður kennir fær fólk svo að reyna í útskriftarferðinni. „Við fljúgum til Evrópu með hópnum og erum bæði með honum allan tímann, ég og flugstjórinn. Förum saman í gegnum allt sem gerist á leiðinni þannig að fólk viti nákvæmlega hvað er í gangi. Þá verður þetta eins og hjá mér sem er með Hallgrímskirkju við hliðina og er hætt að heyra í klukkunum. Það hættir að heyra þessi skrýtnu hljóð og hættir að taka eftir ókyrrð."

*gun@frettabladid.is*








Þolakstur er æði erfið akstursíþrótt.

## Klausturkeppnin endurvakin

ÞOLKEPPNI VÉLHJÓLAÍÞRÓTTAKLÚBBSINS OG MSÍ VERÐUR HALDIN Á KIRKJUBÆJARKLAUSTRI UM HVÍTASUNNUHELGINA.

Klausturkeppnin, stærsta akstursíþróttakeppni sem haldin hefur verið hérlendis, var síðast haldin árið 2007. Keppnin verður endurvakin á Kirkjubæjarklaustri um komandi hvítasunnuhelgi. Árið 2007 tóku 500 keppendur þátt og því kærkomin viðbót í heimi akstursíþrótta á Íslandi.

Vélhjólaíþróttaklúbburinn og MSÍ ( Mótorhjóla- og snjósleðasamband Íslands) standa að keppninni ásamt landeigendum. Keppnin verður haldin 23. maí í landi Ásgarðs sem er skammt frá síðustu keppnisbraut. Gengið hefur verið frá fimm ára samningi við landeigendur um keppnishaldið og er stefnt að uppbyggingu varanlegrar aðstöðu fyrir keppendur og áhorfendur.

Í tilkynningu frá Vélhjólaíþróttaklúbbnum segir að markmiðið sé að halda skemmtilega keppni við allra hæfi sem muni laða að bæði keppendur og aðstandendur þeirra.

Keppnin sem felst í þolakstri, hefst klukkan 12 á hádegi og lýkur ekki fyrr en sex tímum síðar. Keppt verður í nokkrum flokkum, einstaklingsflokki og í tveggja og þriggja manna liðum. Skráning í keppnina fer fram á vefnum www.motocross.is og hefst skráningin kl. 22 þann 10. mars.

# fermingar

MIÐVIKUDAGUR 10. MARS 2010

**Hagsýni höfð að leiðarljósi**

**Einföld ráð til að lækka útgjöld vegna fermingarveislu.** SÍÐA 4






MYND/HEIDA.IS


FERMINGARTILBOÐ 9.000 KR. INNEIGN FYLGIR

DRAUMEY OG DRAUMFARI

ÍSLENSK SVÆÐASKIPT HEILSURÚM – FERMINGARRÚMIÐ Í ÁR!



FRAMLEIÐUM OG SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í HVAÐA STÆRÐ SEM ER!

VERSLUNIN RúmGott ÍSLENSK HEILSURÚM

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121 · Opið virka daga frá kl. 10–18 og laugardaga kl. 11–16 · www.rumgott.is



**● FYLG ÞÚ MÉR** Aftur fór hann út og gekk með vatninu, og allur mannfjöldinn kom til hans, og hann kenndi þeim. Og er hann gekk þar sá hann Leví Alfeusson sitja hjá tollbúðinni og hann segir við hann: „Fylg þú mér!“ Og hann stóð upp og fylgdi honum.

*Markús 2.13.*

## HEFURÐU LIFAÐ EFTIR RITNINGARORÐUNUM?

Fréttablaðið spurði valinkunna andans menn um ritningarorðin sem það valdi sér og fór með við fermingarathöfnina sína.

„Ég valdi mér á sínum tíma náungaritningarorðin, sem ganga út á að þú eigir að koma fram við náungann eins og þú vilt að hann komi fram við þig, vegna þess að þau voru í raun þau einu sem komu til greina,“ segir Margrét Gauja Magnúsdóttir, kennari og bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, sem fermdist í Víðisstaðakirkju vorið 1990.



Margrét Gauja Magnúsdóttir, kennari og bæjarfulltrúi í Hafnarfirði.

Aðspurð segist Margrét Gauja hafa reynt að haga lífi sínu í samræmi við ritningarorðin alla tíð. „Það hefur ekki alltaf tekist, en vonandi hef ég alltaf séð að mér og beðist fyrirgefningar ef ég hef gert á hlut einhvers. Fyrirgefningin er nefnilega ótrúlega öflugt tæki til að halda góðri geðheilsu. En ef einhverjir telja mig skulda þeim afsökunarbeiðni þá mega þeir alveg endilega hafa samband við mig,“ segir hún.

Björk, dóttir Margrétar, fermist eftir tvö ár og segir Margrét undirbúning fyrir stóra daginn strax kominn á fullt. „Björk vill hafa hestafermingu og er nú þegar byrjuð að safna sér í sjóð fyrir hestinum sem hún ætlar að koma ríðandi á í sína eigin fermingarveislu. Með góðri hjálp velunnara í Hafnarfirði, dósasöfnun og þess háttar, ætti þetta að ganga upp,“ segir Margrét Gauja og skellir upp úr.

Sveinn H. Guðmarsson fréttamaður valdi sín ritningarorð í samráði við foreldra sína þegar hann fermdist vorið 1988. „Ég fór með Jóh. 8:12, Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér mun ekki ganga í myrkri heldur hafa ljós lífsins,“ segir Sveinn og bætir við að löngu síðar hafi hann fundið mjög fallega helgimynd í Grikklandi þar sem þessi orð eru letruð á grísku, Ego eimi to fos tou kosmou. „Ég festi kaup á myndinni. Þetta var ekki verðmætur íkoni heldur hræódýr mynd, en falleg í einfaldleika sínum.“

Hann segist reyna að lifa í góðri sátt og samlyndi við aðra menn eins og flest annað fólk. „Að því leytinu til hef ég reynt að gera boðskap Jesú að mínum, en að öðru leyti erum við ekki mjög nánir,“ segir Sveinn. *- kg*



Sveinn Guðmarsson, fjölmiðlamaður.



„Hún er nálægt heimili mínu og er kirkja foreldra minna, ömmu og afa,“ segir Ólafur Ingi um Grundarkirkju í Eyjafirði. MYND/HEIÐA.IS

# Farinn að íhuga hvað ég vil hafa á borðum

**Eyjafjörðurinn verður örugglega farinn að grænka og mófuglarnir að syngja þegar Ólafur Ingi Sigurðsson í Reykárhverfi fermist í Grundarkirkju á hvítasunnu.**

Ólafur Ingi er nemandi í Hrafnagilsskóla og er truflaður þar í stærðfræðitíma til að spjalla um fermingarundirbúninginn og fleira. Hann er skýrleikspiltur og gefur greið svör gegnum símann. Segir séra Hannes Örn Blandon hafa frá upphafi skólaárs komið í skólann vikulega til að fræða væntanleg fermingarbörnin og kveðst ekki hafa orðið var við annað en það gangi vel. „Fyrir áramót vorum við að læra um ferminguna, guð og kristindóminn almennt og nú upp á síðkastið höfum við verið að læra sálma, trúarjátninguna, boðorðin og fleira,“ segir hann og upplýsir að öll fermingarbörnin hafi fengið sálmabók að gjöf frá kvenfélagi sveitarinnar.

Spurður hvort hann fari með bænirnar sínar á kvöldin svarar Ólafur Ingi: „Ég get ekki sagt að það sé mikið en ég fer þó með faðirvorið. Var kennt það þegar ég var lítill að minnsta kosti. Við sækjum líka kirkju öðru hverju og höfum verið óvenju dugleg við það í vetur. Ég fer nú yfirleitt bara í kirkjuna á Grund, nema þegar séra Hannes er með sérstakar messur annars staðar, ætlaðar fermingarbörnum. Þá einkum í Munkaþverárkirkju.“

Grundarkirkja er kirkja Ólafs Inga. „Hún er nálægt heimili mínu og er kirkja foreldra minna, ömmu og afa,“ útskýrir hann en hversu mörg börn munu fermast þar í vor? „Við erum 21 í bekknum og langflest okkar fermast í Grundarkirkju á hvítasunnu. Það var hægt að óska eftir öðrum degi en ég held að fáir hafi gert það.“

Ólafur Ingi á áreiðanlega eftir að játa fermingarheitinu hátt og skýrt við altarið. Hann er ófeiminn og vanur að koma fram enda er leiklist áhugamál hans, ásamt tónlist og íþróttum. Hann tók þátt í sýningunni Lilju með Leikfélagi Akureyrar í haust og segir alltaf eitthvað sett á svið í Hrafnagilsskóla í tengslum við árshátíðina. „Svo fær maður þjálfun í að koma fram á samverustundum sem eru hér í skólanum á hverjum morgni hjá 1. til 7. bekk og vikulega hjá 8. til 10. bekk. Þá þurfa nemendur að flytja mál sitt fyrir framan allan hópinn og það styrkir mann.“

Tilhlökkun vegna fermingarinnar er farin að gera vart við sig hjá Ólafi Inga en er hann eitthvað byrjaður að huga að veisluhaldi, fatakaupum og slíkum undirbúningi? „Já, ég hef eitthvað verið að reyna það. Á reyndar eftir að bjóða í veisluna enda er hún ekki fyrr en í endaðan maí. En ég er farinn að íhuga hvað ég vil hafa á borðum. Svo fæ ég ný föt en mamma vill meina að ég eigi eftir að stækka eitthvað. Það borgar sig kannski ekki að kaupa þau alltof snemma.“ *- gun*




# Minna um gylliboð banka

Stærstu bankarnir munu ekki bjóða mótframlög ef fermingarbörn leggja pening inn á reikning hjá þeim. Í staðinn er boðið upp á framtíðarreikninga sem eru bundnir til átján ára aldurs og á góðum vöxtum. Slíkir reikningar hafa verið vinsælar fermingargjafir undanfarin ár.

Íslandsbanki býður unglingum upp á ókeypis fjármálanámskeið. Þór Clausen, kennari við Opna háskólann í Háskólanum í Reykjavík, fer yfir fjármál ungmenna, hvað ber að hafa í huga og hvað beri að varast, til dæmis hvernig vextir virka og hvað það þýði að gangast við sjálfskuldarábyrgð. Bankinn býður einnig upp á framtíðarreikning.

Landsbankinn leggur áherslu á sparnað. Gegn því að fermingarbarnið spari ákveðna upphæð á framtíðarreikningi fær það gjöf frá bankanum, en ekki er í boði mótframlag í peningum. Þar er einnig í boði framtíðarreikningur. Landsbankinn rekur sérstaka þjónustu fyrir níu til fimmtán ára krakka undir heitinu Klassi (www.klassi.is).

Arionbanki hefur tekið tillit til tilmæla frá umboðsmanni barna og talsmanni neytenda sem mælast til þess að fyrirtæki og fjármálastofnanir beini ekki auglýsingum sínum að börnum. Bankinn býður upp á framtíðarreikning sem bundinn er til átján ára aldurs. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort óvæntur glaðningur fylgi því að fermingarbarn leggi inn peninga sína í bankann. *- sg*



Framtíðarreikningur er kjörin fermingargjöf. Hann er á góðum kjörum, verðtryggður og bundinn til átján ára aldurs. NORDICPHOTOS/GETTY



**BRUNKRISSLA** sængurverasett
B150×L200/B50×L60cm
Svart/grátt **2.990,-**



**GOSA PINJE** koddi
85% fiður og 15% dúnn
B50×L60cm. Hvítt **1.790,-**



**MYSA VETE** sæng
60% dúnn og 40% fiður
B150×L200cm. Hvítt **7.990,-**



**1.890,-**

**KVART** vinnulampi
H42cm. Ýmsir litir

# Draumar þínir rætast



**OFELIA** rúmteppi
B130×L170cm. Hvítt **2.590,-**



**VILSHULT** mynd í ramma
B140×H100cm **8.990,-**



**890,-**

**LACK** vegghilla
B30×D26cm. Rautt
*Fæst einnig í hvítu*



**KVART** vegglampi/kastari
Ø9cm. Ýmsir litir **895,-**



**MALM** kommóða m/3 skúffum
B80×D48, H78cm. Svart **13.950,-**



**3.990,-**

**ALVINE RUTOR** sængurverasett
B150×L200/B50×L60cm. Rautt/hvítt
*Fæst einnig í bláu/hvítu*



**FILLSTA** borðlampi
Ø27, H31cm. Hvítt
**3.790,-**
*Fæst einnig í appelsínugulu*



**KILAN** rúmteppi
B180×L280cm. Ýmsir litir
**4.290,-**



**KOMISK** púðaver f/þrjá kodda
B65×L195cm. Rautt **2.690,-**



**ASPELUND** náttborð
B36xD35, H63cm
Hvítt **6.990,-**



**10.950,-**

**LACK** vegghilla
B30xD28, H190cm. Ýmsir litir

**Tilboð**
Frosnar kjötbollur 1 kg
týtuberjasulta og rjómasósa



**1.690,-**



**SULTAN** rúm. SULTAN HARESTUA springdýna,
SULTAN AKSDAL dýnubotn og SULTAN fætur
B90×L200cm. Dökkgrátt **34.350,-**

© Inter IKEA Systems B.V. 2010

IKEA®

**Verslun opin 11-19 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

**www.IKEA.is**

● **FERMINGARSÁLMUR**

Lát þennan dag, vor drottinn, nú
oss dýran ávöxt færa.
Ó, besti faðir, blessa þú
vorn barnahópinn kæra.
Nú frammi fyrir þér
vor faðir stöndum vér,
þín eldri' og yngri börn
þín elska líknargjörn
vor hjörtu virðist hræra.




# Ómissandi, sígilt og ljúfseigt kaffibrauð

Kransakaka er hefðbundin ábætiskaka, upprunnin í Noregi og Danmörku, og gjarnan borin fram við hátíðleg tilefni eins og brúðkaup, skírnir, fermingar, stúdentaveislur, jól og áramót. Kakan er gerð úr stökum, sammiðja hringjum sem lagðir eru hver ofan á annan þar til úr verður brattur píramídi. Hráefnið er möndlumassi, sykur og eggjahvítur, og ef baksturinn heppnast fullkomlega verður kakan hörð viðkomu en mjúk og ljúfseig til átu. Upprunalega útgáfan, sem hefð var fyrir að bera fram í brúðkaupum, kallast allsnægtahorn og er í laginu eins og nægtahorn, fyllt með skrautlega innpökkuðu konfekti, fagurgerðum smákökum og öðru lostæti, og oftar en ekki leynist vínflaska í miðju hornsins.


**Kransakaka er bæði gómsæt og falleg að sjá.**

Til Íslands komu fyrstu kransakökurnar með dönskum kaupmönnum upp úr aldamótunum 1900 og tók borgarastéttin vel á móti þessu fína bakkelsi sem borið var fram á tyllidögum. Þá hefur ávallt þótt fínt að bjóða kóngafólki og þjóðhöfðingjum kransakökur.

Fram til 1950 virðist kransakaka helst hafa verið á borðum Íslendinga um jól, en síðar jukust vinsældir hennar í kringum brúðkaup, skírnir og fermingar, þar sem hún trónir enn hæst og hátíðlegast á veisluborði fermingarbarnsins. *-þlg*


# Glæsileg fermingartilboð



DÚN & FIÐUR

Laugavegi 87 • sími: 511-2004



Matarborðið getur orðið afar skemmtilegt þegar allir koma með eitthvað matarkyns með í veisluna. NORDICPHOTOS/GETTY

# Heimalagaður hátíðleiki

**Stöðluð umgjörð fermingarveislunnar getur oft verið dýr. Að fara óvenjulegar leiðir að veislunni getur ekki síður verið budduvænt en skemmtilegt.**



**HVAR**

Staðsetning er fyrsta og, auk veitinga, mikilvægasta skrefið í að skipuleggja fermingarveisluna. Veislurnar verða oft skemmtilega persónulegar séu þær haldnar á eigin heimili en ekki í sal en sé heimilið ekki nógu stórt er þess vert, og gaman hvað flestir taka því vel, að heyra hljóðið í fjölskyldumeðlimum sem búa á fleiri fermetrum. Það geta verið amma og afi, sem fá kannski ekki mörg tækifæri núorðið til að hýsa veislur, móður- eða föðursystkini eða aðrir nákomnir ættingjar.

**VEITINGAR**

Að panta veitingar frá veisluþjónustu er oft eini kosturinn fyrir mjög önnum kafna foreldra en þá er lykilatriðið að bera saman verð og fá veisluþjónustur til að gera tilboð. Margar þjóðir Suður-Ameríku þekkja það að aldrei er haldin veisla án þess að allir mæti með eitthvað matarkyns með sér og svoleiðis veislur geta orðið æðislegar. Einnig væri hægt að einskorða slíka ósk við nánustu fjölskyldumeðlimi og dreifa útgjöldunum á fleiri. Ef heimilisfólk vill alfarið sjá um veislukost er gerbakstur afar ódýr kostur. Kanilsnúðar, fléttubrauð, skinkuhorn, pitsusnúðar og fleira úr gerheimum þykir alltaf jafn ljúffengt og hráefnið er ekki dýrt. Marengsbotnar eru einnig ódýrir. Það hentar vel að hafa tímann fyrir sér og geyma gerbaksturinn í frysti og marengsbotn á þurrum stað.

Borðið er svo hægt að skreyta á afar einfaldan en fallegan hátt, til dæmis með sprittkertum í gömlum sultukrukkum.

**BOÐSKORT**

Á öld internetsins er kannski fátt meira viðeigandi en að senda boðskort í fermingarveislunnar í tölvupósti, þótt sumum þyki það kannski ekki eins persónulegt. Persónulegheitin þurfa þó alls ekki að tapast og þannig má spara sendingar- og pappírskostnað. Falleg ljósmynd af fermingarbarninu og undirskriftin kannski skönnuð inn. Og auðvelt fyrir alla að senda svar með staðfestingu á mætingu.


**Tilvalið er að fá falleg og lítið notuð jakkaföt lánuð hjá eldri bræðrum eða frændum enda fermingarbörn fljót að vaxa úr grasi.**



**FERMINGARFÖTIN**

Hér áður fyrr voru fermingarfötin klippt til og sniðin í önnur föt daginn eftir ferminguna eða kjólarnir litaðir og þau voru sjaldnast notuð áfram óbreytt. Vert er að hafa praktísk atriði í huga þegar kemur að vali á fermingar-fötum, og séu þau hvít þá er ekki slæm hugmynd að lita kjólinn í einhverjum tískulit í vikunni eftir fermingu. Hvað piltana varðar er spurning hvort eldri frændur eigi ekki jakkaföt, sem þeir eru hvort sem er örugglega vaxnir upp úr. Það má þá hressa upp á þau með nýju flottu bindi. *-jma*

# FERMINGARGJAFIRNAR FÁST Í OFFICE 1





Skeifan, Smáralind, Korputorg, Hafnarfjörður, Selfoss, Egilsstaðir, Akureyri

**Ég ætla að spara í ár!**

OPIÐ 24 TÍMA SKEIFUNNI

Office 1

# Undirbúningstíminn eins og aðrir dagar

Camilla Rut Arnarsdóttir fermdist í Krossinum fyrir tveimur árum en athöfnin er kölluð fermingarblessun. Hún fór fram á sunnudagssamkomu eftir lofgjörð og var að sögn Camillu ánægjuleg í alla staði. „Ég fermdist með góðri vinkonu minni og fór með vers úr Tímoteusarbréfi 14 sem var eitthvað á þá leið að þú skalt ekki líta smáum augum á æsku þína, en mér fannst það viðeigandi,“ segir Camilla.

Fermingarbörn í Krossinum fara með ritningarvers og segja gjarnan nokkur orð um það hvers vegna þau hafi ákveðið að gera Guð að leiðtoga lífs síns á samkomunni. Þá gefa sum þeirra vitnisburð um það sem hann hefur gert fyrir líf þeirra ásamt því að segja frá því af hverju þau hafi valið að stíga þetta skref. Síðan er beðið fyrir þeim og fjölskyldan blessuð.

Camilla segir fermingarundirbúninginn hafa verið mjög auðveldan í sínu tilfelli og að það sama eigi við um önnur fermingarbörn í Krossinum sem hafa tekið virkan þátt í barna- og unglingastarfinu. „Ég er alin upp í Krossinum og á mitt persónulega samband við Guð. Ég mæti í messu og bið á hverjum degi og því var undirbúningurinn ekki svo frábrugðinn því sem ég var hvort eð er vön að gera. Það var því aðallega farið með hópinn í keilu og reynt að gera eitthvað skemmtilegt til að hrista okkur saman.“

Camillu var síðan haldin veisla eins og venja er en spurð að því hvort skólafélagarnir hafi gert einhverjar athugasemdir við hennar leið segist hún sátt og sjálfsörugg með sína trú. „Ef þeir höfðu eitthvað út á hana að setja sagði ég bara: þín skoðun ekki mín.“ *- ve*



**Fermingarundirbúiningurinn hjá Camillu, sem fermdist fyrir tveimur árum, var auðveldur, enda átti hún fyrir sitt persónulega samband við guð, mætti í messur og bað bænirnar sínar.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






**Jökull kynntist ásatrú í víkingasmiðju í Norðlingaskóla. Ævar hefur verið í Ásatrúarfélaginu í nokkur ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Festa með sér heiðinn sið

**Ýmsar leiðir eru til að staðfesta trú sína hvort sem það er trúin á guð eða annað. Þeir sem eru ásatrúar geta undirgengist siðfestu hjá Ásatrúarfélaginu og er nokkuð um að börn á fermingaraldri fari þá leið. Jökull Logi Garðarsson og fósturfaðir hans, Ævar Gunnarsson, ætla báðir að festa með sér heiðinn sið.**

Fósturfeðgarnir Ævar Gunnarsson og Jökull Logi Garðarsson stefna báðir að því að undirgangast siðfestu hjá Ásatrúarfélaginu. Jökull Logi gerir það í lok maí, eða um svipað leyti og jafnaldrar hans fermast, en Ævar seinna í sumar. „Ég ætla að leyfa honum að njóta sín og eiga sinn dag en fara sjálfur í gegnum þetta síðar,“ segir Ævar.

Hann sagði sig úr Þjóðkirkjunni fyrir mörgum árum. „Ég átti mína barnatrú og fermdist en áttaði mig síðan á því þegar ég sat einhverju sinni í messu að ég var ekki sammála því sem fór fram. Ég var utan trúfélags um sinn en skráði mig síðan í Ásatrúarfélagið fyrir nokkrum árum.“ Ævar segist ekki endilega trúa á ákveðna guði. „Megininntak heiðins siðar er ábyrgð einstaklingsins á sjálfum sér og sínum, heiðarleiki, umburðarlyndi gagnvart trú og lífsskoðunum annarra og virðing og trúmennska fyrir náttúrunni og öllu lífi. Margir innan félagsins eiga sína uppáhaldsguði en það má segja að ég sé frekar ungur í þessu.“

Spurður að því hvort Ævar hafi kveikt áhuga Jökuls segir hann það frekar hafa verið skólann. „Jökull er í Norðlingaskóla og þar eru reglulega settar á fót smiðjur þar sem farið er djúpt í ákveðin efni. Í hittifyrra var víkingaþema og kynntist hann ásatrúnni í gegnum það. Ég ákvað síðan að fara með honum í gegnum siðfestufræðsluna bæði til upplýsingar fyrir mig og til að styðja við bakið á honum.“

Jökli hefur líkað vel í fræðslunni. Hann segir hana hafa bætt miklu við þekkingu sína þó að sumt hafi hann þegar lært í skólanum. Jóhanna Harðardóttir goði hefur umsjón með fræðslunni. Hún segir hana valkost fyrir alla þá sem vilja dýpka skilning sinn á heiðnum sið. „Allir sem þess óska geta tekið siðfestu en unglingar sem eru ekki orðnir sjálfráða þurfa að fá samþykki forráðamanna. Siðfestuathöfn felur síðan í sér að festa með sér heiðinn sið eða hafa hann að leiðarljósi í lífinu.“

Í siðfestufræðslunni er farið í grunngildi heiðninnar auk þess sem fræðst er um norræn goð, heimsmynd heiðinna manna og helstu tákn heiðni. Undirbúningurinn felst einnig í því að viðkomandi les og hugleiðir Völuspá og Hávamál og velur sér þrjú erindi Hávamála sem leiðarljós inn í heim heiðinna manna. Siðfestuathöfnin er síðan persónuleg athöfn sem getur ýmist farið fram á blótum Ásatrúarfélagsins eða annars staðar. Hún er oft haldin utandyra og hefst á því að goði helgar staðinn, lýsir sáttum og griðum eins og við blót og fer með inngang að athöfninni. Frumkraftar jarðar, vatn, loft, jörð og eldur, þurfa að vera til staðar og er eldhringur á jörðu. Siðfestumaður stígur inn í eldhringinn og flytur erindi sín og goði vígir hann inn í heim fullorðinna heiðinna manna með nokkrum orðum. „Við stefnum að því að hafa athöfn Jökuls utandyra og vonum að veður leyfi en síðan verður veisla og tilheyrandi,“ segir Ævar. *- ve*

# Trúin staðfest við steintöflur Móses

Fermingar tíðkast meðal táninga í gyðingdómi, líkt og kristindómi. Lengst af fór ferming þeirra fram á þrettánda árinu, en snemma á 19. öld var fermingaraldurinn hækkaður í sextán ár þar sem yngri börn þóttu síður í stakk búin til að staðfesta trú sína af heilum hug.

Allt þar til fermingarathafnir nútímans hófust meðal gyðinga staðfestu börn þeirra gyðingdóm sinn við Bar Mitzvah-athafnir, sem kallast Bat Mitzvah fyrir stúlkur.

Fermingar fara jafnan fram á Shavout-hátíðinni sem haldin er árlega um mánaðamótin maí/júní og haldin til minningar um daginn sem Drottinn gaf Ísraelum Mósebækurnar fimm á Sínaífjalli. Shavout tengist páskahátíð gyðinga og er ein af þremur stórum biblíulegum pílagrímshátíðum.

Fermingar í gyðingdómi eru útskrift ungmenna í trúarfræðum gyðinga. Fermingarfræðslan kennir þeim að nú verði þau tekin inn í „heilagt samfélag“ þar sem þau geta óhrædd borið brigður á, skorað á hólm eða deilt um gyðingatrú, án þess að verða dæmd fyrir. Fermingarfræðslan hvetur einnig til samvinnu í sterku samfélagi gyðinga sem miðlað getur trú sinni til umheimsins.



**Stoltur faðir ber son sinn hátt eftir fermingu meðal gyðinga.** NORDICPHOTOS/GETTY

Nemendur taka virkan þátt í athöfninni: lesa upp úr Mósebókunum fimm, fara yfir merkingu boðorðanna tíu og fara með stutta predikun um málefni sem standa hjarta þeirra næst, þar sem þeir standa frammi fyrir steintöflum Mósebókar, líkt og Ísraelar gerðu á Sínaífjalli forðum. *- þlg*



María Nicole fermist í Landakotskirkju að kaþólskum sið. Hún fer í messu alla sunnudaga og því lítið sem breyttist þegar hún byrjaði í fermingarfræðslu í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Finnst gaman í messu

María Nicole Baldelovar fermist í Landakotskirkju að kaþólskum sið. Hún byrjaði í fermingarfræðslu í október og fer í hana að lokinni sunnudagsmessu í hverri viku. María Nicole þekkir vel til starfsins í Landakotskirkju enda hefur hún farið í messu með foreldrum sínum á hverjum sunnudegi um margra ára skeið. Það var því lítið sem breyttist þegar fermingarfræðslan hófst.

„Mér finnst mjög skemmtilegt að fara í messu. Þar er mikið sungið og svo hittist fólk á eftir, fær sér kaffi og spjallar.“

Rúmlega tuttugu börn eru með Maríu Nicole í fermingarfræðslunni og segist hún ekki halda að fræðslan sé mjög frábrugðin þeirri sem börn í Þjóðkirkjunni frá. „Við lærum og tölum um Biblíuna.“ Fermingarsakramentið er þó aðeins frábrugðið, að sögn Séra Patriks í Landakotskirkju.

„Einungis biskup getur veitt fermingarsakramentið auk þess sem það er ekki aðeins endurnýjun á skírnarheitinu heldur meðtaka börnin einnig heilagan anda til að styrkja trúna enn frekar. Þá eru þau ekki að meðtaka altarissakramentið í fyrsta sinn eins og í Þjóðkirkjunni því börnin hjá okkur ganga til altaris frá átta til níu ára aldri.“

María Nicole hlakkar mikið til fermingarinnar og er þegar farin að velta fyrir sér kjól og greiðslu. Hún mun síðan halda áfram að rækja trúna eins og hún er vön. *- ve*

# Aðrar helgiathafnir

Ýmis trúfélög eins og hvítasunnumenn, mormónar og baptistar eru ekki með fermingar heldur svokallaða trúaraskírn. Þau hafna þá barnaskírninni en skíra í staðinn þá sem taldir eru nægilega gamlir til að skilja inntak athafnarinnar. Er því nokkuð misjafnt eftir trúfélögum við hvaða aldur er miðað. Þá finnast annars konar vígsluathafnir, manndómsvígslur, hjá öðrum trúarhópum. Þannig tíðkast að ungir menn úr röðum ástralskra frumbyggja verji einni viku í eyðimörkinni til að teljast fullorðnir karlmenn og sums staðar gerast piltar sem aðhyllast búddatrú tímabundið munkar.



Til að verða karlmaður meðal frumbyggja þurfa piltar að undigangast vígslu. Sumir drengir gerast tímabundið búddamunkar.




ENNEMM / SÍA / NM41153

TAKTU ÞÁTT Í FERMINGARLEIK KLASSA

KLASSI.IS | 410 4000

Landsbankinn



Fermingarveislur

Veislusalir og heimahús

Viltu fermingarveislumatinn heitan heim?

Lambalæri eða hamborgarhryggur með öllu

Rauðkál, baunir, sulta, sósa, salat, kartöflur...

Við setjum veisluna upp heima hjá þér

Verð frá kr. 3.600 fyrir 40-60

Verð frá kr. 3.200 fyrir 60 eða fleiri

Bjóðum einnig fjölbreyttan Brunch, magnaða Mexíkóveislu, o.m.fl.

Eigum örfáa daga lausa í veislusölum okkar

Cocktail.is

Veisluþjónusta

Allar upplýsingar á: www.fermingarveislur.is

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

FRÉTTABLAÐIÐ





Hópurinn hittist á 30 ára fermingarafmælinu árið 2008. Eysteinn stendur lengst til hægri í 3. röð og Bryndís Baldursdóttir í miðið í bleikri peysu. MYND/EYSTEINN ÞÓR KRISTINSSON



Hluti fermingarbarnanna 30. apríl árið 1978 en fermt var bæði fyrir og eftir hádegi. Eysteinn er 3. frá vinstri í fremstu röð. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Fermingarbarnamót styrkja tengsl

**Fermingin er stór dagur í lífi okkar flestra og lifir lengi í minningunni. Þeirri minningu er gjarnan haldið á lofti með fermingarbarnamótum víða um land.**

Árgangur 1964 í Neskaupstað hittist á fermingarbarnamóti árið 2008 þegar hann átti 30 ára fermingarafmæli.

„Við fermdumst 30. apríl árið 1978. Þetta var frekar stór hópur eða um 40 krakkar og var fermt bæði fyrir og eftir hádegið,“ segir Eysteinn Þór Kristinsson, einn þeirra heimamanna sem skipulagði mótið. Hópurinn hefur hist þegar fermingarafmælið hittir á tug og segir Eysteinn ríka hefð í Neskaupstað fyrir því að fermingarbörn haldi hópinn.

„Við héldum okkar mót um sjómannadagshelgina og þá voru aðrir fimm árgangar í bænum á fermingarbarnamóti. Það var vel mætt þótt hópurinn sé dreifður um allt land og allan heim og þarna komu krakkar sem maður hafði ekki séð í þrjátíu ár en við buðum líka krökkum sem voru með okkur í skóla en fermdust ekki með hópnum. Við settum mótið uppi á mjöltönkunum við Síldarverksmiðjuna þar sem er gott útsýni yfir bæinn og borðuðum saman tvö kvöld. Heimsóttum gamla skólann okkar og kirkjuna og hittum séra Svavar Stefánsson sem fermdi okkur.“

Þegar Eysteinn er beðinn að rifja upp fermingardaginn segir hann daginn nokkuð venjulegan í minningunni en bjartan og fallegan. Haldin var kökuveisla heima í stofu og fermingarpeningarnir notaðir til kaupa á skrifborði. Eysteinn segir hópinn halda áfram að hittast á tíu ára fresti og rifja upp gamla tíma enda góðan hóp.

„Mótið tókst mjög vel og við ætlum okkur líka að smala fólkinu saman einhvern sumardaginn á höfuðborgarsvæðinu þar sem margir búa þar,“ segir Eysteinn.

„Það sem er svo sérstakt og yndislegt við þennan hóp er að þau höfðu fyrir því að leita okkur uppi sem vorum flutt burt,“ segir Bryndís Baldursdóttir en hún flutti frá Neskaupstað tíu ára og fermdist því ekki með bekkjarfélögunum. Hún segir svona samkomur hafa mikið gildi fyrir hópinn og sérstaklega brottflutta sem bera enn þá sterkar taugar til heimahaganna.

„Ég saknaði alltaf félaganna og þess að búa á staðnum. Þarna var mér tekið eins og týndu systurinni og fékk að heyra allar skemmtilegu sögurnar sem ég hafði misst af. Það hefur mikið að segja, þá finnur maður fyrir því að maður á enn þá rætur á staðnum.“ *- rat*






**● AFÞREYING FYRIR YNGSTA FÓLKIÐ** Yngstu kynslóðinni getur farið að leiðast þófið í fermingarveislum, sérstaklega þegar sækja þarf fleiri en eina sama daginn. Veisluhaldarar ættu að hafa í huga að hafa eitthvert afþreyingarefni eða föndur í boði fyrir minnstu fermingargestina og vera búnir að undirbúa eitthvert horn eða afdrep þar sem hægt er til að mynda að lita, skoða myndabækur og annað slíkt.

Þannig er hægt að hvetja börn í veislunni til að lita mynd og gefa svo fermingarbarninu teikninguna í lok veislunnar, um leið og fullorðna fólkið skrifar í gestabókina.



**● HEILAGT ALTARISBRAUÐ** Orðið obláta er komið úr latínu og merkir „fórn“ eða „hið framborna“. Altarisbrauðið vísar til brauðsins sem Jesús Kristur braut með lærisveinum sínum við síðustu kvöldmáltíðina.

Altarisbrauðið var bakað í sérstökum bakstursjárnum og ekki höfðu allir leyfi til að baka altarisbrauð. Hér á landi voru altarisbrauð bökuð á prestsetrinu allt til síðari hluta 19. aldar og jafnvel lengur. Oblátur voru hins vegar ekki bakaðar á Íslandi heldur keyptar frá Danmörku.

Annað heiti brauðsins er hostia. Það merkir sáttafórn eða friðþægingarfórn og minnir á fórn Krists til sáluhjálpar.

Á vefnum www.kvi.annall.is er að finna bæði fróðleik um altarisbrauð og uppskrift þar sem segir að í altarisbrauðið skuli notað heilhveiti, hveiti og ölkelduvatn.



**● ÍSLENSKT ÞEMA Í VEISLUNA** Þjóðlegt þema virðist eiga upp á pallborðið þessa dagana og gaman að leika sér að því að láta veisluna líta út fyrir að vera nógu „íslenska“. Klassískt ráð er að skreyta með borðum af íslenska fánanum sem fást til að mynda í bókabúðum. Einnig mætti blása upp blöðrur í fánalitunum – rauðum, bláum og hvítum og skreyta. Þá eru til servíettur með lopapeysumynstri sem og kerti. Gömlu fallegu þjóðbúningadúkkurnar eru líka alltaf skemmtilegar og þannig mætti fá lánaðar nokkrar slíkar í íslenskum búningi og stilla þeim upp á veisluborðið.

# FERMINGARGJAFIR Á FRÁBÆRU VERÐI!

Öll raftækin fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.



**Melissa**
**Sléttujárn með keramik plötum**
635113
- Hvítar keramik plötur
- Betri hitadreifing
- Hámarkshiti: 200°C

**2.990kr** GOTT VERÐ

**PHILIPS**
**Sléttujárn** HP8300
- Keramik húð
- Professional styling temprature að 180°C
- Aðeins 30 sek. að hitna
- Stafræn hitastilling



**5.990kr** GOTT VERÐ

**PHILIPS**
**Hárblásari** HP8180
- 2100w Professional hárblásari með 6 hita og hraðastillingar
- Mjór haus fyrir nákvæmari blástur
- Túrbo blástur án þess að auka hita
- CoolShot tækni
- Auðvelt að hreinsa



**5.990kr** GOTT VERÐ



**Melissa**
**Hársnyrtisett** 635097
- Flott 5 í 1 hársnyrtisett
- Keramik húðað, 2 hitastig
- 19mm og 25mm krullujárni og sléttujárni ásamt aukahlutum
- Auðvelt í notkun

**4.990kr** GOTT VERÐ



**tasco**
**Sjónauki** 168RB
- 10x stækkun
- 25mm rauð gler
- Taska fylgir
- Litur: Svartur
- Þyngd: 260,8g

**4.990kr** GOTT VERÐ



**CASIO**
**Myndavél** EXZ33PINK
- Stafræn myndavél með 10.1 milljón punkta upplausn
- EXILIM Engine 2.0
- BESTSHOT 41 myndstillingar
- Face Detection function
- Anti-Shake DSP - Hristivörn
- 2.5" TFT LCD Skjár (230.400 pixlar)
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 36 - 108mm)
- You Tube™ Capture Mode
- 11.4MB Innra minni og rauf fyrir SD/SDHC kort
- Rafhlaða endist í allt að 230 skot
- Hleðslutæki, hleðslurafhlaða og hugbúnaður fylgja

**24.990kr** V.Á. 29.990.-

**OLYMPUS**
**Myndavél** FE26SV
- 12 MegaPixel
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 36 - 108mm)
- 2,7" LCD Skjár
- Face Detection - þekkir andlit
- Autofocus, Contrast Detection og White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480)
- Fjórar myndstærðir
- 13 Scene Modes
- Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi
- USB tenging við tölvu
- Tekur MicroSD kort
- 19MB innra minni, USB snúra og AA rafhlöður fylgja
- Hugbúnaður fylgir



**17.990kr** V.Á. 19.990.-

**UNITED**
**22" LCD sjónvarp með DVD spilara** 22DD91HD
- 22" LCD sjónvarp
- 16:9 breiðtjald
- Innbyggður fjölkerfa DVD spilari
- Innbyggður stafrænn móttakari (DVB-T)
- 12v og 220v
- Upplausn: 1680x1050
- Styður PAL(BG/DK/I) og SECAM(BG/DK)
- Nicam stereó hljóðkerfi
- Textavarp
- Sjálfvirk leit
- Fjarstýring
- HDMI, scart, S-Video & VGA(PC) tengi



**69.990kr** GOTT VERÐ



**UNITED**
**Sjónvarpsflakkari 640GB** MMP9530
- Nettur háskerpu sjónvarpsflakkari • Tekur 3.5" harða diska
- Margmiðlunarspilari • Spilar kvikmyndir, ljósmyndir og tónlist
- Styður MPEG1/2/4 avi (DivX, XviD) .dat, .vob (DVD), MP3, WMA, AC3, WAV, JPEG • Upplausn: 720p/1080i (High Definition)
- Innbyggður kortalesari sem spilar beint af SD/MMC minniskortum
- Stuðningur fyrir texta (subtitles) • Composite, HDMI og Optical tengi
- PAL & NTSC stuðningur • FAT32 eða NTFS skráarkerfis stuðningur
- Aðgerðahnappar á tæki og fjarstýringu • Skráarflutningur með USB 2.0 (Windows, MacOs, Linux)

**27.990kr** GOTT VERÐ

Gildir til 16. mars á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

KANADAFERÐIR
WINNIPEG – BEINT FLUG



Vesturheimur SF býður ódýrar ferðir til Winnipeg í Kanada í sumar.

Nánari upplýsingar á www.vesturheimur.com eða í síma 861-1046

Ferðamálastofa Icelandic Tourist Board

Fjölskyldan

Kemur út laugardaginn 13. mars 2010

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:

Benedikt Freyr
• benediktj@365.is
• sími 512 5411



Frekar stutt klipping. Hár er klippt stutt í hliðum og að aftan; stutt að ofan en haldið í toppinn, sem er annars vel þynntur. Toppur svo greiddur til hliðar, hliðar greiddar fram og hári lyft upp á kolli. Módel: Brynjar Magnús Friðriksson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Þessari klippingu svipar til þeirrar sem Brynjar skartar, nema hárið er örlítið síðara að aftan og efst uppi á kollinum, sem legst meira fram með síðari toppi. Síðari bartar og annar bartinn hafður síðari en hinn. Módel: Gunnar Páll Gíslason.



Stutt með síðari útlínum. Bartar ná fram, stutt yfir eyrum, millisíður toppur og sítt að aftan. Módel: Óliver Þór Davíðsson.

# Stutt, loðið og allt í gangi

**Jón Hrólfur Baldursson, eigandi rakarastofunnar Rebel í Kópavogi, veit hvaða klippingar eru í tísku meðal fermingardrengja.**

„Kamburinnn sem hefur verið í tísku virðist ætla að vera langlífur og strákarnir eru farnir að fá sér ýktari útgáfu af honum. Nú er kominn ákveðinn stallur í hann og svo síður toppur sem hægt er að greiða á ýmsa vegu,“ tekur Hrólfur sem dæmi um vinsæla klippingu meðal drengja á fermingaraldri og segir fótboltakappa á við Becham og Ronalda vera helstu áhrifavalda.

Hrólfur segir kambinn þó ekki endilega hentuga fermingarklippingu heldur mælir frekar með hlutlausari klippingum. „Rosalega ýktar klippingar eru kannski ekki alveg málið á sjálfan fermingardaginn þótt þær henti vel við önnur tækifæri. Eins getur verið leiðinlegt að vera á fermingarmyndinni með klippingu sem er afgerandi fyrir eitthvað tímabil og getur orðið hallærisleg með tímanum,“ bendir Hrólfur á og talar þar af reynslu þar sem hann fermdist sjálfur með hárið skipt í miðju og stall.

En strípur eða litir, koma þeir ekki til greina? „Einu sinni voru strípurnar allsráðandi, en það er orðið svolítið síðan. Það er mjög sjaldgæft að mínir kúnnar vilji einhverja liti í hárið, þeir halda sig nú yfirleitt frekar við sinn náttúrulega lit,“ segir Hrólfur og bætir við að fyrir sitt leyti þyki honum það miklu flottara. Á myndunum sýnir hann vinsælar klippingar sem foreldrar og fermingarbörn geta orðið ásátt um. - rve

# Góð og lærdómsrík upplifun

Ef til stendur að gefa lærdómsríka upplifun í fermingargjöf er ekki úr vegi að bjóða ungmennunum í tungumálaskóla erlendis, en slíkar ferðir hafa notið vinsælda mörg undanfarin ár.

Enskuskóli Erlu Ara hefur meðal annars staðið fyrir námsferðum fyrir unglinga á aldrinum þrettán til fimmtán ára undanfarinn áratug eða svo, í samvinnu við Kent School of English. Sá skóli hefur starfað síðan árið 1972 og leggur áherslu á að bjóða upp á fjölbreytta kennslu sérmenntaðra kennara og sérhæfir sig í að taka á móti hópum nemenda frá hinum ýmsu löndum á sumrin. Skólinn er staðsettur í Broadstairs, 25.000 manna sjávarbæ og sumarleyfisstað á suðausturströnd Englands. Broadstairs er skammt frá Canterbury og Dover, í tæplega tveggja tíma akstursfjarlægð frá London.



Þessi hópur tók þátt í enskuskólanum fyrir nokkrum árum.

Ekki er einungis um að ræða enskukennslu í skólanum, því nemendur taka þar einnig þátt í dagskrá þar sem alls kyns íþróttir, baðstrandarferðir og fleira er meðal þess sem boðið er upp á.

Enskuskólinn í sumar stendur yfir frá 20. júní til 3. júlí. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni enskafyrirallа.is.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



www.lyfja.is

LYFJA

- Lifið heil



# FERMING 2010

## Úrval gjafa á góðu verði fyrir fermingarbörn

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 49589 03/10

## Gosh




**4.590 kr.**+

GOSH gjafakassi
Gosh gjafaaskja með maskara, augnblýanti og augnahárum

## Adidas




**3.590 kr.**+

ADIDAS Deep Energy
Eau de Toilette 50 ml., sturtugel 250 ml. og roll on

## Naomi Campell




**3.590 kr.**+

CAT DELUXE With Kisses
Eau de Toilette 15 ml., sturtugel 50 ml. og body lotion 50 ml.

## Puma




**3.590 kr.**+

PUMA URBAN MOTION gjafaaskja fyrir dömur
Eau de Toilette 20 ml., sturtugel 50 ml. og body lotion 50 ml.

## Christina Aquilera




**3.590 kr.**+

CHRISTINA AQUILERA gjafakassi
Eau de Parfum 15 ml., sturtugel 50 ml. og body lotion 50 ml.

## Puma




**3.590 kr.**+

PUMA FLOWING gjafaaskja fyrir dömur.
Eau de Toilette 20 ml. og sturtugel 200 ml.

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

## Fasteignir


HÚSEIGN Fasteignamiðlun
Baldvin Ómar Lögg. fasteignasali

**Bragagata 29 – Reykjavík**

OPIÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUDAG KL. 17.30 - 18.00




Fallegt rað/parhús á góðum stað í 101. Góðar innréttingar. Húsinu er vel viðhaldið. **Allar nánari upplýsingar veitir Baldvin Ómar í síma 8981177**

Suðurlandsbraut 48 • 108 Reykjavík • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • fös. 10-17
Baldvin Ómar Magnússon - Löggildur fasteignasali


## Tilkynningar

### Landskjörstjórn

Fundur til að lýsa úrslitum atkvæðagreiðslunnar um lög nr. 1/2010.

Landskjörstjórn kemur saman til fundar í húsakynnum nefndasviðs Alþingis mánudaginn 15. mars kl. 15:00 til að úrskurða um gildi ágreiningsseðla og lýsa úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslunnar sem haldin var 6. mars 2010 um gildi laga nr. 1/2010, um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 4/2010 skulu kærur um ólögmæti atkvæðagreiðslunnar, aðrar en refsikærur, sendar landskjörstjórn til úrlausnar eigi síðar en tveimur dögum fyrir fundinn. Kærur skulu merktar: Landskjörstjórn, b.t. Ásmundar Helgasonar, Alþingi, Kirkjustræti 10, 150 Reykjavík.

Reykjavík, 9. mars 2010.
Landskjörstjórn.


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki


## Húsnæði í boði

Herbergi í Vesturbæ, með öllu. 45þ. ROOM FOR RENT. All incl. Sími 694 5987.

Rúmgott herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 50-120 fm vinnustofu/ iðnaðarhús/vinnuaðstöðu í kóp. eða Garðarbæ fyrir myndlistafólk, Greiðslugeta 50-70 þús. S. 893 5066.

## Sumarbústaðir



**Þrastahólar í landi Búrfells Grímsnesi**

Snyrtilegt, nýstandsett og fullbúið 58fm sumarhús á góðri 5.500 fm eignarlóð. 100 fm sólpallur. Hitaveita og heitur pottur. Verð 15,5 m, lán 13,9 ca. 80 þús,pr.mán. Uppl. í s: 898 1598.

## Fasteignir



**Fossahvarf 11 - glæsileg fullbúin sérhæð m.bílskúr-opið hús**

Til sölu glæný og glæsileg 177 fm efri sérhæð ( þ.a.30 fm bílskúr)í vönduðu og nýju tvíbýli. Glæsilegar innréttingar og gólfefni.Stórar 30 fm svalir. Flott útsýni. Verð 39,9 millj.áhvíl ca. 19 millj íls. Möguleg Skipti á minni eign. Opið hús í dag kl. 18.-18.30. Björn s: 771 9432.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 210 fm. iðnaðarhús í Hafnarf. Uppl. í síma 892 9260.

320 fm iðnaðarhúsnæði til leigu á Smiðjuvegi. Möguleiki á að skipta í tvö bil. Uppl. í síma 896 0551.

Til leigu, 90, 180, 360 og 1000 fm iðnaðar- og lagerhúsnæði í Hafnarfirði. Uppl. 660 1060.

Til leigu 100fm pláss í Súðavogi 16, gengið inn frá Knarravogi. Innkeyrsludyr og mikil loftæhæð. Gæti nýst sem stúdíó, skirfstofa, lager eða íbúð. S. 893 0320.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**

Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**

Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

## Fundir / Mannfagnaður

Samkaup

### Aðalfundur í Samkaupum hf.

Stjórn Samkaupa hf. boðar hér með til aðalfundar í félaginu fyrir rekstrarárið 2009.

Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 17. mars 2010 kl.15 á skrifstofu Samkaupa hf. Krossmóa 4a, 260 Reykjanesbæ.

Á dagskrá fundarins eru aðalfundarstörf samkvæmt 14. gr. samþykkta félagsins. Þá verður lögð fyrir fundinn tillaga um að félagið megi eignast og eiga allt að 10% hlutafjár í félaginu í 3 ár.

Stjórn Samkaupa hf.


ALLT TÍSKA

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is
sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is
sími 512 5447

Fimmtudaga


# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Vélstjóri óskast**

Óska eftir vélstjóra með 2000 hö réttindi á togara sem stundar rækjuveiðar og frystir aflann um borð. uppl. sendar á birgirborg@simnet.is

**Jeppaland**

Bifvélavirki eða maður vanur viðgerðum óskast uppl: 571-0200 Jeppaland ehf.

Ábyrgir aðilar, GÓÐAR TEKJUR~~uppl. 868 5357 / 846 7260~~

Baadermaður/vélamaður óskast til starfa í Bulandet fiskeindustri í Noregi. Óskum eftir einstaklingi með reynslu úr fiskvinnslu eða matvælaiðnaði. Rafvirkja- og/eða vélvirkja menntun er kostur. Þarf að geta starfað sjálfstætt og tekið ábyrgð í starfi. Kostur ef viðkomandi getur hafið störf í apríl/maí. Gott starfsumhverfi og laun eftir samkomulagi. Hafið samband í síma: 0047-9174-3634 / 0047-5773-3030 eða e-póst: pat@bufi.no

Fólk vantar í eldhús í miðbæ Rvk. Reynsla skilyrði. Uppl. í s. 866 7629.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Símadömur 908 1616**

**Er ykkur kalt? Við verðum við. Hringdu í uppáhalds dömuna þína. Við bíðum eftir þér!**

**Halla er ný.**

**Opið frá kl. 13:00 og frameftir á virkum dögum. Opið allan sólahringin um helgar.**

**908 1616.**

The Purple Rabbit
PurpleRabbit.is

**Samkynhn. KK ath:**

Nú er allt vaðandi í nýjum auglýsingum samk.hn. KK og það bætast sífellt nýjar við! Þú auglýsir og vitjar skilaboða frítt í s. 535-9923 en heyrir auglýsingar annarra í s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (Visa/Mastercard). Ertu búinn að heyra nýjustu auglýsingarnar í dag?

Ert þú sá rétti? Ung, dökkhærð kona vill kynnast ákveðinni „tegund" af karlmanni til að skemmta sér með. Auglýsingu hennar má heyra á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (Visa/Mastercard), augl.nr. 8356.

Þú fylgist með henni baða sig! Hér er ný og spennandi hljóðritun ungrar konu sem finnst yndislegt að hljóðrita athafnir sínar í baðkarinu þannig að þú getir notið þeirra með henni. Hlustaðu á þessa í einrúmi! Þú heyrir hana hjá Sögum Rauða Torgsins, sími 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (Visa/ Mastercard), uppt.nr. 8412.

**Strákar spjallið við dömuna**

S. 908 1010 alla daga

Óskum eftir verkamanni til starfa á höfuðborgarsvæðinu þarf að hafa lyftara eða vinnuvélapróf. uppl. í 898 9308 á skrifstofutíma.

Óska eftir kynnum við konu á aldrinum 55-65 ára. Upplýsingar í síma 8929512


Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


## Atvinna

# Umbrotsmaður

## – 365 miðlar óska eftir öflugum umbrotsmanni á sölusvið Fréttablaðsins.



Starfið felst í almennri umbrotsvinnu, ásamt hönnun og innsetningu auglýsinga. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi góða kunnáttu á forritunum Indesign, Illustrator og Photoshop. Viðkomandi þarf að vera heiðarlegur og ábyrgur, úrræðagóður og með góða þjónustulund.

**Áhugasamir vinsamlegast sækið um á www.365.is. Störf hjá 365, merkt umbrotsmaður. Nánari upplýsingar veitir Jón Laufdal, jonl@365.is.**

365

# Yfirburðir Fréttablaðsins aldrei meiri!




**93%** Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 93% lesenda blaðanna

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og nýjasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán. til lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent nóv. 2009 til jan. 2010.

**ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON ER 33 ÁRA Í DAG.**

*„Allt er skárra en Bush-árin, sem skilja eftir sig sviðna jörð.“*

***Ágúst Ólafur er fyrrverandi varaformaður Samfylkingarinnar. Þetta sagði hann þegar Barack Omaba var kosinn forseti Bandaríkjanna.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 10. MARS ÁRIÐ 1988

## *Sálin hans Jóns míns 22 ára*

Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns hélt sína fyrstu tónleika þennan dag árið 1988 sem telst vera stofndagur hljómsveitarinnar. Tónleikarnir fóru fram í Bíókjallaranum við Lækjargötu. Stefán Hilmarsson, Guðmundur Jónsson og Jón Ólafsson stofnuðu hljómsveitina og fengu þá Rafn Jónsson trommuleikara og Harald Þorsteinsson bassaleikara til liðs við sig. Fyrsti smellur hljómsveitarinnar var Á tjá og tundri. Töluverðar mannabreytingar hafa orðið í sveitinni en árið 1989 gengu þeir Jens Hansson, saxófón- og hljómborðsleikari, og Friðrik Sturluson bassaleikari til liðs við sveitina. Þeir hafa verið í henni síðan.

Hljómsveitin hefur sent frá sér fjöldann allan af smellum meðal annars Auður, Hvar er draumurinn, Krókurinn og Hjá þér.



**SÁLIN HANS JÓNS MÍNS** Ein vinsælasta hljómsveit Íslandssögunnar.

Aðdáendaklúbbur Sálarinnar hans Jóns míns, Gullna liðið, var stofnaður árið 2003 og þegar sveitin fagnaði tuttugu ára afmæli sínu voru um fjórtán hundruð manns skráðir í hann.

### MERKISATBURÐIR

1804 Bandaríkin kaupa Louisiana af Frökkum.

1934 Dregið er í Happdrætti Háskóla Íslands í fyrsta sinn í Iðnó í Reykjavík að viðstöddu fjölmenni. Hæsti vinningur var 10 þúsund krónur.

1944 Flugfélagið Loftleiðir er stofnað.

1964 Fyrsti Ford Mustang-bíllinn er framleiddur.

1991 Davíð Oddsson er kjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins.

2005 FL Group er stofnað utan um fjárfestingarhluta Icelandair Group.

### AFMÆLI



**CHUCK NORRIS,** leikari er sjötugur.



**SHARON STONE** leikkona er 52 ára.



†

*Móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sigríður Hildur Þórðardóttir,**

vélritunarkennari, áður til heimilis Sporðagrunni 3, Reykjavík

andaðist á Hjúkrunardeild Hrafnistu laugardaginn 6. mars. Útförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 15. mars kl. 15.

**Guðlaug Ingunn Jóhannsdóttir, Mats Hjelte, Johan Petter, Elin Ingunn, Emma Mathilda, Jóhann G. Jóhannsson, Bryndís Pálsdóttir, Jóhann Páll, Hildur Margrét, Ragnheiður Ingunn.**

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Kristínar Guðlaugar Bárðardóttur**

Stífluseli 8.

Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæsludeildar Landspítalans í Fossvogi fyrir kærleik og hlýhug. Guð blessi ykkur öll.

**Símon V. Gunnarsson** **Eygló Andrésdóttir**
**Jóna Guðrún Gunnarsdóttir** **Jón Sveinn Friðriksson**
**Matthías Gunnarsson** **Katrín Eiríksdóttir**
**Dagný D. Gunnarsdóttir** **Halldór D. Guðbergsson**
**Kristín Gunný**
**Gunnar Magnús**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTIÐ

## Lokað vegna útfarar

Vegna útfarar Þorsteins Geirssonar ráðuneytisstjóra verða skrifstofur dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins lokaðar eftir hádegi miðvikudaginn 10. mars.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu,
9. mars 2010.



**HEFUR SÝNT SAMFÉLAGI SÍNU RÆKTARSEMI** Össur byrjaði sjálfur í Skólahljómsveit Kópavogs tíu ára og hefur starfað nær óslitið með henni síðan, eða á fjórða áratug. MYND/GEIR A. GUÐSTEINSSON

ÖSSUR GEIRSSON: ÚTNEFNDUR FJÓRTÁNDI ELDHUGI KÓPAVOGS

# Leiðir ungviðið til árangurs

Össur Geirsson, stjórnandi Skólahljómsveitar Kópavogs, var útnefndur Eldhugi Kópavogs 2010 af Rótarýklúbbi Kópavogs í gær en þann heiður hlýtur sá Kópavogsbúi sem er talinn hafa skarað fram úr á einhverju sviði eða sýnt samfélagi sínu eftirtektarverða ræktarsemi eða þjónustu. Össur er vel að heiðrinum kominn. Hann byrjaði í hljómsveitinni árið 1972 og hefur ýmist spilað með henni eða starfað við hana nær óslitið síðan. Hann hóf kennslu við sveitina þó nokkrum árum áður en hann hætti að spila með henni, eða árið 1986 og tók við sem stjórnandi árið 1993 þegar Björn Guðjónsson,stofnandi hennar, lét af störfum.

Össur, sem er básúnuleikari, hefur lengi haft áhuga á tónlistarmenntun og er umhugað um að börn læri á hljóðfæri. „Þetta er mitt helsta áhugamál sem kemur sér vel því ekki eru það launin sem trekkja,“ segir Össur. Hann hefur að sögn unun af því að fylgjast með börnunum ná tökum á hljóðfærum sínum. Um 170 börn eru í Skólahljómsveit Kópavogs sem er starfrækt sem tónlistarskóli. Þar starfa auk Össurar þrettán kennarar sem kenna nemendunum á hljóðfæri í einkatímum. Nemendurnir, sem eru á grunnskólaaldri eru 150 talsins en auk þess sækja 15 til 20 nemendur, sem stunda framhaldsskólanám eða nám í öðrum tónlistarskólum, hljómsveitarstarfið til skólahljómsveitarinnar. Nemendur fá síðan tvær samæfingar á viku.

Hljómsveitin heldur upp undir nítíu tónleika á ári en sérstakir vor- og hausttónleikar eru sérlega veglegir. Vortónleikarnir, sem jafnan eru haldnir í Háskóabíói, eru nýafstaðnir. Þá er reglulega farið í æfingabúðir auk þess sem hljómsveitin fer í tónleikaferðir jafnt innanlands sem utan. Vinna Össurar er því ekki hefðbundin níu til fimm vinna heldur þarf hann að vinna af hendi bæði kvöld- og helgarvinnu. Þá er uppeldisstarfið ekki síður mikilvægt en tónlistarkennslan.

„Ég segi það hikstalaust að starfið hefur mikið forvarnagildi. Á ferðalögum okkar þykir svo sjálfgefið að þetta sé vímulaus starfsemi að það þarf ekki einu sinni að nefna það. Þá leggjum við mikið upp úr samvinnu og tillitsemi og gera nemendur sér grein fyrir því að það sem einn gerir hefur áhrif á allan hópinn og þurfa þeir að hugsa um hvernig þeir koma fyrir á okkar vegum.“

Í rökstuðningi Rótarýklúbbs Kópavogs segir að Kópavogsbúar séu þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa við stjórnvölinn á þessu sviði duglegan og áhugasaman mann sem leiðir ungviðið til árangurs við tómstundaiðju sína. „Alls staðar þar sem spurst er fyrir um starfsemi hljómsveitarinnar fær hún góða dóma og þykir Össur vinna frábært starf.“

**vera@fettabladid.is**

# Safnahelgi á Suðurnesjum

Söfn á Suðurnesjum bjóða upp á sameiginlega dagskrá í annað sinn helgina 13. til 14. mars undir yfirskriftinni Safnahelgi á Suðurnesjum. Ókeypis verður á öll söfn sem eru mörg og fjölbreytt.

Menningarráð Suðurnesja, Sparisjóður Keflavíkur og Ferðamálasamtök Suðurnesja styrkja verkefnið sem unnið er af fulltrúum sveitarfélaganna fimm á Suðurnesjum.

Ýmislegt verður í boði um helgina. Tónleikar, sýningar, leiðsagnir og margs konar uppákomur. Humarsúpa, saltfiskur og annað góðgæti verður í boði auk þess sem haldin verður keppni um besta saltfiskréttinn. Sjómannavalsar, draumráðningar, rokk og ról og harmónikutónlist. Skessan í hellinum, Heimskautin heilla og Sköpun alheimsins svo fátt eitt sé nefnt.

Nánari dagskrá má kynna sér á síðunni www.safnahelgi.is



**DUUSHÚS** Mikið verður um að vera á Suðurnesjum um helgina.

# Sjötíu Íslendingar á Old Trafford



**Á LAUGARDALSVELLI** Rakel og Viktor með stjórnarmeðlimum í United-klúbbnum á Laugardalsvellinum. Þau munu í kvöld leiða fótboltastjörnur United og Milan inn á leikvöllinn. MYND/ÚR EINKASAFNI

Sjötíu Íslendingar ætla að sjá Manchester United taka á móti AC Milan í síðari leik liðanna í Meistaradeildinni í kvöld. Fararstjóri verður útvarpsmaðurinn góðkunni og ritari United-klúbbsins á Íslandi, Siggi Hlö.

„Það er löngu uppselt í þessa ferð. Við eigum 52 miða á Old Trafford en það eru Vita-ferðir sem setja upp þessar hópferðir,“ segir Siggi, sem hefur margsinnis áður verið fararstjóri. Fyrst starfaði hann fyrir Samvinnuferðir þar sem tónleikaferðir voru fyrirferðarmestar en er nú kominn á fullt í fótboltaferðirnar. Siggi er vongóður um að sínir menn komist í átta liða úrslitin með því að leggja Milan að velli. 2-3 útisigur liðsins í fyrri leiknum ætti að koma liðinu langleiðina þangað. Hann hefur þó varann á: „Maður tekur bara einn leik fyrir í einu.“

Tvö íslensk börn voru valin af Mastercard til að leiða fótboltastjörnur United og Milan inn á leikvanginn. Annars vegar Rakel Konráðsdóttir sem er níu ára og hins vegar hinn sjö ára Viktor Hafþórsson. Rakel, sem æfir fótbolta með Stjörnunni, hlakkar mikið til að stíga á Old Trafford, enda er hún mikill United-aðdáandi eins og allir í hennar fjölskyldu. „Mig langar að leiða Rooney inn á völlinn. Hann er svo góður,“ segir hún og getur ekki beðið.

Til að hita upp fyrir uppákomuna fengu krakkarnir að leiða stjórnarmeðlimi United-klúbbsins á Íslandi inn á Laugardalsvöll og leiddi Rakel einmitt Sigga Hlö. Til að allt yrði eins raunverulegt og kostur var hljómaði meistaradeildarlagið í hátalarakerfinu. „Hún stóð sig bara mjög vel. Hún var örlítið feimin en það er alveg eðlilegt þegar hún er að leiða stórstjörnu. Það þarf að venja hana við,“ segir hann og hlær. - fb

---

†



*Útför*

**Magnúsar Jónssonar**

Skarphéðinsgötu 2, fyrrum verslunarstjóra í Slippnum við Mýrargötu,

fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 11. marz kl. 15.00.

**Guðrún Kristín Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Ástkær móðir mín,*

**Jolee Margaret Crane**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 5. mars.

**Ingileif Helga Leifsdóttir**

---

†



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Ruth Kristjánsdóttir**

Sæviðarsundi 100, Reykjavík,

lést á Landspítalanum þann 3. mars. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju, föstudaginn 12. mars kl. 13.00.

**Óskar Hjartarson,**
**Ólöf Sesselja Óskarsdóttir** **Árni Árnason**
**Sigurborg Óskarsdóttir**
**Hrafnhildur Árnadóttir**
**Arngunnur Árnadóttir**
**Valgerður Árnadóttir**

---

†



*Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar L.S. Pétursson**

lést á lungnadeild LSH, mánudaginn 1. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

**Selma Hrólfdal Eyjólfsdóttir**
**Hilmar Pétur Gunnarsson** **Hlíf Magnúsdóttir**
**Aðalheiður Esther Gunnarsdóttir** **Guðjón Birkir**
**Guðrún Petrea Gunnarsdóttir** **Sverrir Ingólfur Ingólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Ólafs Guðmundssonar**

Réttarholtsvegi 31, Reykjavík,

fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 12. mars og hefst kl. 13.00.

**Sigríður Ólafsdóttir** **Guðmundur Guðmundsson**
**Elías Ólafsson** **Halldís Ármannsdóttir**
**Benóný Ólafsson** **Jenetta Bárðardóttir**
**Óttar Hallsteinsson** **Helga Guðmundsdóttir**
**Elín Hallsteinsdóttir** **Sigurður Rúnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Minningarathöfn um ástkæran föður okkar, son og bróður,*

**Níels Ólafsson**

verður haldin í Fossvogskapellu fimmtudaginn 11. mars kl. 15.30.

**Hafþór Níelsson**
**Tryggvi Níelsson**
**Ólafur Hafþór Guðjónsson**
**Björg Ólafsdóttir** **Magnús Magnússon**
**Daníel Ólafsson**
**Guðjón Hafþór Ólafsson** **Þuríður Edda Skúladóttir**

---

†



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, bróður og afa,*

**Sigurðar Þórs Péturssonar**

Pétursborg, Kollafirði/Kjalarnesi.

**Árnína Kristín Dúadóttir**
**Þóra Kristín Sigurðardóttir** **Heimir Björgvinsson**
**Oddrún Ýr Sigurðardóttir**
**Pétur Már Sigurðsson**
**Hörður G. Pétursson og fjölskylda**
**Bella Hrönn Pétursdóttir og fjölskylda**
**Árnína Björt, Þórdís Rún, Sigurður Darri og Sölvi Þór.**

---

†



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Steindór Jónsson**

bifvélavirki,

sem andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, Kópavogi þriðjudaginn 16. febrúar, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 11. mars kl. 13.00. Fjölskyldan vill þakka starfsfólki Sunnuhlíðar frábæra umönnun. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð.

**Grímur Marinó Steindórsson**
**Dóra Steindórsdóttir** **Þorvaldur Ingólfsson**
**Hrafn Steindórsson** **Margrét Johnsen**
**barnabörn og aðrir afkomendur.**

---

†



*Elskulegur eiginmaður minn og faðir,*

**Sigurbjörn Hreindal Pálsson**

Vallarhöfða 12, Kópavogi,

lést laugardaginn 6. mars á gjörgæsludeild Landspítalans. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 15. mars kl. 13.00.

**Elsa Skarphéðinsdóttir**
**Bóas Hreindal Sigurbjörnsson**

---

†



*Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Ólafsson**

áður Hólagötu 17, Vestmannaeyjum,

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 11. mars kl. 15.00.

**Rut Sigurðardóttir** **Bjarni Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---


†

*Æviminning*

Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasíðum blaðsins.

**Hafið samband í síma 512 5490-512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið timamot@frettabladid.is**








# Rífum plásturinn af

**BAKÞANKAR**
**Kolbeins Óttarssonar Proppé**



Alþjóðlegur baráttudagur kvenna var á mánudag haldinn í hundraðasta sinn. Ráðstefnur voru haldnar, málþing setin og vonandi nýttu einhver daginn til að hugleiða stöðu þessa málaflokks. Stöðu sem er fáránlega vond. Reglulega kemur í ljós hve ástandið er bágborið í þessum efnum og hve skammt á veg við erum komin. Það vekur mann til umhugsunar um hvort réttum meðulum sé beitt.

**UMRÆÐAN** um jafnréttismál er á pari við umræðu um Icesave hvað stöðnun varðar. Þó vissulega hafi þokast fram á veg í þessum málaflokki má finna rök og ummæli sem gætu eins hafa verið látin falla fyrir áratugum síðan. Og þau hænuskref sem stigin eru kosta ágjöf og ágreining. Allt sem heitir jákvæð mismunun er eitur í beinum sumra, þeir sem tala fyrir kynjakvótum – eða hreinum kvennakvótum – í stjórnmálum og stjórnum fyrirtækja eru sakaðir um að brjóta á mannréttindum karlanna sem ekki komast að.

**ÞAÐ** er kannski ekki nema von að erfiðlega gangi að snúa kúgun sem viðgengist hefur í aldir við. Þó hefur vottur af bjartsýni á mannfólkið oft og tíðum kveikt neista bjartsýni sem því miður deyja allt of fljótt út. Það er einfaldlega fáránlegt að við þurfum að vera ræða um alla þessa kvóta, að við þurfum að grípa til sérstakra aðgerða til að fjölga konum í stjórnum og stjórnmálum, að það þurfi átak frá stjórnvöldum, reglugerðir frá stjórnvöldum, tilskipanir frá stjórnvöldum, til að reyna að koma jafn sjálfsögðum hlutum í verk og að jafnrétti ríki í reynd.

**BYLTINGARSINNAÐIR** hljóta að velta því fyrir sér hvort róttækari aðgerða sé ekki þörf. Hvort ekki sé betra að ráðast með sleggju á aldagamlan kúgunarmúrinn en að að mylja hann smátt og smátt niður. Þarf ekki að mæta öfgunum sem ríkt hafa með öðrum öfgum? Vissulega myndast ástand misræmis en til lengri tíma litið skapast jafnvægi.

**ÉG HEF** oft velt því fyrir mér hvort ekki eigi tímabundið, segjum í tuttugu, þrjátíu ár, að gefa konum sviðið. Banna körlum framboð og stjórnarsetur. Vissulega er það ósanngjarnt gagnvart þeim sem verða fyrir því, en þeir geta þó stoltir sagst hafa gefið sitt eftir til að skapa fegurri heim. Þeir hafi setið til hlés til þess að mæður þeirra, systur, eiginkonur og dætur nytu sama réttar og þeir sjálfir. Erum við ekki tilbúin til að leggja slíkt á okkur fyrir okkar nánustu?

**AÐ ÞESSUM** tíma liðnum yrði allt frjálst á ný, engir kynjakvótar, engin átaksverkefni, engar tilskipanir. Plásturinn rifinn af og undin heil á eftir. Þar ríkir jafnréttið eitt.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**BÓKMENNTIR** Halldór Guðmundsson fær góða dóma í dönskum blöðum fyrir ævisögu sína um Halldór Laxness.

# Ævisögu Halldórs vel tekið

**Ævisaga Halldórs Guðmundssonar um Halldór Laxness er komin út í Danmörku og fær rífandi dóma. Gagnrýnendur dönsku blaðanna ausa hana lofi og strá stjörnum og hjörtum í bland. Fyrirsögn dagblaðsins Berlingske Tidende var „Hið bókmenntalega eldfjall“ og fékk bókin þar fimm stjörnur af sex mögulegum hjá gagnrýnandanum Per Krogh Hansen: „Halldór Guðmundsson er vel skrifandi. Rithátturinn er svalur og raunsær, staðgóður og vel studdur heimildum.“**

**Í Politiken skrifar May Schack að ævisagan sé „einstaklega vandlega unnin og vel skrifuð“ og gefur henni fimm hjörtu af sex. Kollegi hennar á Jótlandspóstinum hrósar nákvæmni höfundarins og þeirri minnisstæðu mynd sem hann dregur upp af viðfangsefni sínu. Þar rignir líka fimm stjörnum af sex.**

**Dorris Ottesen skrifar fyrir Kristilega dagblaðið og segir bókina mikilvægt norrænt menningarframlag: „Þetta er afar vel skrifuð, sérlega skipuleg og mjög grípandi bók um fyrirbærið Halldór Laxness.“ En landi hennar Torben Wendelboe, sem miðlar upplýsingum fyrir dönsku bókasöfnin, lýsir því yfir að hér sé komið „aðdáunarvert og heillandi lykilverk um einn af minnisstæðustu fulltrúum heimsbókmenntanna …“**

**Útgefandi bókarinnar í Danmörku er forlagið Vandkunsten.**

**- pbb**

# Heimur Fíusólar í Kúlunni

Það er góð aðsókn að leiksýningum stóru leikhúsanna sunnan heiða og líka fyrir norðan. Skyndilega ber svo við að uppselt er á fleiri en eitt verk nokkrar vikur fram í tímann, bæði fyrir börn og fullorðna. Það kom svo sem ekki á óvart að fyrirhuguð sviðsetning á leikverki sem sækir persónur og atburði til sagna Kristínar Helgu Gunnarsdóttur myndi spyrjast vel út. Hinn tryggi hópur ungra kvenlesenda, stúlkna og mæðra þeirra, hefur tekið sögum Kristínar firnavel og eru þær vinsælar meðal kvenna á öllum aldri og jafnvel karla.

Það var líka hugmyndin með sviðsetningu á atburðum úr sögunum og á laugardag hefst sýningarruna á leikverki um Fíusól í Kúlunni þegar frumsýnt verður samnefnt verk eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur um hina átta ára gömlu gleðisprengju – Fíusól. Nú þegar er orðið uppselt á allar sýningar fram í miðjan maí. Ástæðan fyrir þessum mikla spenningi er sú að stúlkan er vel kynnt af fjórum sögum skáldkonunnar.

Í leikritinu býður Fíasól leikhúsgestum heim í hosiló og inn í hræðilega ruslahauginn sem er herbergið hennar. Við kynnumst fjölskyldunni, besta vininum honum Ingólfi Gauki, bláu skrímslunum í gluggakistunni, draugunum undir rúminu og svo er eins gott að lyfta fótunum svo Sigmundur netþjónn komist að með töfraryksuguna sína!



**LEIKHÚS** Kristín Helga Gunnarsdóttir skáldkona. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lára Sveinsdóttir leikur hina einu sönnu Fíusól, Sindri Birgisson leikur Ingólf Gauk og María Pálsdóttir bregður sér í hlutverk mömmu, Pippu systur og Sigmundar netþjóns. Kristín Helga vann leikgerðina ásamt Vigdísi Jakobsdóttur, sem leikstýrir sýningunni. Halldór Baldursson og Högni Sigþórsson eru höfundar leikmyndar, Leila Arge hannaði búninga og Jóhann Bjarni Pálmason sér um lýsinguna. Ingó í Veðurguðunum samdi lögin í sýningunni og eiga krakkar eflaust eftir að kyrja þau löngu eftir að leiksýningunni er lokið.

Nú verða forráðamenn að hafa hraðan á og tryggja sér miða á leiksýninguna áður en til sumarleyfa kemur. Það selst líkast til upp hratt og örugglega.

**- pbb**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 10. mars 2010**

### ➜ Tónleikar





**12.30 Duo Harpverk,** skipað Frank Aarnink slagverksleikara og Katie Elizabeth Buckley hörpuleikara, flytur nýtt verk eftir Áskel Máson á Háskólatónleikum í hádeginu í **Norræna Húsinu** við Sturlugötu.

**20.00** Karlakórinn Stefnir í Mosfellsbæ heldur tónleika í tilefni af 70 ára starfsafmæli sínu. Tónleikarnir fara fram í Guðríðarkirkju í Grafarholti og sérstakir gestir verða Kristinn Sigmundsson óperusöngvari og Þórunn Lárusdóttir.

### ➜ Opnanir

**17.30 Þóra Jónsdóttir,** skáldkona frá Laxamýri opnar sýningu á olíumálverkum í Eiðisskeri, sal Bókasafns Seltjarnarness við Eiðistorg. **Opið mán.-fim kl. 10-19 og fös. kl. 10-17.**

### ➜ Námskeið

**16.15** Berglind Guðmundsdóttir sálfræðingur og Vigfús Bjarni Albertsson sjúkrahúsprestur hafa umsjón með námskeiðinu „Sálgæsla og áfallahjálp - samfylgd í kjölfar áfalla“ hjá Endurmenntun HÍ að Dunhaga 7. Skráning og frekari upplýsingar á **www.endurmenntun.is.**

### ➜ Fyrirlestrar

**12.00** Anda Rozukalne flytur erindi um breytingar á starfsumhverfi fjölmiðlafólks í Eystrasaltsríkjunum eftir aðskilnað við Sovétríkin. Fyrirlesturinn fer fram hjá **Háskólanum á Akureyri,** Sólborg við Norðurslóð (st. 201).

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA




HAUSAVEIÐAR

TEIKNISTOFU HVÍTA HÚSSINS VANTAR HÖNNUÐI

**GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR** þarf að vera með próf úr Listaháskólanum eða sambærilega menntun. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af störfum á auglýsingastofu, vera skapandi og geta unnið sjálfstætt. Við leitum að einstaklingi með frumkvæði og mikla hæfni í mannlegum samskiptum.

**VEFHÖNNUÐUR** þarf að hafa næmt auga fyrir smáatriðum, fylgjast vel með helstu straumum og stefnum í vefhönnun og vera fljótur að tileinka sér nýjungar. Innan Hvíta hússins starfar ört vaxandi nýmiðlunar- og vefhönnunardeild sem spilar Call of Duty í hádeginu.

**HVÍTA HÚSIÐ** hefur starfað lengst allra auglýsingastofa hérlendis, allt frá árinu 1967, og hefur áratuga reynslu af markaðsstörfum fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum landsins. Nafn stofunnar og merki er dregið af eggi, tákni frjósemi og sköpunar. Hvíta húsið er fullt hús hugmynda.

**Sendið umsóknir á starf@hvitahusid.is fyrir 15. mars 2010.**

www.hvitahusid.is

SAMBÍÓIN







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ALICE IN WONDERLAND kl. 5:40(3D) - 8(3D) - 10:20(3D) | | L |
| ALICE IN WONDERLAND | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| THE REBOUND | kl. 8 - 10:20 | L |
| BROTHERS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| BROTHERS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| VALENTINE 'S DAY | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| AN EDUCATION | kl. 5:50 | L |
| UP IN THE AIR | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| ALICE IN WONDERLAND kl. 5:40(3D) - 8(3D) - 10:20(3D) | | L |
| SHUTTER ISLAND | kl. 8 - 10:50 | 12 |
| INVICTUS | kl. 5:30 | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 8 | 12 |
| THE WOLFMAN | kl. 10:30 | 16 |
| BJARNFREÐARSON | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| AVATAR 3-D frumsýnd í 3d | kl. 8 | L |
| ALICE IN WONDERLAND | kl. 8 | L |
| THE REBOUND | kl. 8 - 10:20 | |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE GOOD HEART | kl. 5.50 - 10.10 | 10 |
| LEGION | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| SHUTTER ISLAND | kl. 5 - 8 - 11 | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 5 - 8 - 11 | 14 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 8 - 11 LÚXUS | 14 |
| AVATAR 3D | kl. 4.40 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 3.45 íslenskt tal | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE GOOD HEART | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| PRECIOUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| LEAP YEAR | kl. 8 - 10.15 | L |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 | L |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| FROM PARIS WITH LOVE | kl. 8 - 10 | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 | 14 |
| SHUTTER ISLAND | kl. 9 | 16 |
| ARTÚR 2 | kl. 6 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| FROM PARIS WITH LOVE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| LEGION | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| THE LIGHTNING THIEF | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| IT´S COMPLICATED | kl. 8 | 12 |
| NIKULÁS LITLI | kl. 6 | L |
| EDGE OF DARKNESS | kl. 10.30 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus






LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| FROM PARIS WITH LOVE | kl. 8 og 10.30-POWER | 16 |
| SHUTTER ISLAND | kl. 7 og 10 | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 10 | 14 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 5.40 | 12 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 5 - Ísl. tal | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM... | kl. 5 - Ísl. tal | L |
| THE HURT LOCKER | kl. 8 | 16 |


# Diddi Fel semur graðfolarapp

„Þetta er graðfolarapp," segir Diddi Fel úr Forgotten Lores sem gefur út sína fyrstu sólóplötu, Hesthúsið, í dag. „Við vorum í pásu í hljómsveitinni og ég hélt áfram að gera lög. Ég var með þetta verkefni í hausnum og þemað átti að vera mikið um stelpur og djamm," segir Diddi.

Addi Introbeats úr Forgotten Lores samdi slatta af töktum á plötunni og að því leytinu til svipar henni eitthvað til þeirrar sveitar. Ásamt honum sömdu takta þeir Diddi og Fonetik Symbol. Fleiri góðir gestir á plötunni eru Class B, Emmsjé Gauti, Anna Hlín, G.Maris, 7berg, Dóri DNA og Stjáni Miskilinn.

„Ég myndi segja að þetta væri meira tónlist sem er hægt að spila á djammi og „blasta" í bílnum. Það var pælingin með þessu. Tónlistin er meira byggð upp á grúvinu heldur en efninu í textunum," segir Diddi um samanburðinn við Forgotten Lores, sem hefur gefið út tvær vel heppnaðar plötur.

Útgáfupartí vegna Hesthússins verður haldið á Prikinu á laugardaginn. Diddi og félagar munu stíga á svið og Introbeats klárar síðan kvöldið sem plötusnúður. Frítt áfengi verður í boði til að byrja með auk þess sem nýja platan verður seld með afslætti. **- fb**



**DIDDI FEL** Fyrsta sólóplata hans, Hesthúsið, er uppfull af graðfolarappi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Plata í skugga læknamistaka

**Elías Bjarnhéðinsson gerir upp erfiðan tíma sinn á Borgarspítalanum á nýrri plötu.**

„Þetta var alveg ömurlegt og heppni í rauninni að þeir hafi ekki kálað mér með þessu rugli," segir Elías B. Bjarnhéðinsson.

Hann hefur gefið út plötuna Heilsugeirinn þar sem hann gerir upp þrautagöngu sína á Borgarspítalanum. Þar gekkst hann undir aðgerð á hrygg en aðgerðin fór úrskeiðis. Á endanum þurfti hann að gangast undir þrjár aðgerðir í stað einnar og fékk hann sýkingu eftir þá síðustu. Lá hann inni í heila sex mánuði vegna hennar. Í framhaldinu kærði Elías sjúkrahúsið og fékk í skaðabætur rúma hálfa milljón króna, sem hann segir algjörlega óviðunandi upphæð eftir að hafa verið frá vinnu í þrjú og hálft ár. Hyggur hann á áframhaldandi málarekstur um leið og kostur gefst. „Þetta er röð mistaka þar sem allt fer úrskeiðis sem hugsast getur," segir hann. „Maður heldur að maður sé tryggður í bak og fyrir en kerfið virðist ganga út frá því að þú sért bara blankur og getir ekki sótt rétt þinn."

Tímann á sjúkrahúsinu notaði hann til að semja lögin á plötuna og er hún tileinkuð fólkinu sem hann kynntist þar. „Mér fannst gaman að geta efnt það loforð að gefa þetta út vegna þess að megnið af þessu var samið inni á Borgarspítalanum," segir hann og viðurkennir að tónlistin hafi hjálpað sér mjög í gegnum þessa miklu erfiðleika. „Ég myndi segja að það hafi bjargað heilmiklu hjá mér á spítalanum svo að ég yrði ekki geðveikur."

Elías gaf síðast út plötuna N ekki hvað? árið 2004, rétt áður en hann var lagður inn. Hann hefur einnig verið meðlimur í hljómsveitinni Ennisrakaðir skötuselir frá Vestmannaeyjum sem gaf í lok níunda áratugarins út samnefnda plötu og árið 2003 Skást of. Hann ætlar ekki að láta nýju plötuna duga til að segja sögu sína heldur ætlar hann að gefa út aðra á ensku sem mun heita Before I Leave the Planet. Söngleikur sem byggir á lífreynslu hans er einnig í bígerð.

**freyr@frettabladid.is**



**ELÍAS B. BJARNHÉÐINSSON** Hefur gefið út plötu til að vekja athygli á þrautagöngu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

OPIÐ HÚS Í FB

Fimmtudaginn 11. mars klukkan 17:00-19:00

BÓKNÁM, LISTNÁM, IÐNNÁM/STARFSRÉTTINDANÁM

BÓKNÁM TIL STÚDENTSPRÓFS
- Félagsfræðabraut
- Málabraut
- Náttúrufræðibraut
- Viðskipta- og hagfræðibraut
- Þriggja ára náttúrufræðibraut

LISTNÁMSBRAUTIR
- Myndlistarkjörsvið
- Textíl- og handmenntakjörsvið

IÐNNÁM
- Húsasmiðabraut
- Rafvirkjabraut
- Snyrtibraut

STARFSRÉTTINDANÁM
- Sjúkraliðabraut
- Sjúkraliðabrúin

EINS TIL TVEGGJA ÁRA STARFSNÁM
- Grunnnám rafiðna
- Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina
- Handíðabraut
- Íþróttabraut
- Viðskiptabraut

- Almenn námsbraut
- Innflytjendabraut
- Starfsbraut

Með viðbótarnámi er hægt að ljúka stúdentsprófi af flestum brautum.

Öflugt félagslíf, góð aðstaða, þráðlaust netkerfi, góðir kennarar

AUSTURBERGI 5, 111 REYKJAVÍK • SÍMI 570 5600 • FAX 567 0389 • FB@FB.I • WWW.FB.IS




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Helena var valin best

Helena Sverrisdóttir hefur verið valin besti leikmaður Mountain West-deildarinnar í bandaríska háskólakörfuboltanum og komst auk þess í lið ársins annað árið í röð. Helena er aðeins þriðji leikmaðurinn í sögu TCU sem er kosinn leikmaður ársins en hún átti frábært tímabil sem leiðtogi besta liðs deildarinnar en hún var eini leikmaðurinn í Mountain West-deildinni sem komst inn á topp fimmtán í fjórum tölfræðiþáttum. Helena var númer tvö í stoðsendingum (5,3 í leik), númer þrjú í stolnum boltum (2,3), númer sex í fráköstum (6,6) og númer níu í stigaskorun (13,6).



**sport**
sport@frettabladid.is

BJARKI GUNNLAUGSSON: HEFUR ENN EKKI TEKIÐ FÓTBOLTASKÓNA AF HILLUNNI EN TELUR LÍKLEGT AÐ ÞAÐ GERIST

# *Það er erfitt að slíta eineggja tvíbura í sundur*



„Það styttist í að mann fari að kitla í tærnar fyrst snjórinn er farinn,“ segir Bjarki Gunnlaugsson sem segir alls ekki ólíklegt að hann verði í eldlínunni í Pepsi-deildinni í sumar.

„Maður sér til hvort og hvenær greddan kemur aftur. Miðað við fyrri ár eru meiri líkur en minni á að hún komi. Það er best að sleppa öllum yfirlýsingum, ég byrjaði á þeim 2002 og nú er komið 2010,“ segir Bjarki.

„Fótboltinn hefur verið stór hluti af manni öll þessi ár svo það er erfitt að slíta sig frá þessu. Ég fer ekkert í þetta samt nema það sé 100 prósenta hugur á bak við það og skrokkurinn líka. Þetta er krefjandi.“

Bjarki segist vera í fínu standi, hafi mætt á eina og eina æfingu og æfi þar að auki sjálfur aukalega. Arnar bróðir hans gekk til liðs við nýliða Hauka snemma vetrar þar sem hann er spilandi aðstoðarþjálfari. Bjarki segir að Arnar hafi alveg þrýst aðeins á sig að koma í Hafnarfjörðinn.

„Hann gerir það. Það er erfitt að slíta eineggja tvíbura í sundur. Það eru samt engar viðræður í gangi við neitt lið, við sjáum bara hvort greddan komi eða ekki. Arnar er búinn að vera flottur hjá Haukum, hann er duglegur kallinn,“ segir Bjarki sem mætti á eina æfingu hjá Breiðabliki fyrir nokkrum vikum. Hann er greinilega hrifinn af Ólafi Kristjánssyni, þjálfara Blika.

„Ég hafði mjög gaman af þessari æfingu. Þetta eru hörkustrákar og svo er mjög góður þjálfari þarna líka. Það eru ekki margir þjálfarar á Íslandi í dag sem eru með svona fótboltalega hugsun og pælingar. Hitt er ekkert mál, að stilla upp í varnarbolta og spila.“

Bjarki segir það ekki koma til greina að spila utan efstu deildar ef hann ákveður að taka slaginn í sumar. „Maður er alltaf með einhverjar grillur í hausnum að enda þetta eins og maður,“ segir Bjarki Gunnlaugsson.



**FRÁBÆRIR** Frakkar eru handhafar allra titla í handboltanum. MYND/DIENER

Frakkaleikirnir ekki í Egilshöll:

## Var alltof dýrt

**HANDBOLTI** Vináttulandsleikirnir við heims, Ólympíu- og Evrópumeistara Frakka í apríl fara ekki fram í Egilshöllinni þar sem kostnaður við flutning og leigu á áhorfendapöllum er alltof mikill.

„Kostnaðurinn við að leigja þessar stúkur er á milli ellefu og tólf milljónir. Hugmyndin er alls ekki slæm en stúkurnar þyrftu að vera til í landinu ef þetta ætti að geta gengið,“ segir segir Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ. **- óój**

David Beckham mætir aftur á Old Trafford í kvöld þegar AC Milan reynir að snúa við úrslitunum á Ítalíu:

# Ferguson er eins og ógnvænlegur faðir

**FÓTBOLTI** „Hann er ógnvænlegur maður, meint á jákvæðan hátt,“ segir David Beckham um Sir Alex Ferguson, stjóra Manchester United. Beckham leikur í kvöld sinn fyrsta leik á Old Trafford síðan hann var seldur til Real Madrid árið 2003.

Beckham hefur fyrirgefið Ferguson eftir atvikið fræga þegar sá gamli sparkaði í skó sem lenti rétt fyrir ofan auga hans. Sauma þurfti nokkur spor.

„Það verður gaman að hitta hann aftur. Hann hefur verið mikill áhrifavaldur í lífi mínu og hann var mér sem faðir þegar ég var hjá Man United. Ég verð alltaf þakklátur fyrir það,“ sagði Beckham sem er nú í herbúðum AC Milan á lánssamningi frá LA Galaxy.

Beckham og félagar eiga erfitt verkefni fyrir höndum að reyna að komast í átta liða úrslit Meistaradeildarinnar enda unnu Englandsmeistararnir fyrri leikinn á Ítalíu 3-2. „Það er mjög erfitt að sækja sigur á Old Trafford en ég er í fótboltanum til að takast á við áskoranir. Ég vona svo sannarlega að ég fái tækifæri í þessum leik,“ sagði Beckham sem var í byrjunarliðinu í fyrri leiknum.

Wayne Rooney æfði með United í gær og verður með í kvöld en hann hefur átt við smávægileg meiðsli að stríða. Ryan Giggs hefur enn ekki jafnað sig á meiðslum og þá verður Michael Carrick ekki með vegna leikbanns. United hefur aldrei dottið út eftir að hafa unnið fyrri leikinn á útivelli í Evrópukeppni.

Hinn leikur kvöldsins í Meistaradeildinni er ekki síður athyglisverður. Lyon heimsækir Real Madrid eftir að hafa unnið fyrri leikinn 1-0. „Við skoruðum ekki í fyrri leiknum en nú erum við á heimavelli. Við munum leggja okkur alla fram frá fyrstu mínútu til síðustu og sýna þeim hverjir ráða ferðinni,“ sagði Cristiano Ronaldo sem er bjartsýnn fyrir leikinn.

„Ég vonast eftir góðum stuðningi áhorfenda. Þeir voru frábærir gegn Sevilla og verða vonandi ekki síðri í þessum leik. Lyon er með líkamlega sterkt lið og þetta verður alls ekki auðvelt,“ sagði Ronaldo. Þess má til gamans geta að Real Madrid hefur unnið alla heimaleiki sína í spænsku deildinni í vetur. **- egm**



**FAÐIR OG SONUR** David Beckham og Sir Alex Ferguson hittast aftur í kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY

1.780.0



BRUNAÐU Á
Á MILLJÓNIR

Fiton/SÍA

# Bendtner launaði traustið

Nicklas Bendtner skoraði þrennu fyrir Arsenal sem komst í átta liða úrslit Meistaradeildarinnar. Bayern München komst áfram á útivallarmörkum.

**FÓTBOLTI** Danski sóknarmaðurinn Nicklas Bendtner klúðraði dauðafærum eins og enginn væri morgundagurinn í deildarleik Arsenal gegn Burnley um síðustu helgi. Hann var samt sem áður í byrjunarliðinu í gær þegar Arsenal tók á móti Porto í síðari viðureign liðanna í sextán liða úrslitum Meistaradeildarinnar.

Það hló enginn að Bendtner í gær, hann launaði stjóra sínum svo sannarlega traustið og skoraði þrennu í leiknum.

Fyrri leikurinn endaði með 2-1 sigri Porto og því ljóst að Arsenal þurfti að sækja. Það gerði liðið svo sannarlega og hóf leikinn gríðarlega vel með sínum margrómaða stórskemmtilega sóknarleik. Bendtner braut ísinn strax á tíundu mínútu og kom heimamönnum verðskuldað yfir.

Andrei Arshavin átti reyndar að vera dæmdur rangstæður í aðdraganda marksins en flaggið fór ekki á loft.

Arsenal lét kné fylgja kviði og Bendtner bætti við öðru marki á 25. mínútu eftir rússneska rispu frá Arshavin. Enska liðið var mjög óheppið að ná ekki að bæta við þriðja markinu fyrir hálfleik. Miðja Portúgalanna réði ekkert við hraða þeirra rauðklæddu sem gerðu út um leikinn með tveimur mörkum með stuttu millibili í seinni hálfleik. Samir Nasri skoraði fallegt mark sem hann átti sjálfur með húð og hári og varamaðurinn Emmanuel Eboue kom Arsenal í 4-0 eftir skyndisókn.

Bendtner innsiglaði svo þrennu sína með marki úr vítaspyrnu í uppbótartíma og Arsenal flaug áfram í átta liða úrslitin með þessum glæsilega stórsigri.

Ítalska liðið Fiorentina var í sömu stöðu og Arsenal fyrir seinni leik sinn. Liðið fékk Bayern München í heimsókn eftir að þýska liðið hafði unnið fyrri leikinn 2-1 í Þýskalandi. Þegar tæpur hálftími var liðinn af leiknum komst Fiorentina yfir með marki Juan Vargas.

Hans-Jörg Butt í marki Bayern hefði átt að gera betur. Hann hélt ekki boltanum eftir skot og vængmaðurinn frá Perú refsaði honum fyrir það.

Í seinni hálfleik kom markaregn. Svartfellingurinn Stevan Jovetic bætti við marki fyrir Fiorentina en Mark van Bommel svaraði strax með hnitmiðuðu skoti og staðan í einvíginu orðin hnífjöfn. Jovetic skoraði þá aftur og heimamenn komnir í 3-1.

Þá var komið að Hollendingnum Arjen Robben sem skoraði stórfallegt mark meðan áhorfendur voru enn að fagna markinu á undan. Fiorentina vann leikinn 3-2 en samanlögð úrslit 4-4 og Þjóðverjarnir fögnuðu í leikslok enda komust þeir áfram á fleiri útivallarmörkum.

elvargeir@frettabladid.is




**SKÚRKURINN VARÐ HETJA** Nicklas Bendtner fór illa með mörg dauðafæri um síðustu helgi en bætti fyrir það með þrennu í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

## ÚRSLIT Í GÆR

### Meistaradeildin í fótbolta

**Arsenal-Porto 5-0**
1-0 Nicklas Bendtner (10.), 2-0 Nicklas Bendtner (25.), 3-0 Samir Nasri (63.) 3-0 Emmanuel Eboue (66), 4-0 Nicklas Bendtner (víti 91.)
Arsenal vann samanlagt 6-2.

**Fiorentina-Bayern Munchen 3-2**
1-0 Juan Vargas (28.), 2-0 Stevan Jovetic (54.), 2-1 Mark van Bommel (60.), 3-1 Stevan Jovetic (64.) 3-2 Arjen Robben (65.)
Bayern fer áfram á fleiri útivallarmörkum.

### Enska úrvalsdeildin

**Sunderland-Bolton 4-0**
1-0 Fraizer Campbell (1.), 2-0 Darren Bent (64.), 3-0 Darren Bent (víti 74.), 4-0 Darren Bent (88.)
Grétar Rafn Steinsson byrjaði hjá Bolton.

**Portsmouth-Birmingham 1-2**
0-1 Cameron Jerome (16.), 0-2 Cameron Jerome(42.), 1-2 Kanu (90.)
Hermann Hreiðarsson byrjaði hjá Portsmouth.

### N1 deild kvenna í handbolta

**Fram-Fylkir 31-26 (17-10)**
Mörk Fram: Ásta Birna Gunnarsdóttir 6, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 6, Stella Sigurðardóttir 4, Pavla Nevarilova 4, Anna Guðmundsdóttir 3, Anna Friðriksdóttir 3, Hildur Þorgeirsdóttir 3, Guðrún Hálfdánsdóttir 1, Marthe Sördal 1.

Mörk Fylkis: Sunna Jónsdóttir 12, Sunna María Einarsdóttir 4, Anna Sif Gunnarsdóttir 3, Sigríður Hauksdóttir 2, Ela Koval 1, Hanna Sigurjónsdóttir 1, Elín Jónsdóttir 1, Laufey Guðmundsdóttir 1, Guðrún Ósk Maríasdóttir 1.

Leiknum var flýtt vegna þátttöku Fram í Evrópukeppni kvenna.

Knattspyrnuskóli Bobby Charlton
Sá vinsælasti á Íslandi í 16 ár
**Lækkað verð** vegna styrkjandi gengis ISK
**Verð aðeins kr. 199.900***
**fyrir 11 daga (10 nátta) ferð**
*Verð miðað við fargjald, flugv.skatta og gengi GBP 8. mars 2010
Tilvalin fermingargjöf!
it ferðir
Mörkin 3, 108 Reykjavík
sími 588 9900
fyrirspurn@itferdir.is
www.itferdir.is

150.000.000
+1.630.000.000
00.000
Fyrsti vinningur stefnir í 150 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 1.630 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**
VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 10. MARS 2010
A. 12 14 17 21 41 48
B. 05 16 23 36 37 38
C. 07 09 13 22 34 38
D. 03 06 19 24 25 31
E. 11 19 21 25 38 42
F. 01 25 35 36 39 46
G. 18 19 20 23 28 46
H. 22 27 29 39 40 42



> **Justin Timberlake**

„Ég verð miklu taugatrekktari þegar ég spila golf fyrir framan 500 manns en þegar ég stíg á svið fyrir framan 20.000 manns.“

***Söng- og poppstjarnan Timberlake fer með eitt aðalhlutverkanna í myndinni Edison sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld kl. 22.00.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SLEKKUR Á VIÐTÆKJUM

## *Skemmtun og leiðindi takast á*

Þeir segja það hendi að stjórnmálastéttin kalli stundum til snyrtisérfræðinga sem takast á við stirðlega framkomu, smekkleysi eða daufa litasamsetningu í klæðavali. Líka sitji við stalla þeirra stjórnmálamanna ráðgjafar sem hvísli að þeim hollráðum hvernig skuli matreiða málin ofan í ótíndan pöpulinn. Sumir þeirra þurfa reyndar ekki á slíkum ráðum að halda – tala það sem kallað er mannamál – aðrir eru hnepptir í slíka málfjötra að þeir kunna ekki almennilega að opna munninn en tuldra sífellt oní bringuna. Við nefnum engin nöfn.

Nú um stundir sækir að öllum þorra fólks mikið angur, reiðin er yfirstaðin og vonleysið sækir hart að múgamönnum. Stjórnmálamönnunum gengur misjafnlega að finna réttar stellingar í þessum þrengingum. Þeir eru úr takti, sumir þeirra æsast mikið upp og hafa náð ágætum árangri í hreinræktuðu heimaspunnu skrumi og fá jafnvel átölur frá erlendum leiðarahöfundum fyrir ábyrgðarleysið, svo gegnsætt er kjaftæðið að jafnvel útlendingar sjá í gegnum það þótt stór hluti þjóðarinnar láti glepjast.

Allir eru orðnir lúnir í þessu kífi og þá er að grípa til gamals ráðs: hætta að hlusta. En leiðindunum linnir ekki við það að svissað sé milli rása og morgunleikfimi eða Ívar Guðmundsson taki við af alvarlegri umræðu og fréttum. En í því felst aðeins skemmtun, afþreying skamma stund. Þá er ekki annað eftir en að óska þess í hljóði og hátt biðjandi: reynið nú greyin mín að koma samtali en ekki skætingi á framfæri svo það verði líðandi að heyra ykkur eða sjá á ykkur smettin.

Nú má telja það stjórnmálamönnunum til bóta að þeir eru útkeyrðir, það stórsér á þeim sem eldri eru, en kjósi menn að gera gagn en ekki skaða ber þeim að vinna saman að lausnum okkur öllum til góða.



**VIÐTÆKJASETA** Ívar reynir alltaf að vera hress.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **19.30 Man. Utd. – Milan, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.15 Réttur** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.05 Kiljan** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.05 Britain's Next Top Model** SKJÁREINN



▶ **21.50 Ghost Whisperer** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Meistaradeildin í hestaíþróttum 2010** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Einu sinni var... - Maðurinn** (21:26) (e)

**18.00 Disneystundin** Fínni kostur, Sígildar teiknimyndir og Finnbogi og Felix (8:26)

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.20 Bráðavaktin** (ER XV) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Þetta er lokasyrpan og við sögu koma þekktar persónur frá fyrri árum.

▶**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.15 Með þér og án þín** (With and Without You) Verðlaunuð kanadísk heimildarmynd. Árið 2003 fóru kanadísk hjón með börn sín þrjú í langa heimsreisu og ætluðu að gera heimildarmynd um ferðalagið. Eftir heimkomuna fyrirfór fjölskyldufaðirinn sér og í þessari mynd veltir ekkja hans fyrir sér ástæðum þess að fólk styttir sér aldur.

**23.50 Kastljós** (e)

**00.30 Dagskrárlok**

**01.00 Fréttir**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 She's the One**

**10.00 You Only Live Twice**

**12.00 Pokemon 6**

**14.00 She's the One**

**16.00 You Only Live Twice**

**18.00 Pokemon 6**

**20.00 The Hoax**

**22.00 Edison** Spennumynd um ungan og óreyndan blaðamann sem grunar lögregluna í bænum Edison um spillingu. Aðalhlutverk: Morgan Freeman, Kevin Spacey og Justin Timberlake.

**00.00 Miller's Crossing**

**02.00 The Prophecy 3**

**04.00 Edison**

**06.00 Ask the Dust**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Litla risaeðlan, Ruff's Patch, Nornafélagið og Ævintýri Juniper Lee.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Auddi og Sveppi**

**11.00 Lois and Clark. The New Adventure** (3:21)

**11.45 Gilmore Girls** (9:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Ally McBeal** (21:23)

**13.45 Sisters** (22:28)

**14.35 E.R.** (11:22)

**15.20 Njósnaskólinn**

**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ævintýri Juniper Lee, Nornafélagið og Ruff's Patch.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (9:23)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Two and a Half Men** (5:19) Fimmta sería vinsæls gamanþáttar um bræðurna Charlie og Alan Harper.

**19.45 How I Met Your Mother** (1:22) Marshall er enn í sárum eftir Lily og vinir hans reyna að koma honum til hjálpar.

**20.10 Project Runway**

**21.00 Grey's Anatomy** (12:24)

▶**21.50 Ghost Whisperer** (7:23) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon.

**22.35 Tell Me You Love Me** (9:10) Djarfir þættir um þrjú pör sem eiga það sameiginlegt að leita öll til hjúskapar- og kynlífsráðgjafans, Dr. May Foster.

**23.25 The Closer** (10:15)

**00.10 E.R.** (11:22)

**00.55 Sjáðu**

**01.25 A Sound of Thunder**

**03.05 Grey's Anatomy** (12:24)

**03.50 Ghost Whisperer** (7:23)

**04.35 Two and a Half Men** (5:19)

**05.00 The Simpsons** (9:23)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaramörk** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.

**07.25 Meistaramörk**

**07.50 Meistaramörk**

**08.15 Meistaramörk**

**08.40 Meistaramörk**

**16.55 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.

**18.35 Meistaramörk**

**19.00 Upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.

▶**19.30 Man. Utd. - Milan** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

**21.40 Meistaramörk**

**22.05 Real Madrid - Lyon** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

**23.55 Man. Utd. - Milan** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

**01.35 Meistaramörk**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Portsmouth - Birmingham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**15.25 Sunderland - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.05 Arsenal - Burnley** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.45 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

**19.40 Burnley - Stoke** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**21.45 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni.

**22.15 Portsmouth - Birmingham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**23.55 Burnley - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**16.15 7th Heaven** (16:22)

**17.00 Dr. Phil**

**17.45 Innlit/ útlit** (7:10) (e)

**18.15 Nýtt útlit** (2:11) (e)

**19.05 America's Funniest Home Videos** (31:50) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot.

**19.30 Fréttir**

**19.45 Vitundarvika** (3:5) Skjár Einn leggur sitt af mörkum til að vekja til vitundar um mikilvægi verslunar og þjónustu á Íslandi. Yfirskrift þessa þáttar er: Drottinn blessi heimilið.

**20.15 Spjallið með Sölva** (4:14) Viðtalsþáttur í beinni útsendingu þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti.

▶**21.05 Britain's Next Top Model** (7:13) Fyrra verkefni vikunnar er myndataka fyrir auglýsingaherferð fyrir skó og tvær bestu myndirnar verða í búðargluggum um allt Bretland. Í aðalmyndatöku vikunnar eru stúlkurnar látnar kafa í stórum vatnstanki fullklæddar.

**21.55 The L Word** (7:12) Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angeles. Allt er í hers höndum við gerð myndarinnar þegar leikkonunum lendir saman.

**22.45 Jay Leno** Aðalgestur Jay Leno í þætti kvöldsins er Matthew McConaughey.

**23.30 CSI. Miami** (18:25) (e)

**00.20 Fréttir** (e)

**00.35 Vitundarvika** (3:5) (e)

**01.05 Premier League Poker** (9:15) (e)

**02.45 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Kokkalíf** Landsliðskokkarnir leika listir sínar. Gestgjafi er Fritz Már.

**20.30 Heim og saman** Þórunn Högnadóttir kemur ótrúlegustu hlutum heim og saman.

**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson og hópur markaðssérfræðinga brjóta kynningar og auglýsingamál til mergjar.

**21.30 Björn Bjarna** Björn ræðir við Ólöfu Nordal um úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar og stöðu ríkisstjórnarinnar.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.00**

**Grey's Anatomy**



Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle. Þar starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar en flókið einkalíf þeirra á það til að gera starfið enn þá erfiðara. Í þættinum í kvöld: Izzy er væntanleg aftur til Seattle til að laga samband sitt við Alex og nú er það stóra spurningin hvernig hann muni bregðast við.

## VIÐ MÆLUM MEÐ Project Runway

**Stöð 2 kl. 20.10**

Ofurfyrirsætan Heidi Klum og tískugúrúinn Tim Gunn stjórna tískuhönnunarkeppni þar sem upprennandi fatahönnuðir takast á við fjölbreyttar áskoranir. Í hverjum þætti fellur einn úr leik svo að lokum stendur einn uppi sem sigurvegari.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Orð skulu standa
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Brúin á Drinu
**15.25** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Að yrkja á öðru máli
**21.10** Út um græna grundu
**22.10** Lestur Passíusálma
**22.17** Bak við stjörnurnar
**23.10** Í kaffi með séra Matthíasi
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**16.40 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**17.25 Falcon Crest** (6:18) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.

**18.15 Seinfeld** (10:24) Elaine gefur óvart upp rangt símanúmer á afsláttarmiða fyrir samloku og Kramer kemst að því að verkfallinu sem hófst fyrir tólf árum, þegar hann vann í sjoppu, er lokið og hann ákveður að snúa aftur til vinnu.

**18.40 The Doctors**

**19.25 Falcon Crest** (6:18)

▶**20.15 Réttur** (4:6) Leikin íslensk spennuþáttaröð sem gerist í heimi lagaflækja og glæpa. Söguhetjurnar eru þrír lögmenn sem starfa á lögmannsstofunni Lög og rétt-ur og er Logi Traustason þar fremstur meðal jafningja.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Modern Family** (6:24) Gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þeirra liggja saman og þær lenda í drepfyndnum aðstæðum.

**22.15 Bones** (5:22) Fimmta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance „Bones" Brennan, réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.

**23.00 Dirty Tricks** Barry og Stuart eru breskir töframenn sem eru þekktir fyrir óhugnaleg brögð og sjónhverfingar sem oftar en ekki fara fyrir brjóstið á áhorfandanum.

**23.45 Seinfeld** (10:24)

**00.10 Fréttir Stöðvar 2**

## BBC entertainment

**11.30** Robin Hood **12.15** The Green Green Grass **12.45** The Green Green Grass **13.15** Primeval **14.05** Dalziel and Pascoe **14.55** Dalziel and Pascoe **15.45** Absolutely Fabulous **16.15** Extras **16.45** Never Better **17.15** EastEnders **17.45** The Weakest Link **18.30** My Hero **19.00** Benidorm **19.25** The Inspector Lynley Mysteries **20.10** Holby Blue **21.00** Benidorm **21.25** Little Britain **21.55** Robin Hood **22.40** The Green Green Grass **23.10** The Green Green Grass **23.40** Holby Blue

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Seinfeld **12.50** Rygepauser **13.00** Ha' det godt **13.30** Kender du typen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Dragejægerne **15.55** Chiro **16.05** Tagkammerater **16.15** Den fortryllede karrusel **16.30** Hulter til bulter - med Louise og Sebastian **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** Miraklet på Mount Everest **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Mord på hjernen **22.35** Onsdags Lotto **22.40** OBS **22.45** Livvagterne **23.45** Boogie Mix

## NRK 1

**10.10** V-cup alpint **11.30** Billedbrev fra Latin-Amerika **11.40** Frilandshagen **12.10** Urix **12.30** Mat med Anne **13.00** Mesternes mester **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Herskapelige gjensyn **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Forkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** FBI **19.15** Folk. Sledemakeren **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** House **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** Mesternes mester **23.45** Topp ti - Melodi Grand Prix

## SVT 1

**12.05** Landet runt **12.55** Citronträd och motorolja **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** AnneMat **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Andra Avenyn **20.45** Trapper happy tv **21.00** True Blood **21.55** X-Games **22.40** Skavlan **23.40** Sissela och dödssynderna


HOSTELLING INTERNATIONAL

Fyrirtæki – skólar – vinahópar

# Þórsmörk









## Er hópurinn að huga að vorferð?

Komið í Húsadal og upplifið þessa náttúruperlu í aðeins 150 km fjarlægð frá Reykjavík. Þórsmörk er ævintýraland náttúruunnenda með endalausum möguleikum á gönguleiðum og útiveru þar sem jöklar, ár, fjöll og gróður kallast á í mögnuðu landslagi.

**Fjölbreytt gisting**

Í Húsadal er fjölbreytt aðstaða fyrir einstaklinga og hópa til styttri eða lengri dvalar. Boðið er upp á gistingu í tveggja manna herbergjum, smáhýsum og skálum.

**Frábær aðstaða**

Í glæsilegum funda- og veitingasal eru sæti fyrir um 100 manns, hvort sem um er að ræða fundi, ráðstefnur eða veisluhöld. Við getum boðið upp á fulla þjónustu í mat og drykk fyrir hópa. Auk þess eru gufubað og sturtur á staðnum og hvað er betra eftir hressandi gönguferð en að skella sér í gufu?

Útbúum pakka fyrir hópa með gönguferðum, flúðasiglingum, kvöldvökum, grillveislum o.fl.
Hafið samband eða farið á vefsíðu okkar www.thorsmork.is til þess að fá frekari upplýsingar.

Sjáumst í Mörkinni!

**Farfuglar** | Borgartúni 6 | 105 Reykjavík | Sími 552 8300 | thorsmork@thorsmork.is | www.thorsmork.is

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er Saffran, ekki spurning. Ég var þar í vikunni og fæ mér alltaf það sama, African Pizza, með spelt-botni og tómötum. Hún er algjört æði.“*

Helga Möller, tónlistarkona.

# Hera Björk í rope yoga fyrir Eurovision

Hera Björk Þórhallsdóttir, sem mun hafa þjóðina á herðum sér í Ósló þegar Eurovision verður haldin þar í lok maí, eyðir ekki tíma sínum í ræktinni þessa dagana. „Nei, ég fæ mína hreyfingu þegar ég hleyp á milli funda. Ég er hins vegar mikið að spá í andlega þáttinn enda er það mikið ábyrgðarverk að vinna keppnina og hafa það á samviskunni að þurfa að skipuleggja Eurovision hér á landi að ári,“ segir Hera sem fetar því í fótspor sjálfs Ofurmennisins, Brandons Routh, og leggur stund á rope yoga hjá Guðna Gunnarssyni, rope-yoga-meistara.

Nóg er fram undan hjá Heru en hún og Örlygur Smári eru nú að fínpússa lagið enda þurfa kynningarbæklingar keppenda og slagarinn Je Ne Sais Quoi að vera komnir út til skipuleggjanda keppninnar í næstu viku. Hera ákvað fyrir skömmu að taka farsímanúmerið sitt úr símaskránni. „Já, ég var farin að fá alls konar sms á alls konar tímum og hafði einfaldlega ekki tíma til að svara þeim öllum. Þetta gefur mér smá ró og næði,“ segir Hera.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort ráðist verði í gerð sérstaks myndbands eins og hefð hefur verið fyrir hjá Eurovision-förum undanfarin ár. „Við ætlum að taka þá ákvörðun eftir 20. mars. Auðvitað væri það frábært ef við gætum gert slíkt en þetta er líka alltaf spurning um peninga,“ segir Hera en eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir stuttu fá þau Hera og Örlygur Smári sex milljónir króna í styrk til að standa straum af öllu því sem viðkemur Eurovision.

\- fgg



**HERA Í OFURMENNISÞJÁLFUN** Hera Björk leggur stund á rope yoga hjá Guðna Gunnarssyni fyrir Eurovision-keppnina í Ósló. Sama og Brandon Routh gerði fyrir Ofurmennis-myndina.



**LÁRÉTT**
**2.** teikning af ferli, **6.** ógrynni, **8.** fiskur, **9.** flan, **11.** kusk, **12.** spergill, **14.** bóla, **16.** samtök, **17.** tæki, **18.** þangað til, **20.** ullarflóki, **21.** köttur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** áræða, **3.** slá, **4.** heilmikill, **5.** skordýr, **7.** fuglategund, **10.** forsögn, **13.** sigað, **15.** vingjarnleiki, **16.** í viðbót, **19.** vörumerki.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** graf, **6.** of, **8.** áll, **9.** ras, **11.** ló, **12.** aspas, **14.** hátta, **16.** aa, **17.** tól, **18.** uns, **20.** rú, **21.** kisi.
**LÓÐRÉTT: 1.** þora, **3.** rá, **4.** allstór, **5.** fló, **7.** fashani, **10.** spá, **13.** att, **15.** alúð, **16.** auk, **19.** ss.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Þeir hlutu fimm ára fangelsisdóm hver.
2. Selma hyggst flytja til Bristol með fjölskylduna.
3. Staðan er 2-2, úrslitaviðureignin er í kvöld.






ARNAR GEIR ÓMARSSON: ÞETTA HEFUR VERIÐ AÐ HÁ MÉR SVOLÍTIÐ

# Tekur sér hlé frá rokkinu vegna gigtarvandamála

„Maður er búinn að reyna að spara sig svolítið,“ segir Arnar Geir Ómarsson, einn færasti trommari landsins sem hefur lamið húðir með hljómsveitum á borð við Ham, Egó og Apparati Organ Quartet við góðan orðstír.

Hann hefur þurft að minnka við sig í trommuleik að undanförnu vegna psoriasis-gigtar. „Ég er í stúdíóinu núna að taka upp Apparat-plötu en maður verður að velja svolítið og hafna,“ segir Arnar Geir, sem hefur glímt við gigtina síðastliðin tíu ár. En það er fyrst núna sem hann hefur ákveðið að gera eitthvað í sínum málum. „Þetta hefur verið að há mér svolítið og ég hef minnkað harðari músík. Gamlar þungarokkssveitir reyna meira á heldur en nýrri,“ segir hann og staðfestir að hann hafi farið á meðferð við kvilla sínum og sé á batavegi.

Arnar þarf ekki að hafa áhyggjur af trommuleik með Egó um þessar mundir því sú sveit er komin í pásu en Ham er aftur á móti að undirbúa nýja plötu og þar verður væntanlega rokkað feitt, sem eru ekki góð tíðindi fyrir hann akkúrat í dag. „Ég er aðeins að reyna að salta það sökum líkamlegra kvilla,“ segir hann en stefnir á að tromma inn á plötuna með vorinu þegar hann hefur náð góðum bata. Þangað til ætla aðrir sveitarmeðlimir að æfa sig eins vel og kostur gefst.

Arnar viðurkennir að eiga erfitt með að halda aftur af sér enda hefur trommuleikurinn átt hug hans allan undanfarin ár. „Þetta fer ekki alveg saman því þetta er svo skemmtilegt en þegar þetta veldur svona miklum sársauka þá getur þetta verið erfitt.“



**ARNAR GEIR ÓMARSSON** Trommarinn knái hefur minnkað við sig í vinnu vegna gigtarvandamála sem hafa hrjáð hann í áratug. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### PSORIASIS-GIGT

Psoriasis-gigt lýsir sér með bólgnum liðum í fingrum og öxlum. Talið er að um 10 til 30% þeirra sem greinast með psoriasis fái þessa tegund gigtar.

Hann varð fyrst frægur fyrir höggþungan trommuleik sinn með rokksveitinni Ham með þá Sigurjón Kjartansson og Óttarr Proppé í fararbroddi. Því næst spilaði hann með Apparati á fyrstu og einu plötu þeirrar sveitar til þessa, sem er í miklum metum hjá fjölda tónlistaráhugamanna. Á síðasta ári trommaði Arnar síðan með Egó á endurkomuplötu sveitarinnar. Aðrar sveitir sem hann hefur spilað með eru Stríð og friður, Rass og Funkstrasse.

Meðfram trommuleiknum hefur Arnar starfað sem grafískur hönnuður og þarf hann því ekki að hafa áhyggjur af tekjuskorti þrátt fyrir að rokkkjuðarnir hafi verið settir á hilluna í bili.

freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Hugleikur Dagsson** sendi frá sér bókina Íslensk dægurlög fyrir síðustu jól. Bókin innihélt teikningar hans við fjölmörg þekkt lög og þótti vel heppnuð. Í kjölfarið byrjaði hann að teikna myndir við erlenda smelli, en sú bók fékk vinnutitilinn Popular Hits. Nú hefur Hugleikur smellt nokkrum af þessum myndum á boli sem verða meðal annars til sölu í versluninni Havarí. Á meðal laga sem hann myndskreytti eru Norwegian Wood, Personal Jesus og Sympathy for the Devil og geta lesendur gert sér í hugarlund hvernig myndirnar eru.

Skemmtistaðurinn Sódóma heldur upp á eins árs afmæli sitt á föstudagskvöldið með ókeypis tónleikum tólf hljómsveita. Það vakti athygli þegar staðurinn opnaði að myndum af útrásarvíkingum var komið fyrir í pissuskálunum. Nú ári síðar virðist sem „vinsælustu“ skotmörkin séu Hannes Smárason og **Finnur Ingólfsson**, að minnsta kosti er mesta kalkmyndunin á andlitum þeirra. Á Sódómu bíða menn nú eftir rannsóknarskýrslunni og telja ekki útilokað að boðið verði upp á fleiri útrásarvíkingatengda afþreyingarmöguleika í kjölfar birtingar hennar.



**Unnur Birna Vilhjálmsdóttir** er farin af landi brott og mun ekki snúa aftur næstu sex mánuði. Eins og Fréttablaðið greindi frá verður Unnur í Shanghai þar sem hún mun sjá um viðburðastjórnun og almannatengsl íslenska skálans á heimssýningunni sem hefst í maí. Unnur hefur komið sér fyrir á hóteli í miðborginni og unir sér víst ákaflega vel.



\- afb, drg, fgg






# Græni hatturinn lifir áfram

„Græni hatturinn er ekki að fara að loka – hann er frekar að fara að sækja í sig veðrið,“ segir Sigmundur Rafn Einarsson, eigandi tónleikastaðarins Græna hattsins á Akureyri.

Í Fréttablaðinu í gær var haft eftir Hauki Tryggvasyni, sem rekur Græna hattinn, að framtíð staðarins væri óljós. Sigmundur Rafn vísar því á bug og segir til standa að stækka staðinn; opna nýjan bar inni í öðru rými, en að öðru leyti haldist reksturinn óbreyttur. „Þessi staður er alls ekki að hætta. Hann gengur vel,“ segir Sigmundur. „Græni hatturinn verður áfram lifandi tónlistarstaður. Viðbótin verður bar með inngangi frá göngugötunni og enn þá betri staður. Þannig að ég ætla að auka menningarlífið.“

Sigmundur býst við að breytingunum ljúki í maí og stefnir á að halda úti jafn öflugri tónleikadagskrá og verið hefur. 130 tónleikar voru haldnir á Græna hattinum á síðasta ári og staðurinn nýtur sífellt meiri vinsælda hjá ferðafólki. Hliðarstaðurinn sem verður opnaður í sama húsnæði verður opinn oftar en Græni hatturinn, sem hefur aðeins verið opinn þegar tónleikar eru í gangi. „Ég er búinn að eiga þetta húsnæði í mörg ár og hef haft þetta í deiglunni lengi,“ segir Sigmundur. „Maður er að framkvæma þetta núna, þó að það sé kreppa. Menn eru ánægðir með það.“

\- afb




**EKKI AÐ LOKA** Græni hatturinn tekur breytingum á næstunni, en verður samt áfram tónleikastaður.

ISUZU

# ER HÆGT

## AÐ GERA MEIRI KRÖFUR,

### 3JA TONNA DRÁTTARGETA, MINNI EYÐSLA OG FRAMÚRSKARANDI ENDING




B&L og IH áskilur sér rétt til verð- og búnaðarbreytinga án fyrirvara. Búnaður á mynd endurspeglar ekki verðlistaverð.

Isuzu D-Max hefur getið sér góðs orðs fyrir áreiðanleika, notagildi og lága eldsneytiseyðslu. Hann er búinn 3ja lítra dísilvél sem skilar 163 hestöflum við 3600 snúninga á mínútu. D-Max getur dregið allt að 3 tonnum.

D-Max er með Ellipsoid framljós sem gefa sterkari geisla, tvöfaldir SRS loftpúðar eru fyrir ökumann og farþega og ABS hemlar eru staðalbúnaður. Isuzu D-Max er búinn öflugu fjórhjóladrifi og með takka í mælaborði er fjórhjóladrifið tengt og aftengt. Eigum nokkra eftirársbíla eftir á lager.

## ISUZU D-MAX SJÁLFSKIPTUR

**aðeins: 3.690.000 kr.**



B&L og Ingvar Helgason - Sævarhöfða 2 - 110 Reykjavík
525 8000 - www.bl.is - www.ih.is

B&L

IH INGVAR HELGASON

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



vísir.is
"...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Samdráttur skjalfestur

Eins og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku þá sjást fyrstu merkin um samdrátt í íslenskri kvikmyndagerð á nýjum úthlutunarlista úr kvikmyndasjóði sem birtur var á vefsíðu Kvikmyndamiðstöðvar í vikunni. Á síðasta lista ársins 2009 fékk til að mynda 31 kvikmyndahandrit styrk en þau eru aðeins átta á nýjasta listanum, meðal annars handrit **Guðnýjar Halldórsdóttur**, Ertu sjúr á því. Tólf handrit að leiknum sjónvarpsþáttaröðum fengu styrk fyrir þremur mánuðum en ekkert núna í þessum flokki og aðeins eitt handrit að heimildarmynd en þau voru nítján á desemberlistanum í fyrra.



### Annar ekki eftirspurn

Guðmundur Andri Thorsson, ritstjóri TMM, hefur ástæðu til fagna því nýjasta tölublaðið seldist upp á dögunum. Óvanalegt er að fyrsta prentun TMM dugi ekki til að anna eftirspurn, en sölukippurinn helgast líklega af því að í heftinu birtist umtöluð grein eftir Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, fyrrverandi formann Samfylkingarinnar, um hrunið og ástæður þess. Önnur prentun nýjasta tölublaðs TMM er væntanleg innan skamms.





- fgg / - bs

## Mest lesið vísir.is

1. Íslendingar hafa vel efni á að borga Icesave
2. Ástarlíf blómstrar í fiskasafninu í Eyjum
3. Dældu eldsneyti frá varðskipi yfir í þyrlu - myndir
4. Verðlækkun á kókaíni og kannabisefnum
5. Skallaður á Lundanum





Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.



